



Húsakönnun Sauðárkróks

NORÐURHLUTI GAMLA BÆJAR

Eyrún Sævarsdóttir

Sigrún Fossberg Arnardóttir

Sólborg Una Pálsdóttir

Sólveig Olga Sigurðardóttir



2. útgáfa 29.12.2018

Unnið að beiðni Skipulagssviðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Höfundar: Eyrún Sævarsdóttir, Sigrún Fossberg Arnardóttir, Sólborg Una Pálsdóttir, Sólveig Olga Sigurðardóttir

Mynd á forsíðu: Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafni Skagfirðinga. Sauðárkrókur um 1904.

Afritun einstakra hluta skýrslunnar er leyfileg sé getið heimildar. Afritun heilla kafla eða skýrslunnar í heild með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan hátt er einungis heimil að fengnu skriflegu leyfi Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.

© Héraðsskjalasafn Skagfirðinga 2018. Öll réttindi áskilin

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1 Söguágrip.....	4
1.1 1871-1907.....	4
1.2 1907-1947.....	7
1.3 Tímabilið eftir 1947	10
2 Húsin í bænum.....	14
2.1 Byggingarefni.....	14
2.2 Aldursdreifing	14
2.3 Húsagerðir	16
2.3.1 Dansk-íslensk gerð.....	17
2.3.2 Sveitser	18
2.3.3 Lágris-gerð	19
2.3.4 Önnur timburhús.....	20
2.4 Steinsteyppt hús.....	21
2.4.1 Einföld steinsteypuhús	21
2.4.2 Funkjónalismi/Móðernismi	22
2.5 Varðveislugildi	24
2.6 Hönnuðir.....	25
2.7 Skúrar	26
Heimildir	28

Myndaskrá

Mynd 1. Yfirlitsmynd sem sýnir afmörkun skráningarsvæðis. Kort ofan á loftmynd, SOS.	3
Mynd 2. Þróun fjölda íbúa á Sauðárkróki 1889 til 1907. Tölur frá Hagstofu Íslands.	5
Mynd 3. Sauðárkrókur um 1893. Ljósmyndari Arnór Egilsson. Úr safni Héraðsskjalasafni Skagfirðinga.	6
Mynd 4. Sauðárkrókur um 1907. Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.	7
Mynd 5. Íbúafjöldi á Sauðárkróki 1907 til 1947. Tölur frá Hagstofu Íslands.	8
Mynd 6. Sauðárkrókur um 1911-1912. Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.	9
Mynd 7. Sauðárkrókur um 1911-1912. Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.	10
Mynd 8. Sauðárkrókur 1950-1960. Horft yfir Flæðarnar. Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga. .	11
Mynd 9. Íbúafjöldi á Sauðárkróki 1947 til 1990. Tölur frá Hagstofu Íslands.	11
Mynd 10. Íbúafjöldi í Skagafjarðarsýslu og Sauðárkróki 1911 til 1990. Tölur frá Hagstofu Íslands.	12
Mynd 11. Hverfi á Sauðárkróki. Kort SOS, 2018.	13
Mynd 12. Hlutfall byggingarefnis í skráðum húsum.	14
Mynd 13. Aldursdreifing húsa í samhengi við byggingarefni.	15
Mynd 14. Aldursdreifing húsa á skráningarsvæði. Kort, SOS, 2018.	16
Mynd 15. Lindargata 13, Aðalgata 17, Skógargata 7 og Skógargata 9. SFA, 2018.	18
Mynd 16. Lindargata 3, Aðalgata 16, Aðalgata 16c, Lindargata 9. SFA, 2018.	18
Mynd 17. Aðalgata 19, Lindargata 7, Aðalgata 13, Aðalgata 15. SFA, 2018.	18
Mynd 18. Aðalgata 23, Aðalgata 9, Skógargata 10b, Aðalgata 1. SFA, 2018.	19
Mynd 19. Sauðárkrókur frá tímabilinu 1908-1913. Hús lágris-gerðar merkt hvítum kassa. Úr safni HSk.	20
Mynd 20. Skógargata 11, Skógargata 5b, Aðalgata 21b, Aðalgata 2. SFA, 2018.	20
Mynd 21. Aðalgata 10 (Deild) upp úr 1913 og sama hús árið 2018 (SFA).	21
Mynd 22. Kambastígur 1, Kambastígur 8, Kambastígur 6 og Skógargata 14. SFA, 2018.	21
Mynd 23. Aðalgata 22b, Aðalgata 24A, Aðalgata 24 og Hlíðarstígur 2. SFA, 2018.	22
Mynd 24. Aðalgata 8, Skógargata 20, Kirkjutorg 3, Lindargata 5. SFA, 2018.	22
Mynd 25. Aðalgata 21 A, Brekkugata 1, Aðalgata 25, Aðalgata 7. SFA, 2018.	22
Mynd 26. Gamli bærinn - Norðurhluti Sauðárkróks. Húsagerðir. Kort, SOS, 2018.	23
Mynd 27. Hlutfall skráðra húsa á Sauðárkróki út frá varðveislugildi.	24
Mynd 28. Lindargata 13 (t.v.) og Aðalgata 2 (t.h.). Ljósmynd SFA, 2018.	24
Mynd 29. Varðveislugildi húsa. Gamli bærinn - norðurhluti Sauðárkróks. Kort, SOS, 2018.	25
Mynd 30. Útihúsa-skúr við Hlíðarstíg 2 (t.v.), við Skógargötu 13 (mið), og við Kambastíg 8 (t.h.). Ljós. SFA og ES, 2018.	27
Mynd 31. Skúr við Lindargötu 9 (t.v. og mið) og skúr við Freyjugötu 10b. Ljós. SFA og ES, 2018.	27

Inngangur

Húsaskrá þessi er unnin í tengslum við verkefnið „Verndarsvæði í byggð – gamli bærinn á Sauðárkróki“. Stuðst var við *Húsakönnun Sauðárkróks* sem Hörður Ágústsson gerði 1976-1977 og *Bæjar- og húsakönnun fyrir gamla bæinn á Sauðárkróki* sem Árni Ragnarsson og Áslaug Árnadóttir unnu fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð og Húsafriðunarnefnd ríkisins 1997-2001. Í þessari skýrslu er lögð meiri áhersla á skráningu hvers húss fyrir sig og unnið eftir nýjum stöðlum og skráningarformi Minjastofnunar Íslands. Saga svæðis og þróun byggðar fær aftur á móti lítinn sess í þessari greinargerð enda búið að gera grein fyrir þeim þáttum í fyrri húsakönnunum og nýlegum fornleifaskráningum.

Starfsmenn Héraðsskjalasafns Skagfirðinga ásamt Sólveigu Olgu Sigurðardóttur landslagsarkitekt unnu skýrsluna en nutu dyggilegrar aðstoðar Magnúsar Gíslasonar arkitekts og Braga Skúlasonar húsasmíðameistara. Einnig var leitað til kunnugra á svæðinu og verður þar sérstaklega að nefna Ingólf Sveinsson. Þökkum við þessum aðilum kærlega fyrir aðstoðina.

Afmörkun skráningarsvæðisins er í samræmi við umsókn sveitarfélagsins um verndarsvæði í byggð fyrir Sauðárkrók.



Mynd 1. Yfirlitsmynd sem sýnir afmörkun skráningarsvæðis. Kort ofan á loftmynd, SOS.

Gamli bærinn á Sauðárkróki er elsti hluti byggðarinnar og jafnframt ysti hluti íbúðabyggðar á Sauðárkróki. Svæðið er um 9,5 ha að stærð og afmarkast að norðan af nyrsta íbúðarhúsi Sauðárkróks, að austan af Strandvegi, að sunnan af Kirkjutorgi og Kirkjuklauf (Hlíðarstíg) og að vestan af Nöfum.

1 Söguágrip

Upphaf þéttbýlis á Sauðárkróki er alla jafna rakið til seinni hluta 19. aldar en svæðið á sér mun lengri sögu. Hér hafa skipakomur, útræði og búskapur verið stundaður allt frá landnámi. Í fornritunum er stundum nefnt að skip hafi lent í „Gönguskarðsárósi“.¹ Breytingar á útrennsli þar hafa þó að öllum líkindum lokað fyrir þá leið og skipverjar leitað sunnar, þ.e. að Sauðárkróki. Í ferðabók Ólafs Olavius sem kannaði landshagi á árunum 1775 til 1777 segir um Sauðárkrók að talið sé að „Englendingar eða einhverjir útlendingar aðrir hafi siglt þangað fyrrum.“ Þessu til stuðnings bendir Ólafur á tóftir „gamalla kaupmannsbúða“. Ólafur nefnir einnig að Hollendingar hafi í seinni tíð legið á skipum sínum við Sauðárkrók.²

Eftir að einokunin var lögleidd árið 1602 voru Skagfirðingar allir skyldugir til að versla í Hofsósi. Skipti þá engu máli hvar menn bjuggu í Skagafirði eða hvort viðkomandi ætti greiðari leið á annan verslunarstað. Fyrir marga Skagfirðinga var verslunarferðin hættuleg leið, sér í lagi þá sem bjuggu vestan Héraðsvatna.³ Einokunni var aflétt með tilskipun sem tók gildi árið 1788 en eina fasta verslunin í Skagafirði var enn um stund á Hofsósi.⁴

Árið 1847 barst Alþingi bænarskrá frá 205 búandi mönnum í Skagafjarðarsýslu þess efnis að leyfð yrði uppsigling til verslunar á Sauðárkróki. Eftir nokkurt þóf samþykkti konungur loks bænarskrána árið 1857. Í kjölfarið hófst á Sauðárkróki sumarverslun og var verslunartíð að vori og hausti. „Þá komu fleiri hundruð manns til Sauðárkróks og dvöldu þar í nokkra daga“.⁵ Einu byggingarnar sem voru þá á Sauðárkróki voru nokkrar sjóbúðir sem gerðar voru út frá bæjunum Sauða, Sjávarborg, Geirmundarstöðum, Eyhildarholti og Brennigerði.⁶ Ef lesendur vilja kynna sér frekar forsögu svæðisins er bent á nýlega skýrslu um fornleifaskráningu Sauðárkróks sem Byggðasafn Skagfirðinga vann sem og sögu Sauðárkróks eftir Kristmund Bjarnason.⁷

1.1 1871-1907

Árni Árnason klénsmiður og ráðskona hans Sigríður Eggertsdóttir settust að á Sauðárkróki fyrst allra. Árni hafði sótt heim Einar bónda og hreppstjóra á Sauða og falað af honum land til að koma sér upp þurrabúð á Sauðárkróki. Einar varð við bóninni og Árni fluttist til Sauðárkróks þar sem hann ákvað að helga sig iðn sinni, stunda hvorki landbúnað né sjávarútveg en hugðist hafa greiðasölu sem aukastarf. Af þeim sökum var klénsmiðsnafnið lagt til hliðar en var upp frá því alltaf kallaður Árni vert.⁸

Í upphafi byggðar var erfitt að nálgast gott drykkjarvatn og Árni vert hafði mikið fyrir því að finna gott vatnsból sem hann að lokum fann og reisti hús sitt í námunda við það. Næsta vatnsból, Syðrilind, var í Skógargötu, við suðurhorn Gróðrarstöðvarinnar (Knudsensgarðs). Lindirnar höfðu greinilega mikil áhrif á það hvernig bærinn þróaðist í fyrstu því í nágrenni þeirra risu fyrstu húsaþyrpingarnar.

¹ Kålund, P. E. Kristian (1986), 47.

² Ólafur Olavius (1964), 327-329.

³ Sólvi Sveinsson (1977), 70-72.

⁴ Sólvi Sveinsson (1977), 70-72.

⁵ Kristmundur Bjarnason (1969), 25-33.


⁶ Pétur Sighvats (1997), 33-34.

⁷ Guðný Zoëga (2018). Kristmundur Bjarnason (1969), 11-33.

⁸ Kristmundur Bjarnason (1969), 91-99.

Það leið ekki á löngu þar til fyrsti verslunarmaðurinn, Hallur Ásgrímsson, settist að á Króknum og setti á fót fyrstu fastaverslun staðarins, Ásgrimsenshöndlun, árið 1873. Sama ár hófst fiskútflutningur frá Sauðárkróki og var Hallur jafnframt fyrsti útgerðarmaðurinn með búsetu á Sauðárkróki. Sauðkrækingar fóru myndarlega af stað í útgerð, frá árinu 1873 til 1877 fimmtánfaldaðist útflutningur. Bærinn var því fljótur að þróast úr verstöð í útgerðarbæ og margir efnaminni menn létu freistast af fiskisæld fyrstu árana, tóku sig upp í sveitunum, fluttu í þorpið og hófu útgerð.⁹

Íbúum fjölgaði hratt fyrstu árin. 1875 voru íbúar 13 á tveimur heimilum, árið 1880 voru íbúar orðnir 60 og árið 1890 voru þeir 179 talsins.



Mynd 2. Þróun fjölda íbúa á Sauðárkróki 1889 til 1907. Tölur frá Hagstofu Íslands.

Húsaskattur var fyrst innheimtur hér á landi árið 1879 og tók skatturinn til allra húseigna sem náðu 500 króna virðingarverði og fylgdu hvorki jörð né töldust til opinberra bygginga. Í fyrstu húseignaskýrslunni segir: „Tveir nýir verzlunarstaðir hafa skömmu fyrir 1879 vaxið upp úr engu og náð töluverðum þroska; það eru Sauðárkrúkur og Blönduós, og munu þeir eingöngu eiga tilveru sína því að þakka, að þeir liggja betur við fyrir héruðin í kring en gömlu kaupstaðirnir.“ Árið 1879 er virðingarverð húseigna á Sauðárkróki 23.000 kr. (samtala) og til samanburðar kr. 16.300 á Blönduósi, kr. 3.500 á Hofsósi, kr. 16.800 á Siglufirði og kr. 11.400 á Húsavík. Af þessum tölum dregur Kristmundur Bjarnason þá ályktun að strax árið 1879, aðeins 8 árum eftir að fyrsti ábúendinn settist þar að, var Sauðárkrúkur orðinn virðingarhæsta og að öllum líkindum best hýsta kauptún norðanlands.¹⁰

„Árið 1880 voru íbúar orðnir 60 talsins, þar af voru sjö þeirra sem stunduðu verslun enda reis Sauðárkrúkur að kröfu bænda sem sáu mikilvægi þess að hafa góða verslun í heimabyggð sem væri í beinu sambandi við markaði í Evrópu.“ Sauðárkrúkur þróaðist í að vera einnig aðsetur embættismanna

⁹ Kristmundur Bjarnason (1969), 91-99, 141-156.

¹⁰ Kristmundur Bjarnason (1969), 169.

sýslunnar enda talið eðlilegt að þeir hefðu aðsetur „þar sem flestir íbúar gætu nálgast þjónustu þeirra ...“¹¹

Árið 1883 skilur amtmaður verslunarstaðinn Sauðárkrók frá Sauðárjörðinni og ári síðar staðfestir landshöfðingi þá aðgerð. Skilgreining verslunarlóðarinnar var hinn svonefndi Sauðárkrókur, þ.e. strandlengjan frá Sauðárós og allt út til Gönguskarðsár og brekkan þar fyrir ofan. Eftir þetta skyldi sýslumaður mæla upp Sauðárkrók, sjá um að úthluta lóðum til þeirra sem vildu byggja og jafnframt mátti ekki byggja úr öðru en timbri eða steini.¹²



Mynd 3. Sauðárkrókur um 1893. Ljósmyndari Arnór Egilsson. Úr safni Héraðsskjalasafni Skagfirðinga.

Sauðárkrókur hélt áfram að vaxa og dafna með fjölbreyttu atvinnu- og menningarlífi svo eftir var tekið og þrátt fyrir ýmsar ófarir stóð kaптúnið sterkt um aldamótin 1900. Skortur á hafnaraðstöðu torveldaði þó framgangi bæjarins og uppbyggingu á stórútgærð en iðnaður var býsna fjölbreyttur og veitti mörgum atvinnu.¹³

Elsti hluti bæjarins sem liggur norðan Kirkjuklaufar byggðist upp á fyrstu 25-30 árum byggðarinnar. Fyrsti landneminn settist að þar sem hann fann þokkalegt vatnsból (Ytrilind) og flóð í Sauða náðu ekki til. Það hús stóð þar sem nú er Lindargata og þar risu einnig næstu hús sem á eftir komu en á milli 1880 og 1890 var farið að byggja við Aðalgötu.¹⁴ Þar sem þessar tvær götur mættust, á Kaupangstorgi, var

¹¹ Unnar Ingvarsson (2016), 39-40.

¹² Kristmundur Bjarnason (1969), 137.

¹³ Unnar Ingvarsson (2016).

¹⁴ Kristmundur Bjarnason (1969), 172.

miðpunktur byggðarinnar. Kirkjan var byggð 1892 og var þá nokkru sunnan við byggðina.¹⁵ Um aldamótin 1900 er byggð þéttust við Aðalgötu og í húsabyrpingunum í elsta hluta byggðarinnar, þar sem síðar urðu Lindargata og Skógargata.

1.2 1907-1947




Mynd 4. Sauðárkrúkur um 1907. Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.

Árið 1907 varð Sauðárkrúkur sjálfstætt bæjarfélag. Sauðárhreppi var þá skipt í tvö hreppsfélög, Sauðárkrókshrepp og Skarðshrepp. Sama ár dró til tíðinda vegna bankakreppunnar í Bandaríkjunum en hún hafði veruleg áhrif á efnahag Skagfirðinga. Eitt helsta verkefni nýrrar hreppsnefndar á Sauðárkróki var nefnilega að stemma stigu við gjaldþroti nýja hreppsins vegna mikillar ásóknar í sveitarstyrki og að hreppurinn gengist í ábyrgð fyrir vöruúttektum í verslunum. Vegna kreppunnar féllu afurðir í verði og danskir heildsalar kröfðust þess að greitt væri fyrir vörur við afhendingu en ekki með tímanum eins og alsíða var. Kaupmenn gengu harðar eftir skuldum en fyrr með tilheyrandi erfiðleikum fyrir verkafólk, sjávarafurðir féllu í verði og bændur urðu illa úti. Smákaupmenn urðu margir gjaldþrota þótt þeir stærri lifðu af. Allt þetta leiddi til aukins sjálfspurftarbúskapar á Sauðárkróki.¹⁶

¹⁵ Árni Ragnarsson, Áslaug Árnadóttir (2001), 25.

¹⁶ Unnar Ingvarsson (2016), 91-93.



Mynd 5. Íbúafjöldi á Sauðárkróki 1907 til 1947. Tölur frá Hagstofu Íslands.

Á fyrstu árum nýja hreppsins var mikið atvinnuleysi á Sauðárkróki en þrátt fyrir það rak hver stórframkvæmdin aðra. Barnaskólinn reis 1908, vatnsveita lögð 1912 og langþráð bryggja smíðuð 1916 og hafin gerð öldubrjóts, sem því miður reyndist gagnslaus. Sauðárkrókur er sérstæður fyrir það að ekki er höfn í tengslum við elsta bæjarhlutann. Þar er engin náttúruleg höfn en bátar voru dregnir upp á malarkambana á meðan stærri skip lágu við akkeri úti á víkinni, þar til bryggja var byggð árið 1916. Bryggjan skemmdist iðulega í öldugangi og illviðri og svo fór að höfnin var flutt úr gamla bænum út á Eyri og lauk byggingu þeirrar hafnar árið 1939. Árið 1919 voru gefin út lög um takmörk verslunarlóðarinnar á Sauðárkróki. Mörkin voru við Gönguskarðsá í norðri, við Nafabrún í vestri, frá Gönguskarðsá til Sauðár í Sauðárgili. Í suðri var dregin lína úr gilinu til sjávar, á mörkum Sjávarborgarjarðar.¹⁷

Kreppan og sjálfspurftabúskapur endurspeglast í byggingum á Sauðárkróki. Af ljósmyndum frá fyrri hluta 20. aldar má greina mikinn fjölda skúra á Sauðárkróki en margir þeirra hýstu búfénað eða smáiðnað. Þessir skúrar hafa margir týnt tölunni eða hafa verið breytt í íbúðarhúsnæði með tilheyrandi stækkun og breytingum.

¹⁷ Kristmundur Bjarnason (1969). Árni Ragnarsson, Áslaug Árnadóttir (2001), 22.



Mynd 6. Sauðárkrókur um 1911-1912. Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.

Aðalgata teygðist suður eftir og til varð Suðurgata, sem þá var í beinu framhaldi af henni. Á þessum tíma var Skagfirðingabraut enn þjóðbraut sem gegndi hlutverki sem samgöngu- og flutningavegur. Byrjað var að leggja Suðurgötu árið 1907 og fyrsta húsið við hana reis ári síðar. Suðurgata lá frá kirkjunni og suður á Flæðar. Þegar hér var komið sögu færðist miðpunktur bæjarins til Kirkjutorgs, húsin sem stóðu næst kirkjunni voru nýr barnaskóli (1908) og sjúkrahús (1906). Ysta húsið við Suðurgötu var Læknishúsið (1901) sem var hluti af aðkomu bæjarins og stóð ásamt kirkjunni og barnaskólanum sem eins konar bæjarhlið.¹⁸

Yngsti hluti gamla bæjarins er Freyjugata og Skagfirðingabraut. Fyrsta húsið sem reis við Skagfirðingabraut var samkomuhúsið Bifröst, byggt 1925. Hluti götunnar var lagður af kvenfélagskonum sem gangstígur. Í kringum 1940 er gamli bærinn orðinn nánast fullbyggður og byggðin farin að teygja sig suður að Faxatorgi.

¹⁸ Árni Ragnarsson, Áslaug Árnadóttir (2001), 26.



Mynd 7. Sauðárkrúkur um 1911-1912. Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga

1.3 Tímabilið eftir 1947

Árið 1947 fékk Sauðárkrúkur kaupstaðarréttindi og síðan þá hafa lögsögumörk bæjarins verið færð út nokkrum sinnum.¹⁹


Eins og áður er nefnt gat Sauðá verið til nokkurra vandræða þegar hún flæddi yfir bakka sína og olli skemmdum. Á veturna flæddi hún líka yfir flatlendið og Flæðarnar urðu að einu stóru svelli með tilheyrandi erfiðleikum fyrir umferð. Í ána fór sláturúrgangur, hún var notuð sem klóak og lyktaði eftir því og ýmsir töldu hana ógna heilsu manna. Það hafði þess vegna mikil áhrif þegar hún var svo færð úr bæjarstæðinu um 1950, því þá fengust byggingarlóðir þar sem hún hafði áður oltið um. Þar með var stór áhrifavaldur í þróun bæjarins horfinn en enn mótur fyrir gamla farveginum á Flæðum.

¹⁹ Árni Ragnarsson, Áslaug Árnadóttir (2001), 22.




Mynd 8. Sauðárkrúkur 1950-1960. Horft yfir Flæðarnar. Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.

Íbúafjöldi var nokkuð stöðugur fyrstu ár tímabilsins en upp úr 1960 fer að vaxa fjöldi þeirra er flytur á Sauðárkrók.




Mynd 9. Íbúafjöldi á Sauðárkróki 1947 til 1990. Tölur frá Hagstofu Íslands.

Ef horft er á þróun íbúafjölda í Skagafjarðarsýslu annars vegar og á Sauðárkróki hins vegar má sjá að á fyrri hluta 20. aldar var þróunin hliðstæð, þ.e. það fjölgaði bæði í sýslunni allri og á Sauðárkróki. Upp úr miðri 20. öld fara línurnar að dragast saman, þ.e. íbúum í sýslunni fækkar en fjölgar á Sauðárkróki.



Mynd 10. Íbúafjöldi í Skagafjarðarsýslu og Sauðárkróki 1911 til 1990. Tölur frá Hagstofu Íslands.

Árið 1940 bjuggu 964 íbúar á Sauðárkróki. Árið 1970 voru þeir 1.596 en árið 2017 bjuggu 2.570 íbúar á Sauðárkróki. Uppbygging bæjarins hefur færst sunnar og ofar en einnig hefur iðnaðarsvæði verið í uppbyggingu norðan við gamla bæinn.




Mynd 11. Hverfi á Sauðárkróki. Kort SOS, 2018.

2 Húsin í bænum

2.1 Byggingarefni

Sauðárkrókur er tillögulega ungur bær. Fyrstu íbúarnir setjast hér að 1871 og markast húsagerð bæjarins því nokkuð af því. Á skráningarsvæðinu voru skráð 90 hús. Af þeim eru 42 úr steinsteypu, 1 hlaðið úr holsteini og 47 úr timbri.




Mynd 12. Hlutfall byggingarefnis í skráðum húsum.

Svo virðist sem byrjað hafi verið að steypa hús í mót í kringum 1910 á Sauðárkróki. Á skráningarsvæðinu hafa timburhúsin þó haldið ágætlega velli. Það sem er áhyggjuefni er að flest þessara timburhúsa eru múrhúðuð eða járnklædd. Einungis 18 timburhúsanna eru að öllu leyti með timburklæðningu, 11 timburhúsanna eru með járnklæðningu, 1 með steniklæðningu og afgangurinn, 17 timburhús, er með múrhúð. Hörður Ágústsson segir að múrhúðun sé ein „*versta viðgerðartækni, sem beitt hefur verið á íslensk timburhús*“. Taldi Hörður að múrhúðunin breytti svip húsanna og listrænum einkennum en auk þess kemur múrhúðunin í veg fyrir „*eðlilega innri loftræstingu veggja*“, húsin söfnuðu raka, og „*feygði húsin smátt og smátt innan frá*.“ Þegar Hörður gerði húsakönnun sína fyrir Sauðárkrók kom honum á óvart hve mörg húsanna voru múrhúðuð. „Við fyrstu sýn virðist gamli bærinn á Sauðárkróki, einkum Aðalgatan, einkennast af steinhúsabyggð. Þessu er í raun öfugt farið ... Í byggingarefnisgreiningunni kom sem sagt í ljós, að rúmur helmingur timburhúsa á Sauðárkróki er múrhúðaður og þó nokkur í viðbót sett annarlegum efnum eins og asbesti og skífu.“²⁰ Og enn hafa timburhúsin haldið ágætlega velli.

2.2 Aldursdreifing


Ef lítið er á aldursdreifingu húsanna má sjá að þessi bæjarhluti hefur haldið ágætu hlutfalli eldri húsa. Af 90 húsum eru 44 byggð 1925 eða fyrr og því umsagnarskyld. Af þessum 44 húsum eru 39 hundrað ára eða eldri og þar af leiðandi friðuð. Tvö þessara friðuðu húsa eru friðlýst, Sauðárkrókskirkja og Villa Nova. Fornleifaskráning hefur þó leitt í ljós töluverðan fjölda húsa sem eru nú horfin.

²⁰ Hörður Ágústsson (1977), 22.



Mynd 13. Aldursdreifing húsa í samhengi við byggingarefni.


Ef litið er á aldursdreifingu húsa á korti má sjá hvernig bærinn hefur þróast í gegnum tíðina. Elstu húsin (1871-1900) er að finna við Aðalgötu, Skógargötu og Lindargötu. Á næsta tímabili (1900-1920) eru húsin staðsett aðallega við Skógargötu og Aðalgötu. Nú má marka áhrif steinsteyppunnar og byggð eru eins konar bakhús við Aðalgötu sem eru í stærri kantinum og gegndu hlutverki iðnaðarhúsa (sláturhús, síldarsöltun). Á tímabilinu 1920 til 1940 má sjá að byggð lítilla íbúðarhúsa eru að teygja sig upp klaufarnar (Hlíðarstíg og Kambastíg) en þessi hús eru ýmist úr timbri eða steinsteypu. Á árunum 1940 til 1960 má sjá ákveðna viðleitni til að byggja Aðalgötu upp sem megin verslunar- og þjónustusvæði á Sauðárkróki. Byggð eru nokkur hús sem voru með verslun/þjónustu á neðri hæð en íbúðir á efri hæðum. Stór steinsteypt hús eru byggð á neðri hluta Kambastígs en einnig heldur áfram uppbygging stórra steinsteyptra húsa í línu við „bakhús“ Aðalgötu. Fá hús eru frá tímabilinu 1960 til dagsins í dag eða fimm hús. Augljóslega færðist uppbygging Sauðárkróks sunnar þegar á leið.



Mynd 14. Aldursdreifing húsa á skráningarsvæði. Kort, SOS, 2018.

2.3 Húsagerðir

Greina má vissa þróun í húsagerð af þeim húsum sem rannsökuð voru á skráningarsvæðinu.



2.3.1 Dansk-íslensk gerð

Hin svokallaða dansk-íslensk gerð er ráðandi þegar litið er á elstu húsin á Sauðárkróki.²¹ Þessi gerð virðist þó hverfa nokkuð snögglega um aldamótin 1900.

Tímabil	Fjöldi húsa	Dansk-íslensk gerð
1874-1880	4	4
1881-1890	6	4
1891-1900	12	7
1901-1910	13	1
1911-1920	4	0
1921-1930	14	0
1931-1940	9	0
1941-1950	13	0
1951-1960	10	0
1961-1970	2	0
1971-1980	1	0
1981-1990	1	0
1991-2000	1	0

Fjögur dæmi um hús sem enn bera einkenni þessarar gerðar eru Lindargata 13 (1874), Aðalgata 17 (1888), Skógargata 7 (1878) og Skógargata 9 (1880). Þau eru byggð á tímabilinu 1874 til 1888. Öll eru þau fremur bröttu/háu risi og lágum sökkli.²² Upphaflega hafa þau öll verið með timburklæðningu. Lindargata 13 er elsta uppstandandi hús á Sauðárkróki, byggt 1874. Búið er að bæta við húsið stórum kvistum. Þrátt fyrir það er upprunalegt form hússins vel greinanlegt. Leitast hefur verið við að koma húsinu í upprunalegt horf eins og kostur er. Hin húsin eru með múrhúð eða járnklæðningu eða jafnvel bæði. Ekki er vitað hvernig ástandið er á veggjum undir klæðningu.

²¹ Í þessari töflu er er gengið út frá útliti húsa í upphaflegri mynd.

²² Hörður Ágústsson (1977), 20.



Mynd 15. Lindargata 13, Aðalgata 17, Skógargata 7 og Skógargata 9. SFA, 2018.

Nokkur afbrigði má finna við þessa gerð húsa. Lindargata 9 (1891) ber sterk einkenni dansk-íslenskrar gerðar með sínu bratta og háa risi en óvenju hár sökkull hefur alltaf verið undir því húsi sem gefur því sérstaka ásýnd. Aðalgata 16c (1917) er á lágum sökkli og hátt ris en er aftur á móti portbyggt og hækka þannig veggir í hlutfalli við ris. Aðalgata 16 var endurbyggt í svipuðum stíl en stórir, tvöfaldir kvistir setja mikinn svip á húsið (1887-1890/2009). Samskonar kvistur er á Lindargötu 3 (1835/1884) en það er bæði portbyggt og á háum sökkli. Risið er einnig ekki eins bratt og á fyrrnefndum húsum sem er áhugavert í ljósi þess að talið er að upphaflega hafi húsið verið reist í Grafarósi árið 1835.



Mynd 16. Lindargata 3, Aðalgata 16, Aðalgata 16c, Lindargata 9. SFA, 2018.

Fjögur hús, öll byggð árið 1897, svipar nokkuð til Lindargötu 3, þ.e.a.s. portbyggt með kvisti. Af þessum fjórum húsum er Aðalgata 13 með brattasta risið og hefur lágan sökkul. Aðalgata 15 og 19 eru bæði portbyggt með sökkli og tvöföldum kvisti. Risið er ekki eins hátt/bratt og hin húsin. Lindargata 7 er með litlum kvisti og inngangur á framhlið en svipar að öðru leyti mjög til Aðalgötu 15 og 19.



Mynd 17. Aðalgata 19, Lindargata 7, Aðalgata 13, Aðalgata 15. SFA, 2018.

2.3.2 Sveitser

Á seinni hluta 19. aldar og fram á 20. öld stunduðu Norðmenn síldveiðar og hvalveiðar á Íslandi. Norskir útgerðarmenn sem dvöldu á Íslandi vegna þessa fluttu með sér norsk sveitserhús og reistu hér á landi. „Framleiðendur húsanna gáfu út auglýsingabæklinga með myndum af húsunum sem íslenskir smiðir notuðu sem fyrirmyndir húsa sem þeir reistu.“ Húsin ganga því einnig undir nafninu katalog hús.

Einkenni sveitserhúsa er hár og vel gerður sökkull, mikið þakskegg með skrautlega útskornum sperruendum, portbyggt og oftast með rismiklu þaki, skrautlegur umbúnaður glugga og hurða, þakbrúnir og gaflar mikið skreytt, bönd umhverfis húsin við glugga, veggklæðning lárétt, strikuð súð og skífur á þökum í byrjun. Á húsunum eru gjarnan innbyggðar svalir eða vetrarstofur. Inngangur er að jafnaði á gafli og komið inn í gang með

stiga upp á efri hæð. Gluggar eru ýmist krosspósta með einni rúðu í neðri ramma en síðar urðu T-laga gluggar með miðjupóst upp að þverpósti algengari.²³



Mynd 18. Aðalgata 23, Aðalgata 9, Skógargata 10b, Aðalgata 1. SFA, 2018.

Hörður Ágústsson telur Aðalgötu 23 (1903) vera „alnorskt innflutt hús í dæmigerðum svæsir-stíl, eitt sérkennilegasta dæmi sinnar tegundar á Íslandi.“²⁴ Aðalgata 9 (1900) og Skógargata 10b (1901) teljast fremur til norsk-íslensks sveitser. Hörður flokkar Aðalgötu 1 (1906) einnig til þeirrar gerðar.

2.3.3 Lágri-gerð

Hörður Ágústsson benti á í húsakönnun sinni að á Sauðárkróki megi finna „tilbrigði“ við norsk-íslenskan stíl. Stakk hann upp á því að kalla hann „lágri-gerð“. Húsagerð þessi hafi um tíma sett mikinn svip á staðinn. „Hús þessi sverja sig í ætt við norsk-íslensku gerð að því leyti að þau eru á háum sökklí og bera vitni sama snikkaraverks í útfærslu en eru hvorki með porti, háu risi eða kvistum, þau eru óvenjulega rislág í orðsins réttu merkingu“.²⁵


Tímabil	Fjöldi húsa	Dansk-íslensk gerð	Lágri-gerð
1874-1880	4	4	0
1881-1890	6	4	0
1891-1900	12	7	3
1901-1910	13	1	7
1911-1920	4	0	0
1921-1930	14	0	1
1931-1940	9	0	0
1941-1950	13	0	0
1951-1960	10	0	0
1961-1970	2	0	0
1971-1980	1	0	0
1981-1990	1	0	0
1991-2000	1	0	0

Ef marka má flokkun uppstandandi húsa má ætla að lágri-gerðin hafi tekið við að dönsk-íslensku gerðinni sem ráðandi byggingarstíll um aldamótin.

²³ Guðmundur L. Hafsteinsson (2000), 109.

²⁴ Hörður Ágústsson (1977), 20.

²⁵ Hörður Ágústsson (1977), 20.



Mynd 19. Sauðárkrókur frá tímabilinu 1908-1913. Hús lágris-gerðar merkt hvítum kassa. Úr safni HSk.


Enn má finna hús á Sauðárkróki þessarar gerðar. Ágæt dæmi eru Skógargata 11 (1898), Skógargata 5b (1898), Aðalgata 21b (1904) og Aðalgata 2 (1908).



Mynd 20. Skógargata 11, Skógargata 5b, Aðalgata 21b, Aðalgata 2. SFA, 2018.

2.3.4 Önnur timburhús

Töluvert af litlum, einföldum timburhúsum var erfitt að flokka undir einhvern einn eiginlegan byggingarstíl. Fyrst ber að nefna Aðalgötu 10 sem alla jafna gengur undir nafninu Deild. Það hús hefur algjörlega sérstöðu á skráningarsvæðinu vegna þess að það er eina húsið með mansard þaki.



Mynd 21. Aðalgata 10 (Deild) upp úr 1913 og sama hús árið 2018 (SFA).

Fyrir framan var stór garður en nú er búið að byggja hús fyrir framan Deild og er augljóst að á einhverjum tímamarki hafi ætlunin verið að rífa húsið. Á yfirlitsmyndum er ekki að merkja að annað samskonar hús hafi staðið á skráningarsvæðinu.

Á millistríðsárunum verða áberandi lítil einföld timburhús. Virðist sem þeir sem byggðu stór hús hafi fremur sótt í steinsteyptu á þessum tíma. Gott dæmi um þessa gerð húsa eru húsin við Kambastíg. Kambastígur 1, 6 og 8 eru byggð 1925 til 1927, og Skógargata 14 byggð 1930. Kambastígur 1 og Skógargata 14 eru nú múrhúðuð en Kambastígur 6 og 8 eru klædd með hömruðu járn, hinu svokölluðu steinblikki sem er orðin sjaldgæf sjón.²⁶ Þetta eru lítil hús sem mætti segja að tilheyrðu „alþýðustíl“.



Mynd 22. Kambastígur 1, Kambastígur 8, Kambastígur 6 og Skógargata 14. SFA, 2018.

2.4 Steinsteypt hús

Um aldamótin kom fram steinsteyputækni. Elstu steinsteypuhúsin á Íslandi eru íbúðarhúsið að Sveinatungu í Norðurárdal og viðbygging við sjúkrahúsið á Akureyri, en báðar byggingarnar eru frá 1895. Fyrsta steinsteypta húsið í Reykjavík var Barónsfjosið við Hverfisgötu, byggt árið 1899. Steinsteyputækni sótti í sig veðrið upp úr aldamótum. Eftir 1910 jókst innflutningur á sementi og notkun móta við steypuvinnu. Samhliða þessu jókst menntun í múrverki. Um 1920 höfðu 1000 steinsteypt hús bæst við fjölda steinhúsa á Íslandi.²⁷

2.4.1 Einföld steinsteypuhús

Menn virðast hafa tileinkað sér hina nýju steinsteyputækni nokkuð snemma á Sauðárkróki. Elsta uppistandandi steinsteypta húsið er Aðalgata 22b en það var byggt 1911. Ári síðar reis steinsteypt hús að Aðalgötu 24a, einfalt og án íburðar. Í svipuðum anda má nefna Aðalgötu 24, byggt 1925. Á millistríðsárunum má einnig sjá byggingu einfaldra íbúðarhúsa úr steinsteypu í alþýðustíl. Gott dæmi um slíkt hús er Hlíðarstígur 2, byggt árið 1931.

²⁶ Jon Nordsteien (2007), 15.

²⁷ Ari Trausti Guðmundsson, Flosi Ólafsson (2003), 12.



Mynd 23. Aðalgata 22b, Aðalgata 24A, Aðalgata 24 og Hlíðarstígur 2. SFA, 2018.

Í upphafi steinsteyputímabilsins má sjá tilhneigingu til að byggja steinsteypt hús sem eins konar steypar eftirlíkingar af timburhúsunum. Sæborg / Aðalgata 8 er byggt árið 1913 sver sig í ætt við lágrisgerð hvað útlit varðar en það gerir Skógargata 20 einnig sem er byggt nokkru síðar, eða árið 1924. Aðalgerð þessa tímabils er nokkurs konar „steypt eftirlíking af timburhúsi norsk-íslensku gerðar“. Sem dæmi um slíka gerð má til dæmis nefna Kirkjutorg 3, byggt árið 1931, og Lindargata 5, byggt árið 1930.²⁸



Mynd 24. Aðalgata 8, Skógargata 20, Kirkjutorg 3, Lindargata 5. SFA, 2018.

2.4.2 Funkjónalismi/Móðernismi


Á fjórða áratug 20. aldar fer að bera á nýjum stílbrigðum í steinsteyptu húsunum, þ.e. funksjónalisma. Húsið við Aðalgötu 21a er byggð árið 1935, hannað af Sveinbirni Jónssyni. Hér ber á áhrifum fúnkis á hönnun Sveinbjarnar. Einföld, stílhrein hönnun með notagildið að leiðarljósi en um leið reynt að hleypa inn birtu eins og kostur var. Seinni tíma breytingar hafa farið ómjúkum höndum um hönnunarverk Sveinbjarnar en nú er unnið að því að koma húsinu í upprunalegt horf, a.m.k. að hluta. Annað hús, Brekkugata 1, var byggt árið 1935 sem ber nokkur áhrif nýrra strauma í byggingarlist og gerð. Sérstaklega ber að benda á steiningu veggja. Upp úr miðri 20. öld fer að bera á áhrifum móðernisma. Dæmi um slíkt er Aðalgata 7 en húsið var byggt árið 1960. Upphaflega hafði það skýr merki móðernisma en seinni tíma breytingar hafa nokkuð dregið úr þeim, til að mynda gluggasetning og gluggagerð. Gott dæmi um móðernisma er Aðalgata 25. Það hús var einnig byggt árið 1960, hannað af Sigvalda Thordarson.



Mynd 25. Aðalgata 21 A, Brekkugata 1, Aðalgata 25, Aðalgata 7. SFA, 2018


²⁸ Hörður Ágústsson (1977), 20.

2018 VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ - GAMLI BÆRINN Á SAUÐÁRKRÓKI, NORÐURHLUTI



2.5 Varðveislugildi

Samkvæmt leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands skal meta varðveislugildi húsa út frá fimm þáttum; listrænu gildi, menningarsögulegu gildi, umhverfisgildi, upprunalegu gildi og tæknilegu ástandi. Eðlilegt sé að ganga út frá því hús hafi alla jafna miðlungs varðveislugildi en rökstyðja sérstaklega ef húsið er talið hafa hátt eða lágt varðveislugildi. Hafi hús lágt varðveislugildi er ekki óeðlilegt að gera megi ráð fyrir að það megi víkja án þess að rýra gildi byggðarinnar, það myndi jafnvel styrkja heildarsvipmótið. Af 90 húsum sem metin voru fengu fjögur þeirra lága einkunn fyrir varðveislugildi. Það má þó ekki skilja skýrsluhöfunda svo að þeir mæli með niðurrifi allra þessara húsa en eitthvað þurfi til bragðs að taka til að húsin spili betur með umhverfi sínu og nærliggjandi byggingum.




Mynd 27. Hlutfall skráðra húsa á Sauðárkróki út frá varðveislugildi.

Af 90 húsum fengu 28 hús hátt varðveislugildi. Flest þessara húsa fá hátt fyrir menningarsögulegt gildi, listrænt gildi og umhverfisgildi en meiri breytileiki er á einkunnum fyrir upprunaleika og tæknilegt ástand. Þau fjögur hús sem fá hátt fyrir alla fimm þættina eru: Aðalgata 2 (Gamli barnaskólinn), Aðalgata 23 (Villa Nova), Kirkjutorg (Sauðárkróskirkja) og Lindargata 13 (Hallshús). Sauðárkróskirkja og Villa Nova hafa þegar verið friðlýst. Það mætti athuga hvort vert væri að friðlýsa Aðalgötu 2 og Lindargötu 13.



Mynd 28. Lindargata 13 (t.v.) og Aðalgata 2 (t.h.). Ljósmynd SFA, 2018.



Mynd 29. Varðveislugildi húsa. Gamli bærinn - norðurhluti Sauðárkróks. Kort, SOS, 2018.

2.6 Hönnuðir

Það skortir nokkuð upplýsingar um hönnuði húsanna sem skráð voru. Oft á tíðum hafa smiðirnir sjálfir einnig verið hönnuðir þó við höfum ekki skjalfestar heimildir um það. Ingólfur Nikódemusarson smiður

á Sauðárkróki er til dæmis talinn hafa hannað Aðalgötu 4 og er mjög líklega hönnuður að Freyjugötu 3 þar sem hann bjó sjálfur.

Sjaldgæft er að hönnuðir elstu húsanna séu þekktir. Talið er að Þorsteinn Sigurðsson hafi hannað Sauðárkróskirkju (1892) og Jón Þorláksson hafi hannað Gamla sjúkrahúsið / Aðalgötu 1 (1906). Getgátur eru um að Rögnvaldur Ólafsson hafi hannað Gamla barnaskólann /Aðalgötu 2 (1908). Yfirmsiður þess húss var Steindór Jónsson en hann er einnig skráður sem hönnuður Skógargötu 20 og Kirkjutorgs 3. Mörg þeirra húsa sem Steindór annað hvort hannaði eða smíðaði eru af lágris-gerð og því má spyrja sig hvort hann hafi ekki einnig hannað Gamla barnaskólann. Mjög líklegt verður að teljast að Steindór eigi töluverðan heiður af því hversu mörg húsanna eru af lágris-gerð.

Eftir því sem líður á 20. öldina höfum við betri upplýsingar um hönnuði húsa. Sveinbjörn Jónsson (1896-1982) byggingameistari hannaði Gamla mjólkursamlagið en það reis 1935. Sveinbjörn var oftast kenndur við Ofnasmiðjuna. „Hann var afkastamikill byggingameistari auk þess sem hann var framfarasinnaður og innleiddi nýjar byggingaraðferðir. ... Hann fylgdist vel með helstu straumum og stefnum í húsagerðarlist, fljótur að tileinka sér nýjar formgerðir og hann var einn af frumkvöðlum funkisstefnunnar á Akureyri.“²⁹

Sigurður Sigfússon (1918-1997) er skrifaður fyrir nokkrum húsum á skráningarsvæðinu, svo sem Skógargötu 1 (1947) og Skógargötu 18 (1954). Sigurður flutti á Sauðárkrók 1945 og hlaut þar meistarabréf í trésmíði. Hann var með umsvifamikinn rekstur á Sauðárkróki, meðal annars byggingarstarfsemi, trésmíðaverkstæði, verslun og fleira. Árið 1958 flutti hann til Reykjavíkur og stofnaði þar Fasteignamiðstöðina en hélt áfram að standa fyrir byggingarstarfsemi.³⁰

Talið er að Guðmundur Sigurðsson hafi hannað Lindargötu 17 (1945). Líklega er hér um að ræða Guðmund Sigurðsson (1902-1995) en hann fæddist á Holtsmúla í Skagafirði og var búsettur á Sauðárkróki. Hann var húsasmíðameistari og vann við fagið alla sína starfsævi.³¹

Eitt hús á skráningarsvæðinu, Kaupvangstorg 1, er hannað af Halldóri H. Jónssyni (1912-1992). Halldór lauk prófi frá Kungliga Tekniska Högskolan í Stokkhólmi árið 1938 sem arkitekt. Að námi loknu sneri hann heim til Íslands og hóf störf við Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen. Ári seinna, árið 1939, stofnaði hann sína eigin arkitektastofu. Meðal þekktustu verka hans er Bændahöllin, Háteigskirkja og Borgarneskirkja.³²

2.7 Skúrar

Til viðbótar við 90 hús voru átta skúrar skráðir á svæðinu og er hér sérstök umfjöllun um þá. Heimildir eru enn fátækari þegar kemur að skúrunum. Eldri brunavirðingar hafa ekki náð yfir hjalla og verðlitla skúra. Af þessum átta skúrum eru einn bílskúr (Hlíðarstígur 4), einn hjallur/geymsla (Aðalgata 11), einn geymsluskúr (Kambastígur 1) og fimm skúrar sem voru upphaflega byggðir sem útihús eða hlaða en eru nú nýttir sem geymsluskúrar (Lindargata 9, Freyjugata 10b, Skógargata 13, Kambastígur 8, Hlíðarstígur 2). Þessir „útihúsa-skúrar“ eru byggðir frá 1897 til 1953 og eru ágætur minnisvarði um „sveitina í þorpinu“, hvernig menn héldu skepnur í þéttbýli. Fjórir þessara skúra eru byggðir á tímabilinu

²⁹ Hanna Rósa Sveinsdóttir (2016), 16-17.

³⁰ Morgunblaðið, 15. tölublað (19.01.1997), Blaðsíða 32.

³¹ Morgunblaðið, 77. tölublað (01.04.1995), Blaðsíða 59.

³² Morgunblaðið, 36. tölublað (13.02.1992), Blaðsíða 18.

1926 til 1936 sem gefur ef til vill vísbendingu um hvernig menn brugðust við efnahagslegri lægð og harðindum millistríðsáranna.



Mynd 30. Útihúsa-skúr við Hlíðarstíg 2 (t.v.), við Skógargötu 13 (mið), og við Kambastíg 8 (t.h.). Ljós. SFA og ES, 2018.

Elsti skúrin stendur við Lindargötu 9 (Goðdali). Hann er talinn hafa verið byggður 1897. Skúrin er með mænispak en mjög lágt ris. Líklega eru nokkur byggingarstig eins og fjölbreytt byggingarefni gefur til kynna (torf, timbur, járn og grjót). Skúrin er byggður utan í brekkuna. Byggingin er mjög illa farin og þarf töluvert viðhald en gæti vissulega styrkt svipmót götunnar ef hún væri færð í betra horf. Næstelsti skúrin er bygging sem skráð er við Freyjugötu 10b en tilheyrði áður Aðalgötu 10 (Deild). Skúrin var byggður árið 1913 og gegndi þá hlutverki peningshús en er nú notað sem geymsla. Skúrin er steinsteyptur og er því með elstu steinsteyptu byggingum á Sauðárkróki.



Mynd 31. Skúr við Lindargötu 9 (t.v. og mið) og skúr við Freyjugötu 10b. Ljós. SFA og ES, 2018.

Heimildir

Ari Trausti Guðmundsson, Flosi Ólafsson (2003), *STEINUÐ HÚS Varðveisla, viðgerðir, endurbætur og nýsteining*. Húsafriðunarnefnd ríkisins, Reykjavík.

Árni Ragnarsson, Áslaug Árnadóttir (2001), *Bæjar- og húsakönnun fyrir gamla bæinn á Sauðárkróki*. Húsafriðunarnefnd ríkisins, Sveitarfélagið Skagafjörður.

Guðmundur L. Hafsteinsson (2000), „Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu fram til 1970“, *Skrá yfir friðuð hús og hús í vörslu safna. Lög, reglugerðir og samþykktir. Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu 1750-1970*. Húsafriðunarnefnd ríkisins, Reykjavík, bls. 87-181.

Guðný Zoëga (2018), *Verndarsvæði í byggð – fornleifaskráning Sauðárkróks*. Byggðasafn Skagfirðinga.

Hörður Ágústsson (1977), *Húsakönnun á Sauðárkróki*. Vantar útgefanda og útgáfustað.

Jon Nordsteien (2007), *Gömul timburhús Útveggir, grind og klæðning*. 4. úgáfa. Húsafriðunarnefnd ríkisins, Reykjavík.

Kálund, P. E. Kristian (1986), *Íslenzkir sögustaðir III. Norðlendingafjórðungur*. Íslenzk þýðing Haraldur Matthíasson. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.

Kristmundur Bjarnason (1969), *Saga Sauðárkróks. Fyrri hluti. Fram til ársins 1907*. Sauðárkróksskaupstaður.

Ólafur Olavius (1964), *Ferðabók I. Landshagir í norðvestur-, norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777, ásamt ritgerðum Ole Henckels um brennistein og brennisteinsnám og Christian Zieners um surtarbrand*. Bókafellsútgáfan hf., Reykjavík.

Hanna Rósa Sveinsdóttir (2016), *Akureyrarbær. Menntaskólinn á Akureyri og nærliggjandi íbúðarsvæði. Húsakönnun 2016*. Minjasafnið á Akureyri, Akureyrarbær, Akureyri.

Pétur Sighvats (1997), „Hátíðarræða á hálftrar aldar kaupstaðarafmæli Sauðárkróks“, *Skagfirðingabók* 25. árgangur, 1. tölublað. Sögufélag Skagfirðinga. Bls. 32-45.

Sölvi Sveinsson (1977), „Samgöngur í Skagafirði 1874-1904“, *Skagfirðingabók* 8. árgangur, 1. tölublað. Sögufélag Skagfirðinga. Bls. 58-183.

Unnar Ingvarsson (2016), *Samfélagssumræða, samfélagsbreytingar og stjórnmalastarf í Skagafirði 1850-1940*. Ritgerð til MA-prófs við Háskóla Íslands.

Morgunblaðið, 15. tölublað (19.01.1997), Blaðsíða 32.
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1870897

Morgunblaðið, 77. tölublað (01.04.1995), Blaðsíða 59.
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1827108

Morgunblaðið, 36. tölublað (13.02.1992), Blaðsíða 18.
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1759456

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Jón Þorláksson

Upphafleg notkun: Þjónusta
Núverandi notkun: Menningarstarfsemi



Gamla sjúkrahúsið um 1910 - Brot úr mynd Hsk:



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	1922 Viðbygging við suðurstafn, hæð með kjallara og loftsvölum yfir.	Steindór Jónsson,
Útveggir: Timbur		Bárujárn	1926 Viðbygging aftan við hús á norðvestur horni. Stigahús.	
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak	1946 Húsið bárujárnsklætt	
Þakklæðning: Bárujárn		Bárujárn	1980 Svalahandrið fjalægt, stiga vísað til suðurs og gluggagerð breytt.	
Undirstaða: Steinsteyp		Steinsteyp		
Útlit: Einlyft		Einlyft		
	Ris	Kvistir		
	Kjallari	Portbyggt		
	Reykháfur	Ris		
	Kvistir	Reykháfur		
Saga				

Gamla sjúkrahúsið við Aðalgötu 1 er timburhús sem var reist árið 1906 en Jón Þorláksson landsverkfræðingur var fenginn til að teikna sjúkrahúsið. Starfsemi sjúkrahússins færðist í nýja byggingu upp á Sauðárhæðum 1961. Gamla sjúkrahúsið fékk nýtt hlutverk. Sauðárkróksbær keypti hlut sýslunnar og hafði húsið til ýmissa afnota um sinn þar til sóknarnefnd Sauðárkróskirkju keypti húsið og setti á stofn safnaðarheimili. Húsið gegnir enn því hlutverki.

Heimild:

Kristmundur Bjarnason: Saga Sauðárkróks, fyrri hluti fram til ársins 1907. Sauðárkrókskaupstaður, 1969, bls. 320-321.

Kristmundur Bjarnason: Sauðárkróskirkja og formæður hennar. Sóknarnefnd Sauðárkrókssóknar, 1992, bls. 136-137.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	Stokkbyggt sveitserhús. Húsið hefur haldið stileinkennum sínum að nokkru þrátt fyrir viðbyggingar og breytingar á klæðningu og gluggagerð.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Fyrsta sjúkrahúsið á Sauðárkróki, síðar safnaðarheimili. Eitt eldri húsum bæjarins og eitt af merkjum uppgangstímabils Sauðárkróks.
Umhverfisgildi:	Hátt	Mikilvægur hluti götummyndar við Aðalgötu. Markar upphaf Aðalgötu í suður ásamt Gamla barnaskólanum og kirkjunni.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur haldið formi sínu þrátt fyrir breytingar. Búið að klæða húsið, og breyta gluggagerð. Til stendur að gera húsið upp.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi en þarfnast viðhalds.

Varðveislugildi: Hátt Friðað vegna aldurs og hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Sauðárkrókshreppur
Hönnuður: Rögnvaldur Ólafsson?

Upphafleg notkun: Skóli
Núverandi notkun: Þjónusta



Mynd tekin 1919-1944. Úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	2000 Húsið allt endurbyggt í upprunalegri mynd, hurðargat fært á miðju og	Leifur Blumenstein, Bragi Blumenstein, Arkitekt,
Útveggir: Timbur		Timbur	1972 Lagðar fram teikningar um gluggabreytingar.	Halldór Sigmundsson,
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak		
Þakklæðning: Bárújárn		Bárújárn		
Undirstaða: Steinsteypt		Steinsteypt		
Útlit: Einlyft		Einlyft		
	Ris	Útitróppur		
	Reykháfur	Kjallari		
	Kjallari			

Saga

Gamli skólinn við Aðalgötu 2 var byggður árið 1908 og skyldi hýsa barnaskólann á Sauðárkróki. Barnaskólinn var settur í fyrsta sinn í þessu húsi 19. október árið 1908. Húsið var einnig nýtt undir ýmsa fundi og slökkvilið bæjarins hafði aðstöðu í kjallaranum. Kennnt var í húsinu fram til ársins 1948 en ný skólabýgging reis við Freyjugötu árið áður. Upp frá því fékk húsið nýtt hlutverk og hýsti það bæjarskrifstofur eftir að skólakennslu var hætt þar. Ýmis önnur starfsemi hefur verið í húsinu, eins og tannlæknastofa Péturs Ólafssonar, teiknistofa fyrir arkitekt, kosningaskrifstofa, skrifstofur fyrir héraðsfréttablaðið Feykir, prentsmiðjan SÁST og upplýsingamiðlun og prentsmiðjan Svart og hvítt. Húsið hefur ekki tekið miklum breytingum í gegnum tíðina. Á tímabilinu 1919 til 1944 var húsið klætt með hömruðu jární (steinblikki). Stigi við inngang og inngangurinn sjálfur var færður til. Undir lok 20. aldar var húsið endurbyggt í upprunalegri mynd og var lokið við þá endurbyggingu árið 2000. Hönnuðir breytinga voru Bragi Blumenstein arkitekt og Leifur Blumenstein byggingarfræðingur (Teiknistofa Leifs Blumenstein). Í febrúar árið 2000 hóf Náttúrustofa Norðurlands vestra starfsemi í húsinu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	Eitt besta dæmi um norsk-íslenska lágisgerð á Sauðárkróki.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Fyrsta húsið á Sauðárkróki sem var byggt var sem barnaskóli og var nýtt sem slíkt til 1948. Einnig nýtt sem bæjarþingsalur.
Umhverfisgildi:	Hátt	Markar upphaf Aðalgötunnar ásamt kirkjunni og safnaðarheimilinu (gamla sjúkrahúsið). Mikilvægur hluti af götumyndinni í gamla bænum.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið hefur verið gert upp í upprunalegri mynd og lokið við þær framkvæmdir árið 2000.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið gert upp árið 2000 og þökkalega vel við haldið síðan.

Varðveislugildi: Hátt Húsið hefur hátt varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Sigurður P. Jónsson og Þórður P. Sighvatsson
Hönnuður: Ingólfur Nikódemusarson

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun
Núverandi notkun: Verslun / Þjónusta



Húsið um 1950 - Mynd úr safni HSk



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Timbur, pappi og járn	Bárújárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft Kjallari Reykháfur Útitróppur	Tvílyft Kjallari Útitróppur		

Saga

Húsið Drangey er byggt á árunum 1946-1947 af Þórði P. Sighvatssyni og Sigurði P. Jónssyni. Húsinu var strax skipt þannig að verslun væri á neðri hæð en íbúð á þeirri efri. Verslun hefur verið starfrækt í húsinu alla tíð síðan. Húsið hefur haldist nánast óbreytt að utanverðu fyrir utan að reykháfur var fjarlægður.

Varðveislumat:


Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlung	Steinsteyppuhús frá miðri 20. öld með vissum einkennum funksjónalisma (hornluggar).
Menningarsögulegt gildi:	Miðlung	Á sess í sögu verslunar á Sauðárkróki. Samfelld verslun stunduð í húsinu frá upphafi.
Umhverfisgildi:	Miðlung	Hluti af samfelldri götumynd.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur nánast ekki verið breytt frá upphafi en því haldið ágætlega við.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ágætlega viðhaldið.

Varðveislugildi: Miðlung Húsið hefur varðveislugildi vegna menningarsögu og sem hluti götumyndar.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Steindór Jónsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun
Núverandi notkun:



Teikning Björns Guðnasonar frá 1929



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	1948 Byggt við húsið tveggja hæða steinsteypt hús til norðurs. Þá fékk allt	
Útveggir:		Timbur og steinn	2009 Aðalgata 3 sem var sambyggt húsinu var rífið og gerð stétt á gamla	
Þakgerð:		Ýmsar gerðir	1979 65 fm viðbygging að aftan (vestan við), notuð sem vinnslurými bakarís.	Björn Guðnason, Byggingarmeistari
Þakklæðning:	Timbur, pappi og járn	Bárujárn	1980 58 fm viðbygging að vestan við fyrri viðbyggingu, notuð sem geymsla.	
Undirstaða:			1992 120 fm viðbygging að aftan, notuð sem vinnslurými bakarís.	Árni Ragnarsson, Arkitekt
Útlit:	Tvílyft Kjallari	Tvílyft		

Saga

Árið 1926 byggði Steindór Jónsson skúrbyggingu norðan af íbúðarhúsi sínu Björk. Árið 1928 byggði Steindór efri hæð á þessa skúrbyggingu og er það fyrsti vísir að því húsi sem enn stendur og er í daglegu tali kallað Bakaríið. Húsið var þá um tíma nýtt til íbúðar á efri hæð og verslunar á neðri hæð en árið 1941 keypti Guðjón Sigurðsson húsið og lét flytja bakarí sitt í bygginguna. Árið 1948 byggði hann áfast við húsið tveggja hæða hús og flutti með fjölskyldu sína á efri hæð hússins og starfrækti bakarí og sjoppu á neðri hæðinni. Alla tíð síðan hefur verið starfrækt bakarí á neðri hæð og íbúð á þeirri efri. Byggt hefur svo verið við húsið til vesturs í nokkrum áföngum. Húsið hefur því tekið miklum breytingum í gegnum tíðina, frá því að vera viðbygging skúr við annað íbúðarhús í það að verða stórt iðnaðar-, verslunar- og íbúðarhús.

Heimild:

Fundagjörðabók byggingarnefndar Sauðárkrókshrepps 1918-1947 (10. apríl 1926).

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Húsið hefur tapað upprunalegum einkennum sínum með öllum þeim breytingum sem það hefur gengið í gegnum. Hlutföll hússins hafa gjörbreyst og enginn einn byggingarstíll er ráðandi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Hluti verslunarsögu staðarins.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti götumyndar Aðalgötu og Bjarkarstígs. Fellur ágætlega að nærliggjandi húsum.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið hefur tekið mjög miklum breytingum sem hafa rýrt upprunalegt gildi þess.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í ágætu ástandi og hefur verið haldið við.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið hefur varðveislugildi vegna umhverfis og menningarsögu.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Ísleifur Gíslason
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun
Núverandi notkun: Íbúð / Verslun



Ísleifshús um 1920 - Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	1919 Húsið lengt til norðurs	
Útveggir: Timbur		Múrsléttað		
Þakgerð: Mænisþak		Valmaþak	1945 Húsið stækkað til austurs og forskalað. Ný gluggagerð.	Ingólfur Nikódemusarson, Smiður
Þakklæðning: Timbur, pappi og járn		Bárujárn		
Undirstaða: Steinsteipt		Steinsteipt	1962 Bílskúr og geymsla byggt austan við húsið.	
Útlit: Einlyft		Einlyft	1987 Handriði á útitróppum breytt	Ingólfur Nikódemusarson, Smiður
	Inngönguskúr (bísлаг)	Útitróppur		
	Kjallari	Reykháfur		
	Reykháfur	Viðbygging		
Saga	Útitróppur	Kjallari		

Árið 1904 byggði Ísleifur Gíslason verslunarmaður timburhús við Aðalgötu sem síðar fékk nafnið Ísleifshús. Húsið var bæði notað til íbúðar og verslunar. Húsið hefur hýst ýmsa starfsemi í gegnum tíðina, m.a. var þar sýslubókasafn um árabíl og síðar ýmis konar verslun og þjónusta. Hluti hússins er notað til íbúðar. Húsinu hefur verið mikið breytt frá upphaflegri gerð.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Í kringum 1945 var húsinu gjörbreytt og urðu breytingarnar til þess að húsið tapaði sínu listræna gildi. Allt snikkera-verk horfið.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Í hluta hússins (norður) hefur verið stunduð verslun/þjónusta frá upphafi. Ísleifur Gíslason, skáld, byggði húsið og bjó þar.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af götumynd sem hefur lítið breyst frá lokum seinna stríðs.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Búið að breyta húsinu það mikið að ekki er hægt að sjá upprunalegu gerð þess eða útlit.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsinu hefur verið haldið við í þeirri mynd sem það er komið í eftir miklu breytingarnar sem gerðar voru um miðja 20. öld. Spurning um ástand timburs undir múrhúðun á elsta hlutanum.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið hefur varðveislugildi sökum aldurs og menningarsögu og sem hluti götumyndar.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti

Fyrsti eigandi: Alþýðufélagið
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Menningarstarfsemi / Verslun
Núverandi notkun: Menningarstarfsemi



Hótel Mælifell - Mynd úr safni KCM



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteipt		Steinsteipt	1963 Viðbygging / stækkun til vesturs.	Ragnar Emilsson, Arkitekt
Útveggir: Múrsléttað		Múrsléttað	2006 Settir gluggar og afgreiðslulúga að framan, sunnan við útidyrarhurð.	Bjarni Reykjalin , Arkitekt
Þakgerð: Einhalla (skúrþak)		Einhalla (skúrþak)	1985 Gluggum og útidyrum breytt.	Kjartan Sveinsson, Byggingatæknifræðingur
Þakklæðning:		Bárujárn	1985 Austurhlið klædd með norskum plötum úr poliester og steini.	
Undirstaða:		Steinsteipt		
Útlit:	Tvílyft Svalir	Tvílyft Svalir		

Saga

Hótel Mælifell sem stendur við Aðalgötu 7 er tveggja hæða hús, byggt úr steinsteypu árið 1960. Hefur verið notað sem hótel og síðar skemmtistaður. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á húsinu. Afgreiðslulúga var sett á austurhlið til hliðar við útidyrarhurð og gluggagerð breytt sem hafði afgerandi áhrif á ásýnd hússins. Einnig var byggt við húsið vestan megin.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Húsið bar í upphafi einkenni módernisma en breytingarnar á húsinu hafa að miklu leyti afmáð þau einkenni.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Í húsinu var fyrst starfrækt hótel og veitingastaður en síðari ár hefur hér verið rekinn skemmtistaður.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti götummyndar Aðalgötu.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið hefur haldið sér að forminu til en þær breytingar sem gerðar hafa verið hafa haft mikil áhrif á sýnd hússins.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi en þarfnast viðhalds.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi. Varðveislugildi þess myndi hækka ef það væri fært meira til upprunalegs útlits.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Pálmi Pétursson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun
Núverandi notkun: Íbúð / Þjónusta



Myndin tekin um 1920 - Úr safni HSK.



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteypt		Steinsteypt	1938 Bætt við glugga á austurhlið og byggt við húsið að austanverðu.	
Útveggir:		Múrsléttað	1947 Gluggagerð hefur breyst og svalir verið steypar í stað timburs.	
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak	1967 Húsið stækkað til austurs með viðbyggingu úr timbri við jarðhæð.	
Þakklæðning:	Timbur, pappi og járn	Bárujárn	2011 Gluggar á jarðhæð endurnýjaðir og póstum í þeim breytt.	Eyjólfur Þórarinsson, Byggingatækniþráðingur
Undirstaða:				
Útlit:	Tvílyft Ris Reykháfur Kjallari Útitröppur	Tvílyft Hornsneitt Svalir Útitröppur Ris		
Saga				

Húsið Sæborg er byggt árið 1913 af Pálma Péturssyni verslunarmanni. Smíði hússins hófst vorið 1913 og lauk um haustið. Líklega er húsið fyrsta íbúðarhúsið á Sauðárkróki sem steyp var í föstum mótum og einnig skartaði tveimur hæðum ofan á kjallara. Ýmis starfsemi hefur verið í húsinu og í dag er þar veitingahús á neðri hæð en íbúð á þeirri efri.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Steinsteypt lágris gerð og hornsneitt.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Fyrsta íbúðarhúsið á Sauðárkróki sem steyp er í mótum. Hefur hýst ýmsa félags- og þjónustustarfsemi.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Mikilvægur hluti af götumynd með sterk sjónræn áhrif.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur fengið að halda formi sínu en gluggagerð, tröppum og inngangi hefur verið breytt sem breytir ásýnd hússins.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsinu hefur verið haldið við síðustu ár.

Varðveislugildi:

Hátt Varðveislugildi vegna aldurs og menningarsögu.

Verndarflokkar:

Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Jóhannes Jóhannesson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun / Iðnaður
Núverandi notkun: Íbúð / Iðnaður



Miklibær - Brot úr markaðsmynd frá 1903. Mynd



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	Inngönguskúr að sunnan breytt og stækkaður, flatt þak í stað mænis.	
Útveggir:		Timbur	Húsið klætt með bárujárn. Gatan hækkuð svo húsið stendur ekki á jafn	
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak	2011 Húsið fært í upprunalegt útlit, klætt að utan og nýjir gluggar settir.	Magnús Ingvarsson, Byggingarfræðingur
Þakklæðning: Timbur og pappi		Bárujárn	1994 Glugga á framhlið hússins breytt. Stækkaður og póstum breytt.	Guðmundur Þór Guðmundsson, Byggingarfræðingur
Undirstaða: Steinsteyp		Steinsteyp		
Útlit: Einlyft		Einlyft		
	Kvistir	Ris		
	Ris	Kjallari		
	Reykháfur	Inngönguskúr (bíslag)		
	Kjallari	Kvistir		

Saga

Húsið við Aðalgötu 9 er timburhús byggt árið 1900 af Jóhannesi Jóhannessyni skósmið. Þá var í húsinu bæði skósmíðaverkstæði og verslun þar sem verslað var með skartgrip, úr, klukkur o.fl. Þóra Jóhannsdóttir var með verslun í húsinu um áratuga skeið og seldi einkum textil og matvöru. Síðustu ár hefur íbúð verið á efri hæð og hárgreiðslustofa á neðri hæð. Árið 2011 var farið í endurbætur sem sneru að því að færa húsið í upprunalegt útlit. Það var klætt að utan og nýjir gluggar settir sem samræmdust þeim sem voru upprunalega.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	Húsið er gott dæmi um sveitserhús.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlung	Eitt af eldri húsum bæjarins og hluti af verslunarsögu staðarins.
Umhverfisgildi:	Hátt	Mikilvægur hluti götumyndar.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið hefur verið endurgert í upprunalegri mynd.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ásigkomulagi.

Varðveislugildi:

Hátt Friðað vegna aldurs og hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Verndarflokkar:

Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Eggert Kristjánsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð / Iðnaður
Núverandi notkun: Íbúð



Deild eftir 1913 - Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	1913 Fyrir árið 1913 hefur húsið verið lengt og bíslag á suðurhlið fjarlæggt.	
Útveggir:		Múrsléttað	1953 Kvistur settur í þak á vesturhlið og dyr á sömu hlið.	
Þakgerð:	Brotþak (mansard)	Brotþak (mansard)	Húsið hefur verið forskalað	
Þakklæðning:	Timbur, pappi og járn	Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft Ris Reykháfur Kjallari Portbyggt	Einlyft Portbyggt Ris Kjallari		
Saga				

Timburhúsið Deild var reist árið 1901 af Eggerti Kristjánssyni söðlasmið til íbúðar og verslunar en húsið er eina sinnar tegundar á Sauðárkróki með mansardþak. Deild stendur nær alveg upp við húsið Aðalgötu 10b en það skýrist af því að til stóð að rífa Deild þegar Aðalgata 10b var reist. Af þeirri framkvæmd varð aldrei og stendur Deild því í hvarfi á bak við þetta þriggja hæða steinsteypta hús.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	Eina húsið á Sauðárkróki með mansardþaki.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið byggt sem söðlasmiðaverkstæði og íbúð. Hefur lengst af verið nýtt sem íbúðarhús. Einstakt á staðbundna vísu. Eina húsið sinnar tegundar á Sauðárkróki og eitt af eldri húsum bæjarins
Umhverfisgildi:	Lágt	Til stóð að rífa húsið og var hátt steinsteypt hús byggt fyrir framan og yfir það. Fyrir vikið standa þessi tvö hús ofan í hvort öðru og hvorugt þeirra nýtur sín í umhverfinu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Form hússins hefur haldið sér en vegna nálægðar við Aðalgötu 10B er erfitt að halda því við. Bætt hefur verið við kvisti og inngangi breytt. Forskalað.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Forskalað, óvíst um ástand timburveggja. Gluggar og þak þarfnast viðgerðar.

Varðveislugildi:

Hátt Húsið hefur hátt varðveislugildi vegna byggingarlistar og aldurs.

Verndarflokkar:

Friðuð hús - fjóluþlár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun
Núverandi notkun: Verslun / Þjónusta



Aðalgata 10a um 1960 - Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteyp		Steinsteyp	1993 Suður- og austurhlíð klætt bárujárn.	Kári Þorsteinsson, Smiður
Útveggir: Múrsléttað		Múrsléttað		
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak	1995 Útidyrhurð sett á austurvegg efri hæðar.	Kári Þorsteinsson, Smiður
Þakklæðning: Þaksteinn		Bárujárn		
Undirstaða: Steinsteyp		Steinsteyp		
Útlit: Tvílyft		Tvílyft Svalir		

Saga

Húsið Aðalgata 10a er steinsteyp tveggja hæða hús sem var byggt árið 1958. Húsið hefur lítið breyst frá upphaflegri gerð sinni en í dag hýsir það ljósmyndastofu Stefáns Pedersen og gistiheimili á efri hæð en þar var áður íbúð. Um miðbik 20. aldar voru stór steinsteyp hús byggð fyrir framan eldri hús á svæðinu Aðalgötu 10 til 14. Líklega hefur hugmyndin verið sú að fjarlægja skyldi eldri hús en það var ekki gert. Fyrir vikið verður götumyndin á þessum parti klúðursleg.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Ber merki þess að húsið hafi verið byggt með það að leiðarljósi að nýta það takmarkaða rými sem Aðalgatan bauð upp á, á þessum tíma.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Eitt dæmið um hús í Aðalgötunni sem var byggt sem verslun (neðri hæð) og íbúð (efri hæð).
Umhverfisgildi:	Lágt	Dæmi um tilraun til þéttingu og þrengingu Aðalgötunnar sem meginverslunargötu bæjarins.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Lítið verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Þokkalega viðhaldið.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið hefur varðveislugildi sökum staðsetningar sinnar í götumynd.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Konráð Þorsteinsson
Hönnuður: Mikael Jóhannesson

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun
Núverandi notkun: Íbúð / Verslun / Þjónusta



Mynd: Marteinn Steinsson um 1980



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteipt		Steinsteipt		
Útveggir: Múrsléttað		Múrsléttað		
Þakgerð: Einhalla (skúrþak)		Einhalla (skúrþak)		
Þakklæðning: Bárújárn		Bárújárn		
Undirstaða: Steinsteipt		Steinsteipt		
Útlit: Þrílyft		Þrílyft Svalir		

Saga

Húsið Aðalgata 10b er steinsteipt þriggja hæða hús sem var reist árið 1954 af Konráð Þorsteinssyni en húsið teiknaði Mikael Jóhannesson. Húsið var upphaflega verslunarhúsnæði, ein hæð með bráðabirgða þaki en á næstu þremur árum voru efri hæðir hússins og stigagangur byggt og hefur húsið tekið litlum breytingum síðan þá. Endurbætur standa nú yfir á húsinu þar sem verið er að skipta um glugga og laga múrskemmdir. Húsið hefur hýst ýmsa starfsemi á neðstu hæðinni en íbúðir á þeim efri. Um miðbik 20. aldar voru stór steinsteipt hús byggð fyrir framan eldri hús á svæðinu Aðalgötu 10 til 14. Líklega hefur hugmyndin verið sú að fjarlægja skyldi eldri húsin en það var ekki gert. Fyrir verður götumyndin á þessum parti klúðursleg.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Steinsteypuhús frá miðri 20. öld með einkenni sem svipar til módernisma, t.d. einhalla þak
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Byggt sem verslunar- og íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið brýtur hlutföll við Aðalgötuna vegna hæðar sinnar. Var byggt ofan í Deild og var aldrei klárað til austurs, þar sem Deild (Aðalgata 10) hefur ekki verið rifin eins og upphaflega var ætlað.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur lítið sem ekkert verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Viðhald stendur yfir.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið er í þökkalegu ástandi en hefur frekar neikvæð áhrif á götumynd vegna stærðar og staðsetningar þar sem það er hætt ofan í eldra hús.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Pétur Sighvatsson og Steindór Jónsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð / Iðnaður
Núverandi notkun: Íbúð



Höfði í upprunalegri mynd sinni- Mynd úr safni



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	1923 Timburtröppur sem áður vísuðu út á götu steypar við suðurhlíð forstofu.	
Útveggir: Timbur		Bárujárn og hamrað járn	1936 Porthæð byggð ofan á húsið og sett járnklæðning á húsið.	
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak	1991 Forstofubýgging að austan rifin og gluggagerð á kjallara breytt.	Árni Ragnarsson, Arkitekt
Þakklæðning: Timbur, pappi og járn		Bárujárn	1971 Gluggum breytt á kjallara	
Undirstaða: Steinsteypt				
Útlit: Kjallari		Einlyft		
		Portbyggt		
		Ris		
		Útitröppur		
Saga		Kjallari		

Timburhúsið Höfði var reist af Pétri Sighvatssyni úrsmið og Steindóri Jónssyni trésmið árið 1904. Þar var fyrsta símsstöðin sett niður og starfrækt í húsinu til ársins 1954. Pétur og Steindór áttu sitt hvorn helminginn í húsinu og voru þeir þar með vinnustofur sínar í kjallaranum. Byggð var porthæð ofan á húsið árið 1936 og var húsið þá jafnframt klætt með járnklæðningu. Árið 1991 var forstofubýgging að framan rifin og tröppur fjarlægðar en þær þóttu ógna umferðaröryggi þeirra sem gengu um gangstéttar Aðalgötunnar. Annar inngangur er bak við hús á vesturhlíð. Sama ár var húsið klætt að hluta til með bárujárn og settir nýjir gluggar á austurhlíð. Verslunin Drangey var í kjallara hússins um tíma.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Húsið var á einni hæð, af lágris gerð en er portbyggt í dag. Heldur samt ásýnd eldra húss.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Með eldri húsum bæjarins. Fyrsta símsstöðin hýst í þessu húsi, ýmis önnur verslunar- og þjónustustarfsemi var einnig í húsinu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Mikilvægur hluti götumyndar Aðalgötu. Hefur yfirbragð eldra húss sem fellur vel að umhverfi elsta hluta bæjarins.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Óafturkræfar breytingar gerðar 1936 en húsið heldur enn karekter eldra húss.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í ágætu ástandi.
Varðveislugildi:	Hátt	Friðað vegna aldurs og hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.
Verndarflokkar:		Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Óvíst
Núverandi notkun: Geymsluskúr



Skúrin fyrir miðju með einhalla þaki. Mynd um úr

Mynd: SFA - apríl 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur og járn		Timbur og járn		
Útveggir:		Timbur og járn		
Þakgerð:	Einhalla (skúrþak)	Einhalla (skúrþak)		
Þakklæðning:	Járn	Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga

Skúrin við Aðalgötu 11 er samkvæmt fasteignaskrá byggður 1936 og sést hann fyrst á yfirlitsmyndum um það leyti. Brunavirðing fyrir skúrin finnst ekki enda líklegt að hann hafi fyrst um sinn verið hjallur eða önnur bygging sem ekki taldist nægilega verðmæt svo hún yrði virt til brunavirðingar. Skúrin er í dag notaður til geymslu og er eins og upphaflega úr timbri og járn, þótt mögulegt sé að byggingarefni hafi verið endurnýjað að hluta til. Hefur tekið nokkrum breytingum í gegnum tíðina og verið stækkaður bæði til suðurs og vesturs

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Einföld skúrabygging.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Gott dæmi um sjálfsþurftarbúskap í kjölfar kreppu.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Lítið áberandi bakhús.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Hefur tekið breytingum í gegnum tíðina vegna viðbygginga.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Ágætlega viðhaldið.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Skúr í þokkalegu ástandi sem fellur ágætlega að unhverfinu.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Carl Knudsen
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Yfirlitsmynd frá 1898 úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	1910 Eftir 1910 hefur verið byggður skúr áfastur við húsið. Nú horfinn.	
Útveggir:		Múrsléttað	1946 Hæð verið byggð ofan á húsið. Nú tveggja hæða með risi. Forskalað.	
Þakgerð:		Mænisþak	1949 Sótt um að hækka rishæð.	
Þakklæðning:	Timbur og pappi	Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft Ris Kjallari Reykháfur	Tvílyft Ris Inngönguskúr (bíslag) Reykháfur Kjallari		
Saga	Viðbygging			

Timburhúsið Hof við Aðalgötu 12 reisti Carl Knudsen árið 1897 og bjó í því til dauðadags. Hvítasunnusöfnuðurinn hafði húsið síðar sem fundarhús og fékk það þá nafnið Fíladelfía en í dag er það notað til íbúðar. Húsið var fyrst ein hæð með risi en síðar var byggð hæð ofan á og það múrhúðað. Endurbætur standa nú yfir á húsinu þar sem stendur til að klæða það að utan og skipta um glugga, nýlega hefur verið skipt um þakjárn. Um miðbik 20. aldar voru stór steinsteypt hús byggð fyrir framan eldri hús á svæðinu Aðalgötu 10 til 14. Líklega hefur hugmyndin verið sú að fjarlægja skyldi eldri húsin en það var ekki gert. Fyrir vikið verður götumyndin á þessum parti klúðursleg.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Húsið gjörbreytt frá upprunalegri gerð og erfitt að setja húsið í ákveðinn flokk byggingarstíla vegna þessa.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Carl Knudsen byggði og bjó í þessu húsi en hann var frumkvöðull á sviði ræktunar matjurta og blóma. Húsið hýsti hvítasunnusöfnuð á Sauðárkróki um árabil. Eitt af elstu húsum bæjarins.
Umhverfisgildi:	Lágt	Þrengt hefur verið að húsinu með seinna tíma byggingum sem hefur rýrt umhverfisgildi þess. Stendur aftur í götumyndinni.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Gjörbreytt frá upprunalegri mynd.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Illa farið en endurbætur hafnar.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:	Miðlungs	Húsið er friðað vegna aldurs og hefur gildi vegna menningarsögu.
-----------------	----------	--

Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Björn Stefánsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Brot úr yfirlitsmynd frá 1903. Mynd úr safni HSk



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	1907 Hlerar settir við glugga	
Útveggir: Timbur		Timbur á norðurhlið en		
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak	1930 Hurð sett á suðurhlið viðbyggingar	
Þakklæðning: Timbur og pappi		Bárujárn		Húsið bárujárnsklætt og gluggagerð breytt í einpósta glugga.
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft Kvistir Ris Reykháfur	Einlyft Kvistir Ris Portbyggt Reykháfur	1970 Húsið forskalað	
Saga			Norðurhlið hússins timburklædd og settir nýjir gluggar í gamla stílnum	

Víðimýri er portbyggt timburhús sem stendur við Aðalgötu 13 og var byggt árið 1897 af Birni Stefánssyni trésmið frá Kirkjuskarði. Húsið hefur tekið nokkrum breytingum frá upprunalegu útliti sínu. Um tíma var það klætt bárujárni en síðar hefur húsið verið múrhúðað. Gluggagerð hefur einnig tekið breytingum. Búið er að klæða norðurhlið hússins með lóðréttri timburklæðningu. Jafnframt hafa verið settir gluggar, á sömu hlið, líkt þeim sem voru upprunalega á húsinu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Ósamræmi í ytri klæðningu og gluggagerð. Húsið heldur formi byggingarstílsins (einfalt 19. aldar timburhús) þrátt fyrir breytingar.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Eitt af eldri húsum bæjarins, íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er mikilvægur hluti götumyndar, vestan megin í Aðalgötu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur breyst nokkuð frá upprunalegu útliti, ólík gluggagerð hefur þar mikið að segja. Einnig múrhúðun í stað timburklæðningar.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er múrhúðað.

Varðveislugildi: Hátt Friðað vegna aldurs og hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Árni Daníelsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Verslun
Núverandi notkun: Verslun / Þjónusta



Mynd frá um 1950-1960 úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteyp		Steinsteyp	1948 Byggð önnur hæð ofan á húsið og það lengt til austurs.	
Útveggir: Múrsléttað		Múrsléttað	1993 Breyting á gluggum á austurhlið.	Árni Ragnarsson, Arkitekt
Þakgerð: Einhalla (skúrþak)		Valmaþak		
Þakklæðning: Timbur, pappi og járn		Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit: Einlyft Reykháfur		Tvílyft Svalir Reykháfur		

Saga

Árni Daníelsson verslunar- og athafnamaður frá Sjóvarborg byggði steinsteypuhús til verslunar við Aðalgötu 14 árið 1933 og kallaði það Litlaborg. Fyrst var húsið ein hæð með sléttu þaki en síðar var það lengt til austur og byggð hæð ofan á það til íbúðar. Ýmis starfsemi hefur verið í húsinu og nú síðast blómabúð á neðri hæð en gistiheimili á efri. Um miðbik 20. aldar voru stór steinsteyp hús byggð fyrir framan eldri hús á svæðinu Aðalgötu 10 til 14. Líklega hefur hugmyndin verið sú að fjarlægja skyldi eldri hús en það var ekki gert. Fyrir vikið verður götumyndin á þessum parti klúðursleg.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Vegna þess hve lengi húsið var í byggingu má ætla að það hafi tekið mið af ýmsum byggingarstílum og tískustraumum.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Hús byggt sem verslun (neðri hæð) og íbúð (efri hæð).
Umhverfisgildi:	Lágt	Stendur á horni. Stendur mun framar en húsið við hliðina.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið byggt í áföngum en hefur ekki breyst mikið eftir að byggingu lauk.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsinu hefur verið þökkalega viðhaldið í gegnum tíðina.

Varðveislugildi: Miðlungs Hús í þökkalegu ástandi.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Ólafur Jónsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð / Iðnaður
Núverandi notkun: Engin starfsemi í húsinu. Leigt undir



Ólafshús um 1920 - Mynd úr safni HSk



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	1941 Byggt við húsið til norðurs notað til inngöngu. Húsið klætt að utan með	
Útveggir: Timbur		Múrsléttað	1982 Glerhús byggt áfast sunnan við húsið. Þá hafði húsið verið forskalað.	Bragi Þór Haraldsson, Byggingatæknifræðingur
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak	1998 Glerhús rífið og byggð viðbygging til suðurs úr timbri og steypu.	Mikael Jóhannesson,
Þakklæðning: Timbur og pappi		Bárujárn		
Undirstaða: Hlaðin úr hraungrýti/grjóti		Hlaðin úr hraungrýti/grjóti		
Útlit: Inngönguskúr (bísлаг)		Einlyft		
		Portbyggt		
		Kvistir		
		Ris		
Saga	Reykháfur	Útitróppur		

Timburhúsið Ólafshús sem stendur við Aðalgötu 15 var byggt árið 1897 af Ólafi Jónssyni söðlasmið frá Dæli. Í húsinu var Ólafur með söðlaverkstæði. Fyrsta lyfjaverslun Sauðárkróks og Sparisjóður Sauðárkróks og Búnaðarbankinn voru hér til húsa. Frímúrarastúkan átti húsið um árabil og síðast var þar veitingarekstur. Húsið hefur tekið nokkrum breytingum frá upphaflegri gerð. Byggt hefur verið við norður hlið hússins og það notað m.a. sem anddyri. Síðan hefur verið byggður salur út frá suðurhlið og síðast kom viðbygging aftan við húsið. Húsið hefur jafnframt verið múrhúðað og gluggagerð breyst.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Aðalhúsið heldur yfirbragði síns byggingarstíls þrátt fyrir nokkrar breytingar á húsinu.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Eitt af elstu húsum bæjarins og í því hefur verið ýmiss konar verslunar- og þjónustustarfsemi.
Umhverfisgildi:	Hátt	Mikilvægur hluti götumyndar vestan Aðalgötu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsinu hefur verið breytt nokkuð. Áhrifamestu breytingarnar eru viðbyggingarnar en þær eru að öllum líkindum afturkræfar. Forskalað.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsinu hefur verið ágætlega haldið við.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar: Friðað vegna aldurs og hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Vigfús Guðmundsson Melsteð
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Verslun



Laufás um aldamótin - Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	1912 Inngangur færður á miðju og tveir gluggar stækkaðir. Klætt að utan með	
Útveggir:		Timbur	1945 Byggt við húsið til norðurs.	
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak	1964 Viðbygging austan við húsið (vörugeymsla, verslun, verkstæði).	Steingrímur Þorleifsson, Byggingatæknifræðingur
Þakklæðning:	Timbur, pappi og járn	Bárujárn	2009 Húsið endurbyggt í upprunalegum stíl eftir bruna en viðbygging hélt sér.	Bjarni Reykjalin, Arkitekt
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft Kvistir Ris Kjallari Reykháfur	Einlyft Kvistir Kjallari		

Saga

Timburhúsið Laufás við Aðalgötu 16 var reist af Vigfúsi Guðmundssyni Melsteð. Bygging þess fór fram á árunum 1887-1890. Lóðin var útmæld og efniviður keyptur og smíði hafin árið 1887. En var ekki að fullu lokið fyrr en árið 1890. Húsið var fyrst notað sem sýslumannsbústaður, síðar gegndi það hlutverki íbúðar, verslunar og þjónustu. Laufás tók nokkrum breytingum í gegnum tíðina og var húsið meðal annars stækkað og bætt við það kvist að framan og byggt við það að aftan. Húsið brann síðan árið 2008 og var endurbyggt í nokkurn veginn upprunalegum stíl ári síðar. Í dag er þar veitingastaðurinn Kaffi Krókur restaurant.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	Endurbyggt 2008 og eldri stíll hafður að leiðarljósi (eitt afbrigði dansk-íslenskrar gerðar).
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Sýslumannshús um árabíl og hýsti síðar ýmsa verslun og þjónustu. Þarna bjuggu margir þekktir einstaklingar svo sem Gunnþórunn Sveinsdóttir, Frank Michelsen og Valgard Claessen.
Umhverfisgildi:	Hátt	Fellur vel að götumyndinni.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Var endurbyggt eftir bruna (2008) og þá leitast við að byggja í upprunalegum stíl en lítið nýtt af upprunalegu efni hússins.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Endurbyggt 2008.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Kaupfélag Skagfirðinga
Hönnuður: Sigurður Jóhannsson

Upphafleg notkun: Iðnaður
Núverandi notkun: Menningarstarfsemi



Mynd Stefáns Pedersen tekin um 1960



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteipt		Steinsteipt	1985 Hurð sett á húsið, nyrst á vesturhlið.	BFS,
Útveggir: Múrsléttað		Múrsléttað		
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak	1997 Bogadregið anddyri sett á vesturhlið.	Hjörleifur Stefánsson, Arkitekt
Þakklæðning: Timbur, pappi og járn		Bárujárn		
Undirstaða: Steinsteipt		Steinsteipt		
Útlit: Tvílyft		Tvílyft		
	Ris	Kvistir		
		Inngönguskúr (bíslag)		

Saga

Árið 1946 lét Kaupfélag Skagfirðinga byggja tveggja hæða steinsteipt hús til vörugeymslu. Húsið hefur ekki tekið miklum breytingum frá upphaflegri gerð en það gegndi hlutverki Minjahúss Skagfirðinga á árunum 1996 - 2017. Á því tímabili var byggt andyri með bogadregnu þaki framan á húsið. Húsið er nú aftur komið í eigu Kaupfélags Skagfirðinga.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Húsið er byggt sem vörugeymsla og hefur lítið varðveislugildi út frá sjónarmiði byggingarlistar.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið var lengst af vörugeymsla en seinna gegndi það hlutverki Minjahúss.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið lokar sjónlínu frá Aðalgötu niður að sjó og er stór hluti af rýmismyndun milli Aðalgötu 14 og 16.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur haldið formi sínu og ekki tekið stórvægilegum breytingum en þær breytingar hafa þó heldur rýrt varðveislugildi hússins.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er sterkbyggt en þarfnast viðhalds.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hús í þokkalegu ástandi.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Menningarstarfsemi



Mynd tekin um 1990 úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur		
Útveggir:		Múrhúð og timbur		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Járn á langböndum	Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft Portbyggt Ris	Einlyft Ris Portbyggt		

Saga

Í brunavirðingu frá árinu 1917 er húsið við Aðalgötu 16c virt sem gripa- og geymsluhúsnæði í eigu Árna Daníelssonar, verslunarmanns. Í virðingunni segir að húsið sem um ræðir sé timburhús, ein hæð með porti og risi þar sem var eitt hesthús, eitt fjós og geymslupláss, loft var yfir öllu húsinu. Stundum hefur þetta hús verið kallað Hofsbúðir en það nafn er talið tilkomið vegna þess að húsið stendur aftan við húsið Hof sem Carl Knudsen kaupmaður átti og þetta hús hafi tilheyrt því. Í daglegu tali er húsið kallað Maddömmukot en þar er starfrækt starfsemi á vegum hóps kvenna sem kalla sig Maddömur og selja þar handverk. Norðurhlið hússins er múrhúð og svo má finna mismunandi gerðir timburklæðninga á hinum hliðum hússins. Nýlega var skipt um þakjárn og sperrur og sett ný hurð á vesturhlið.

Þetta hús hefur valdið mörgum heilabrotum. Samkvæmt fasteignamati er húsið byggt árið 1887 en ekki hafa fundist ritaðar heimildir sem styðja það. Carl Knudsen kaupmaður fékk lóðina sem húsið stendur á útmælda þetta ár en húsið er ekki að finna á korti eða yfirlitsmyndum fyrr en á árið 1917. Munnmæli segja húsið vera flutt frá Hofsósi eða Grafarósi. Útlit hússins styður þá hugmynd því það fellur að dansk-íslenski gerð sem algeng var á seinni hluta 19. aldar.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Ágætur fulltrúi dansk-íslenskar gerðar timburhúsa frá 19. öld.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Eitt af eldri húsum bæjarins. Hefur gegnt ýmsum hlutverkum, svo sem brennivínssala, geymsla, gærusóltun og handverkssala.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Bakhús sem er umvafið yngri steinsteyptum húsum en myndast ákveðið samspil á milli Kaffi Króks og Maddömmukots.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Norðurhlið hússins er forsköluð. Finna má mismunandi gerðir timburklæðninga á hinum hliðum hússins. Mætti hlúa betur að upprunaleikanum.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Nýtt þak er á húsinu en forskölnun ónýt. Húsið þarfnast viðhalds.

Varðveislugildi: Miðlungs Eitt af elstu húsum bæjarins en þarfnast viðhalds.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Kristján Guðmundsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Svangrund um 1900 - Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	1995 Leyfi gefið fyrir byggingu garðskála sem skyldi áfastur húsinu til vesturs.	Guðmundur Þór Guðmundsson, Byggingafræðingur
Útveggir: Timbur		Bárujárn		
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak		
Þakklæðning: Timbur og pappi		Bárujárn		
Undirstaða: Hlaðin úr hraungrýti/grjóti		Hlaðin úr hraungrýti/grjóti		
Útlit: Einlyft		Einlyft		
	Ris	Ris		
	Reykháfur	Útitröppur		
	Kjallari	Viðbygging		
		Kjallari		

Saga

Húsið Svangrund við Aðalgötu 17 er timburhús byggt árið 1888 af Kristjáni Guðmundssyni skipasmið. Af ljósmyndum frá því í kringum 1920 má sjá að þá er búið að klæða húsið með bárujárni á suðurhlíð en hömrðu járni á austurhlíð. Tveir steiptir reykháfar verið settir og þak klætt með bárujárni. Í kringum 1960 virðist vera búið að forskala austurhlíðina og steypa útitröppur sem vísa fram á götu. Búið er að múra steinhleðslu í undirstöðu og breyta glugga- og hurðagerð. Í dag er búið að fjarlægja steiptu tröppurnar og setja timburtröppur og handrið við. Engir strompar eru sjáanlegir og búið er að klæða húsið með bárujárni.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	Húsið hefur nokkuð dæmigert útlit fyrir byggingarstílinn (timburhús af dansk-íslenskri gerð).
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Eitt af elstu húsum bæjarins og hefur haldið svipmóti sínu ágætlega. Íbúðarhús lengst af en um aldamótin 1900 var þó hluti þess skósmíðaverkstæði.
Umhverfisgildi:	Hátt	Mikilvægur hluti götumyndar vestan Aðalgötu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur lítið breyst í aðalatriðum, klæðning og gluggagerð hefur lítilla breyst og byggt við húsið til norðurs.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í ágætu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Hátt	Friðað vegna aldurs og hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.
Verndarflokkar:		Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Jón Guðmundsson frá Brennigerði og Sigurður Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Krá og gistiheimili



Mynd úr safni HSK. - Tekin um 1923-1930



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	1923 Kjallarinn stækkaður til suðurs með steiptum veggjum og á hann byggt	
Útveggir: Timbur		Múrsléttað	1956 Önnur steinsteipt viðbygging til suðurs. Húsið allt forskalað að utan,	
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak á elsta hluta en	2014 Innanhúsbreytingar en að auki var settur þakgluggi á vesturhlið hússins	Ingunn Helga Hafstað, Arkitekt
Þakklæðning: Timbur, pappi og járn		Bárujárn	1950 Viðbyggingvestan við suðurhlið hússins 4.5 m til vesturs og 6, 35 til	
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft Kvistir Ris Reykháfur	Einlyft Kvistir Ris Útitróppur		
Saga	Viðbygging		

Húsið Skjaldborg er timburhús byggt árið 1897 og var byggt sem tvær íbúðir. Jón Guðmundsson frá Brennigerði byggði suðurhlutann og bjó þar en Sigurður Jónsson frá Hvalnesi norðurhlutann. Seinna var hér apótek og íbúð þeirra Minnu og Ole Bang lyfsala. Þau stækkðu apótekið með tveimur viðbyggingum til suðurs. Auk viðbygginganna hefur húsið verið forskalað og bæði glugga- og hurðagerð verið breytt. Húsið hefur á síðari árum verið notað til verslunar, sem ljósmyndastofa og síðast sem krá og gistiheimili.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Húsið hefur enn á sér brag eldra húss þótt ýmsu hafi verið breytt, s.s. gluggum og klæðningu. Viðbyggingar hafa rýrt gildi hússins.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Eitt af elstu húsum bæjarins, hér var apótek og húsið mikilvægt í tengslum við verslunarsögu staðarins.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er mikilvægur hluti götumyndar vestan Aðalgötu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur breyst töluvert frá upprunalegu útliti en elsti hlutinn heldur þó formi sínu. Forskalað.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er friðað sökum aldurs og hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis. Elsti hlutinn ræðir varðveislumatinu.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti

Fyrsti eigandi: Bjarni Jóhannesson frá Laugabrekku í Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Brot yfirlitsmynd frá 1888 úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur, pappi og járn		Timbur, pappi og járn	1985 Bætt við kvisti í þakfleti á austurhlið.	Árni Ragnarsson, Arkitekt
Útveggir:		Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak	1897 Húsið lengt til norðurs og þakgluggar settir. Hurð komin að framanverðu	
Þakklæðning:	Timbur, pappi og járn	Bárujárn	1917 Hæð byggð ofan á húsið, viðbygging til austurs og gluggaskipan breytt	
Undirstaða:	Hlaðin úr hraungrýti/grjóti		1927 Sólstofa byggð ofan á viðbyggingu til austurs	
Útlit:	Ris Kjallari Viðbygging Einlyft	Tvílyft Ris Kjallari Viðbygging Inngönguskúr (bíslag)		

Saga

Briemshús við Aðalgötu 20 var lítið timburhús byggt árið 1880 af Bjarna Jóhannessyni frá Laugabrekku í Seyluhreppi en húsið gekk fyrst undir nafninu Bjarnahús. Húsið hefur tekið gagngerum breytingum en það var fyrst aðeins ein hæð með háu risi og mun mjórri en það er nú. Í dag er húsið á tveimur hæðum með risi, á neðri hæð er hluti nýttur til verslunar og þjónustu en íbúðir í öðrum hlutum hússins.

Varðveislumat:


Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Í upphafi var húsið látlaust timburhús, á einni hæð, með nokkuð bröttu risi. Í dag er það tveggja hæða, með risi, múrhúðað. Verslunargluggar á vesturhlið hafa áhrif á ámynd þess.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Í grunninn eitt af elstu húsum bæjarins. Íbúðarhús og í seinni tíð ýmiss konar verslun og þjónusta á hluta neðri hæðar.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið var áður hluti götulinu austan Aðalgötu en stendur nú eitt með auðar lóðir sitt hvoru megin.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsinu hefur verið gjörbreytt og lítið sem minnir á upphaflega gerð þess.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið þarfnast viðhalds.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:	Miðlungs	Húsið er friðað vegna aldurs en hefur þess utan fremur lágt varðveislugildi.
		Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Hreinn Sigurðsson
Hönnuður: Steingrímur Th. Þorleifsson

Upphafleg notkun: Iðnaður
Núverandi notkun: Þjónusta



Teikning hönnuðar frá 1969



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteyp		Steinsteyp	1976 Byggð önnur hæð og stigahús að norðanverðu.	Steingrímur Th. Þorleifsson, Byggingatæknifræðingur
Útveggir: Múrsléttað		Múrsléttað	1980 Byggður áfastur bílskúr, innangengt úr húsi í skúr	Bragi Þór Haraldsson, Byggingatæknifræðingur
Þakgerð: Flatt þak		Flatt þak	1969 Ósk um að byggja iðnaðarhúsnæði á baklóð við Aðalgötu 20.	Steingrímur Th. Þorleifsson,
Þakklæðning: Þaksteinn		Tjargaður þakpappi	1971 Óskað er eftir að setja dyr sem voru á vesturvegg norðurálmú á austurvegg.	
Undirstaða:		Steinsteyp		
Útlit: Tvílyft		Tvílyft Útitróppur		

Saga

Þetta tveggja hæða steinsteypa hús stendur sem bakhús við Aðalgötu. Það er byggt af Hreini Sigurðssyni. Fyrst var byggð ein hæð árið 1969 en síðar, nánar til tekið árið 1976, var byggð önnur hæð ofan á og stigahús. Bílskúr kom enn síðar áfastur við húsið. Húsið hefur hýst ýmsa starfsemi og síðast sem líkamsræktarstöð með aðstöðu fyrir snyrtifræðinga og sjúkrahjálpara. Hárgreiðslustofa hefur verið starfrækt í bílskúrhluta hússins.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Húsið hefur ekki varðveislugildi út frá sjónarmiði byggingarlistar.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Ýmis konar verslun og þjónusta hefur verið í húsinu.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið tilheyrir þeirri röð húsa sem standa við Strandveginn og var áður bakhlið bæjarins.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur lítið sem ekkert verið breytt eftir að efri hæð þess var byggð.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi.

Varðveislugildi: Miðlungs Hús í þokkalegu ástandi og hluti rýmismyndunar milli Aðalgötu 14 og 16.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Valgard Classen
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun
Núverandi notkun: Iðnaður



Kaupangur nýlega byggt - Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss: Upphafleg: Núverandi:

Byggingarefni:	Timbur	Timbur
Útveggir:	Timbur	Bárujárn
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Timbur, pappi og járn	Bárujárn
Undirstaða:		
Útlit:	Einlyft Kvistir Ris Reykháfur Kjallari	Tvílyft Ris Viðbygging

Saga

Valgarð Claessen sem áður var verslunarstjóri fyrir L. Popp reisti árið 1887 portbyggt timburhús sem notað var til verslunar og vörugeymslu. Sigurgeir Daníelsson keypti síðar húsið eftir að Claessen flutti til Reykjavíkur árið 1904. Sigurgeir lét stækka húsið og stundaði þar viðskipti í nokkur ár en seldi síðar Kaupfélagi Skagfirðinga húsið. Þá var húsinu breytt mikið og stækkað og var kallað Syðribúð. Á síðari árum hefur húsið verið bárujárnsklætt og skipt um glugga og hurðir. Húsið hýsir nú verkfræðistofuna Stoð.

Heimild:

Saga Sauðárkróks – fyrri hluti, bls. 187.

Helstu breytingar:

- 1988 Glugga og hurðagerð breytt ásamt glugga- og hurðaskipan
- 1910 Hæð byggð á syðsta hluta og stafn þeirrar hæðar snýr í austur.
- 1920 Hæð og risi bætt ofan á allt húsið og stafn sýr í suður. Lengt til norðurs.

Hönnuðir breytinga:

Jón Örn Berndsen,
Byggingaverkfræðingur

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	Ágætur fulltrúi byggingarstíls 3. áratugar 20. aldar sem byggir á eldri grunni (19. aldar). Fallegt hús sem sómir sér vel í götumyndinni.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Með eldri húsum bæjarins sem einnig á stóran sess í verslunarsögu staðarins.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er mikilvægur hluti götumyndar vestan Aðalgötu og einn hluti rýmisins við Kaupvangstorg.
Upprunalegt gildi:	Miðlung	Húsið hefur haldið stíl sínum þrátt fyrir töluverðar breytingar fyrstu áratuginu en litlar breytingar verið gerðar frá 1920.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu hefur verið vel við haldið.

Varðveislugildi:

Hátt Friðað sökum aldurs og hefur hátt varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Verndarflokkar:

Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti

Fyrsti eigandi: Kaupfélag Skagfirðinga
Hönnuður: Sveinbjörn Jónsson

Upphafleg notkun: Iðnaður
Núverandi notkun: Stendur autt



Samlagið um 1950 - Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Flatt þak	Flatt þak		
Þakklæðning:	Timbur, asfalt pappi og	Þaksteinn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		
	Kjallari	Viðbygging		
	Reykháfur	Kjallari		
	Viðbygging			

Saga

Húsið var reist á árunum 1934-1935 og var tekið í notkun sem mjólkursamlag 10. júlí 1935. Sveinbjörn Jónsson teiknaði samlagið og Hróbjartur Jónasson múrrameistari sá um byggingarframkvæmdir. Húsið hefur tekið nokkrum breytingum frá upphaflegri gerð. Í nyrsta hluta á austurhlíð hefur verið byrgt fyrir einn glugga af fimm og tveir vikið fyrir iðnaðarhurð. Og á miðbyggingunni hefur verið byrgt fyrir 6 glugga og sett iðnaðarhurð. Þakið hefur verið hækkað á suðurhlutanum. Eftir að mjólkursamlagið flutti í nýtt húsnæði 1951 hefur byggingin hýst ýmsa starfsemi, svo sem fóðurlönduverksmiðju og síðast vinnustofu fyrir fólk með fötlun og sem geymslurými. Húsið er nú í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar og framkvæmdir við endurbætur hófust árið 2018.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Húsið er byggt í fúnksjónal stíl, höfundarverk Sveinbjörns Jónssonar.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Fyrsta mjólkursamlagið sem reis á Sauðárkróki.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Mikilvægur hluti götummyndar vestan Aðalgötu en núverandi ástand hússins rýrir ásýnd götummyndarinnar.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsinu hefur verið breytt, settar iðnaðarhurðir og byrgt fyrir glugga. Þær breytingar hafa rýrt gildi hússins.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið er í slæmu ásigkomulagi en framkvæmdir við endurbætur hófust 2018.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið er mikilvægur hluti götummyndar og menningarsögu.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Kaupfélag Skagfirðinga
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun
Núverandi notkun: Stendur autt



Grána um aldamótin 1900 - Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur og járn	Timbur og járn	1933 Byggður skúr vestan við húsið, á norðvesturhorni.	
Útveggir:	Timbur	Múrsléttað	1987 Settar hafa verið tvær hurðir á norðurstaftn og gluggar. Skúrbygging er	
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Timbur, pappi og járn	Bárujárn		
Undirstaða:	Hlaðinn og steinlímdur	Hlaðinn og steinlímdur		
Útlit:	Tvílyft Reykháfur Kjallari Útitróppur	Tvílyft Útitróppur Kjallari Viðbygging		

Saga

Kaupfélag Skagfirðinga lét reisa timburhúsið Gránu árið 1904 á grunni Pétursverslunar, og var það ætlað til verslunar og íbúðar. Á árunum 1911-1915 seldi Kaupfélagið húsið til Hinna sameiginlegu verslana en keypti það svo aftur árið 1931. Húsið hefur tekið þó nokkrum breytingum í gegnum tíðina. Gluggagerð og afstaða glugga og hurða hefur mikið breyst. Um tíma var það bárujárnsklætt og síðar múrhúðað yfir járnklæðninguna. Skúrbygging sem stóð við norðvesturhorn hússins er orðinn hluti af húsinu og innangengt í hann úr aðalhúsi. Grána hefur hýst ýmsa starfsemi, m.a. verslun af ýmsu tagi, skrifstofur og hárgreiðslustofu. Húsið er nú í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar og hófust framkvæmdir við endurbætur árið 2018.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Húsið var upphaflega timburhús af lágrisgerð, og nokkuð stórt sem slíkt, en breytingar á gluggagerð og klæðningu hafa rýrt gildi þess.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið á á stóran þátt í verslunarsögu Sauðárkróks og Kaupfélags Skagfirðinga en í húsinu opnuðu þeir fyrstu verslun sína.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er mikilvægur hluti götumyndarinnar vestan Aðalgötu og markar upphaf hennar að norðan.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Breytingar á húsinu hafa rýrt gildi þess en að öllum líkindum er um afturkræfar breytingar að ræða.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið þarfnast viðhalds en framkvæmdir við endurbætur hófust árið 2018.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Haraldur Júlíusson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun
Núverandi notkun: Íbúð / Verslun



Húsið nýlega byggt - Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteipt		Steinsteipt		
Útveggir: Ómúrað		Múrsléttað		
Þakgerð: Mænisþak		Valmaþak	1935 Steinsteiptar tröppur í stað timburs og húsið múrsléttað og skreytingar	
Þakklæðning: Timbur, asfalt pappi og		Bárújárn	1944 Hæð byggð ofan á húsið og sett valmaþak. Gluggaskipan breytt á neðri	Sigurður Pjetursson, Smiður
Undirstaða: Steinsteipt		Steinsteipt		
Útlit: Einlyft		Tvílyft		
	Portbyggt	Svalir		
	Ris	Útitröppur		
	Kjallari	Kjallari		
Saga	Reykháfur			

Baldur er steinsteipt tveggja hæða hús, byggt árið 1930 af Haraldi Júlíussyni verslunarmanni og stendur við Aðalgötu 22. Á sama stað stóð áður hús sem bar einnig nafnið Baldur en það var að mestum hluta rífið árið 1929 þegar húsið sem nú stendur var byggt. Í húsinu hefur alla tíð verið starfrækt verslun á neðri hæð og íbúð á efri hæð. Fyrst var húsið portbyggt með risi en síðar var byggð efri hæð sem var og er nýtt sem íbúð.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Vegna breytinga á húsinu ber það fyrst og fremst merki stílbrigða og tíðaranda miðrar 20. aldar.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Í húsinu hefur verið starfrækt verslun frá byggingu þess og verið í eigu feðganna Haraldar Júlíussonar og Bjarna Haraldssonar.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið stendur sem hluti af rýminu við Kaupvangstorg sem þó er illa afmarkað og óhirt.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsinu hefur verið breytt nokkuð frá upprunalegu útliti, t.d. tröppur, gluggar og þakgerð.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið hefur einkum varðveislugildi sökum langrar og merkilegrar verslunarsögu.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Kristján Gíslason
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Iðnaður
Núverandi notkun: Geymsla



Mynd úr safni HSK - tekin um 1930-1940



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteyp		Steinsteyp		
Útveggir: Múrsléttað		Múrsléttað		
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak		
Þakklæðning: járnþak á langböndum		Bárujárn		
Undirstaða: Steinsteyp		Steinsteyp		
Útlit: Einlyft		Einlyft		
	Ris	Kvistir		
	Portbyggt	Ris		
		Portbyggt	Bogadregin dyraop settar á austur og vesturhlið hússins.	
		Viðbygging	Langur kvistur settur á húsið í austur og vestur.	

Saga

Kristján Gíslason verslunarmaður lét byggja sláturhús úr steinsteypu árið 1911. Síðar var þar m.a. trésmiðja og æfingasalur leikfélagsins. Húsið er nú í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar og stendur ónotað fyrir utan þann hluta sem nýttur er sem vörugeymsla verslunar Haraldar Júlíussonar. Áfast við suðvesturhlið hússins er bílskúr/geymsla sem tilheyrir jafnframt verslun Haraldar Júl. en hún var byggð 1949. Tvö bogadregin dyraop eru á austur og vesturhlið hússins en þegar síldarsöltun stóð sem hæst lágu járnbrautarteinar þar í gegn til að ferja síldina. Um miðju hússins er áföst lítil bygging með risþaki en sú bygging gegndi hlutverki saltgeymslu. Upp við norðurhlið þeirrar byggingar er önnur áföst bygging sem gegnir hlutverki spennustöðvar RARIK en hún var byggð við húsið árið 1949.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Í upphafi einfalt steinsteypuhús frá upphafi 20. aldar en viðbyggingar hafa rýrt ásýnd hússins. Líklega elsta uppistandandi steinsteypa húsið á Sauðárkróki.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Bogadregnu dyraopin eru eitt af síðustu merkjum járnbrautarteinanna og síldarsöltunar á Sauðárkróki. Húsið var byggt sem sláturhús en hýsti síðast starfsemi Leikfélags Sauðárkróks.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið tilheyrir þeim iðnaðar- og geymsluhúsum sem standa næst Strandveginum og sker sig ekki úr þeim klasa.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið hefur breyst talsvert frá upprunalegri gerð og yfirþyrmandi viðbyggingum skeytt við það.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið er mjög illa farið.

Varðveislugildi:

Miðlungs Friðað vegna aldurs og hefur menningarsögulegt gildi.

Verndarflokkar:

Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti

Fyrsti eigandi: Christian Popp
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð / Þjónusta



Villa Nova nýbyggt - Mynd úr safni HSK: Fol 892



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur	Timbur	Timbur	1994 Inngönguskúr sem áður var vetrarstofa, rifinn.	
Útveggir: Timbur	Timbur	Timbur	2002 Vetrarstofa á suðurgafli endurbyggð í upprunalegu útliti.	
Þakgerð: Mænisþak	Mænisþak	Mænisþak	1930 Vetrarstofu breytt, hún minnkuð og hurð látin snúa til austurs í stað	
Þakklæðning: Timbur, pappi og járn	Timbur, pappi og járn	Bárujárn		
Undirstaða: Hlaðin úr hraungrýti/grjóti	Hlaðin úr hraungrýti/grjóti	Hlaðin úr hraungrýti/grjóti		
Útlit: Einlyft	Einlyft	Einlyft		
	Ris	Glerskáli/Sólstofa		
	Viðbygging	Kvistir		
	Útskot (karnap)	Portbyggt		
Saga	Reykháfur	Ris		
	- ..	- ..		

Árið 1903 flutti Christian Popp inn frá Noregi, tilhöggvið hús sem nefnt var Villa Nova. Húsið var reist við rústir Poppshúss sem brann árið 1902. Árið 1912 seldi Christian Popp eign sína og fór húsið þá í eigu Höpfnersverslunar. Árið 1972 keyptu Ragnar Arnalds og Haukur Hafstað húsið. Skömmu síðar var stofnað hlutafélagið Villa Nova hf. sem hafði það markmið að vinna að varðveislu hússins. Villa Nova hefur verið notað í margsvíslegum tilgangi, t.d. sem hótél, pósthúsi, söngskóli, gallerí, flokkstarf stjórnvaldaflokks og nú síðast sem skrifstofa minjavarðar á Norðurlandi vestra en jafnframt til íbúðar í norðurhluta hússins. Húsinu hefur lítið verið breytt að utan. Villa Nova er eina dæmið um norskt sveitserhús á Sauðárkróki. Stíll þess sker sig úr öðrum innfluttum norskum húsum. Rísið er lægra og húsið er ósamhverft, tvær hæðir í annan endann sem snýr þvert á aðalstefnu þess, en er að öðru leyti portbyggt með útskoti en skáli með svölum ofan á við enda tveggja hæða hlutans.

Heimild:

Hörður Ágústsson, Íslensk byggingararfleifi I. Reykjavík, Húsafríðunarnefnd ríkisins, 1998, bls. 167

Dagblaðið Vísir - DV, 61. tölublað (13.03.2000), Blaðsíða 7

Dagur, 186. tölublað (01.10.1993), Blaðsíða 7

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	Eina dæmið um norskt sveitserhús á Sauðárkróki. Stíll þess sker sig úr öðrum innfluttum norskum húsum á Íslandi.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Saga Popp-fjölskyldunnar er samofin sögu Sauðárkróks á tímum uppbyggingar bæjarins.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið stendur stakt við aðkomu inn í gamla bæinn að norðan og nýtur sín ágætlega. Villa Nova og kirkjan kallast á í sitthvorum enda gamla bæjarins.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Upprunalegt útlit hússins hefur varðveist vel.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu hefur verið ágætlega við haldið en þarf að mála.

Varðveislugildi: Hátt Friðlýst hús. Einstakt vegna byggingarlistar, uppruna, menningarsögu og umhverfis.

Verndarflokkar: Friðlýst hús - blár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Sláturfélag Skagfirðinga
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Iðnaður
Núverandi notkun: Menningarstarfsemi



Húsið við bryggjuna - mynd tekin um 1930



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteyp		Steinsteyp	1990 Iðnaðarhurðir á norðurstafni	
Útveggir: Múrsléttað		Múrsléttað	fjarlægðar og settar á vesturvegg.	
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak		
Þakklæðning: Timbur, pappi og járn		Bárujárn		
Undirstaða: Steinsteyp				
Útlit: Einlyft		Einlyft		
	Ris	Ris		

Saga

Hús þetta fær byggingarár 1900 í fasteignaskrá en það stenst þó ekki miðað við myndir og kort frá þeim tíma. Húsið er byggt á árabílinu 1928-1935 líklegast í tengslum við síldarsöltunarplan sem stendur þá neðan við húsið. Það hefur stundum verið kallað "salthúsið" sem styður við þá kenningu. Fyrirtækið Tengill (rafmagnsverktaki) eignaðist húsið og starfrækti þar verkstæði um tíma en í dag hýsir það Lundasafn ásamt því að vera vinnustöð Skottu ehf.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Einfalt steinsteypuhús frá fyrri hluta 20. aldar.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið var reist í tengslum við síldarsöltun á staðnum. Húsið hefur verið notað sem iðnaðar- og geymsluhúsnæði en hýsir í dag Lundasafn.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið stendur við Strandveginn, eitt þeirra húsa sem byggð voru sem iðnaðar- og geymsluhúsnæði. Styrkir ekki umhverfisgildi svæðisins.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Form hússins hefur haldið sér en gluggar og hurðir hafa breyst.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í ágætu ástandi en þarfnast viðhalds.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hús í þokkalegu ástandi og hefur nokkurt menningarsögulegt gildi.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Sigurgeir Daníelsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Iðnaður
Núverandi notkun: Iðnaður



Brot úr mynd tekin um 1920 - úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteipt		Steinsteipt	1927 Viðbyggt í vinkel, steinsteipt tveggja hæða hús með lágu risþaki.	
Útveggir:		Múrsléttað		
Þakgerð:		Mænisþak		
Þakklæðning:	járn á langböndum	Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft Ris	Tvílyft		

Saga

Sigurgeir Daníelsson verslunarmaður lét byggja steinsteipt sláturhús árið 1912. Fyrst var húsið ein hæð, portbyggt með háu risi og vísaði norður-suður, en árið 1927 var byggð önnur áföst bygging í vinkel sem vísaði í austur-vestur og var á tveimur hæðum með lágu risi. Síðan þá hefur húsinu lítið verið breytt. Í dag er þar starfrækt Trésmiðjan Ýr.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einfalt steinsteypuhús frá upphafi 20. aldar. Með elstu steinsteiptu húsum á Sauðárkróki.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið var byggt sem sláturhús en síðar nýtt sem trésmiðaverkstæði. Með elstu steinsteiptu húsum á Sauðárkróki.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið tilheyrir þeim iðnaðar- og geymsluhúsum sem standa næst Strandveginum og sker sig ekki úr þeim klasa. Þrátt fyrir stærð þá er húsið lítt áberandi frá Aðalgötu en þeim mun meira áberandi frá lágu risi.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur haldið formi sínu frá því vesturálman var byggð.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Friðað vegna aldurs og menningarsögulegs gildis.
Verndarflokkar:		Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Rafmagnsveitur ríkisins
Hönnuður: Sigvaldi Thordarson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Mynd úr safni Marteins Steinssonar frá 1987



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteipt		Steinsteipt		
Útveggir: Múrsléttað		Múrsléttað		
Þakgerð: Flatt þak		Flatt þak		
Þakklæðning: Þaksteinn		Tjargaður þakpappi og		
Undirstaða: Steinsteipt		Steinsteipt		
Útlit: Tvílyft		Tvílyft		
	Útitróppur	Útitróppur		
	Svalir	Svalir		

Saga

Steinsteipt íbúðarhús á tveimur hæðum við Aðalgötu 25. Húsið var byggt af Rafmagnsveitum ríkisins árið 1960 en fór síðar í eigu einkaaðila. Húsið hefur ekki tekið miklum breytingum frá upphaflegri gerð. Handriði við stiga hefur verið breytt og húsið málað alhvítt.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	Móðernískur byggingarstíll. Gott dæmi um höfundarverk Sigvalda Thordarsonar.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Miðlung	Húsið er hluti af götumynd nyrsta hluta bæjarins. Þetta hús, ásamt Rafstöðvarbyggingu sunnan við, mynda ákveðna heild en þau standa samt sem áður á milli tveggja eldri timburhúsa frá aldamótum
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið hefur lítið sem ekkert breyst.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ástandi.
Varðveislugildi:	Hátt	Varðveislugildi vegna áberandi stíleinkenna. Mætti færa í upprunalegu litina til að halda enn frekar í höfundaverk Sigvalda Thordarsonar.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Rafmagnsveitur Ríkisins
Hönnuður: Sigurður S. Thoroddsen

Upphafleg notkun: Iðnaður
Núverandi notkun: Stendur ónotað



Rafstöðvarhús um 1950 - Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteyp		Steinsteyp	1961 Bætt við álmu af sömu stærð og gerð og sú sem fyrir stóð.	
Útveggir:		Múrsléttað		
Þakgerð:	Steinþak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:		Steinsteyp	1988 Breyting á þaki á stöðvarhúsi	Bragi Þór Haraldsson, Byggingatækniþráðingur
Útlit:	Viðbygging Portbyggt Ris Kjallari Einlyft	Útitróppur Viðbygging Tvílyft		
Saga				

Húsið sem stendur við Aðalgötu 25a var byggt árið 1948 sem rafstöðvarhús vegna Gönguskarðárvirkjunar. Fyrst um sinn var einungis ein álma en síðar var byggð önnur álma af svipaðri stærð byggð árið 1961. Í dag er engin starfsemi í húsinu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Stílhreint steinsteyp iðnaðarhúsnæði. Að öllum líkindum er höfundur hér Sigurður S. Thoroddsen.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Frá upphafi hönnuð sem rafstöðvarbygging. Er nú nýtt sem geymsla en hugmyndir hafa verið uppi um að nýta húsið sem safn. Skipti sköpun fyrir þróun byggðar að hafa trygga aðgang að rafmagni.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er hluti af götumynd nyrsta hluta bæjarins. Þetta hús, ásamt íbúðarhúsi norðan við, mynda ákveðna heild en þau standa samt sem áður á milli tveggja eldri timburhúsa frá aldamótum 1900.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Hefur lítið breyst. Viðbygging í góðu samræmi við upprunalegu bygginguna.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Varðveislugildi í meðallagi, er hluti af ásýnd götumyndar.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Gísli Sigurðsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Helgafell sem beykishús um 1904 - Úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	1932 Byggt við húsið til norðurs	
Útveggir:		Timbur		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak	1945 Byggður skúr áfastur norðan við húsið	
Þakklæðning:	Timbur og asfalt pappi	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt		1984 Sótt um að klæða húsið með áli og skipta um glugga.	
Útlit:	Einlyft Ris	Einlyft Ris Viðbygging Útitróppur Reykháfur		

Saga

Húsið Helgafell er byggt árið 1889 og var það upprunalega hluti af skúrum Gránuverslunar og því ekki notað til íbúðar fyrr en í kringum 1920. Árið 1932 sem byggt var við húsið og lengt til norðurs. Árið 1945 var byggður við það skúr samkvæmt fasteignaskrá og er það líklega skúrin norðan við húsið.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	Húsið er einfalt 19. aldar timburhús og ágætur fulltrúi þess. Þó var það ekki byggt upphaflega sem íbúðarhús.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið var upphaflega þakhús og beykishús en síðar íbúðarhús. Eitt af elstu húsum bæjarins.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið markar upphaf íbúðabyggingar Sauðárkróks að norðan og stendur eitt og sér uppi í hlíðinni við Gránuklauf.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Enn má greina upphaflegt form hússins þrátt fyrir viðbyggingar. Breytingarnar hafa ekki breytt stíl hússins.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ásigkomulagi.

Varðveislugildi:

Hátt Friðað vegna aldurs og hefur hátt varðveislugildi.

Verndarflokkar:

Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Sigurður Sigfússon
Hönnuður: Halldór H. Jónsson

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun
Núverandi notkun: Íbúð og kosningarskrifstofa á neðstu



Kaupvangstorg um 1985 - Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteipt	Steining	Steinsteipt	1954 Breyting á þakhæð/þaki. Mænisþak breytt í valmaþak ásamt hækkun á	Jóhann Guðjónsson,
Útveggir: Steining	Valmaþak	Múrsléttað	2006 Gistiheimili breytt í íbúð. Svalahurð á suðurhlíð opnuð.	Bragi Þór Haraldsson, Tæknifræðingur
Þakgerð: Valmaþak	Timbur, pappi og járn	Bárujárn	1984 Hugmyndir um breytingar innanhúss vegna nýtingu húss sem gistiheimili.	Rúnar Gunnarsson, Arkitekt
Þakklæðning: Steinsteipt	Prílyft	Prílyft		
Undirstaða: Prílyft	Svalir	Svalir		

Saga

Kaupvangstorg 1 var byggt 1953. Halldór H. Jónsson hannaði húsið en Sigurður Sigfússon byggði það. Stuttu eftir það var byggt var þriðju hæðinni bætt við en hún er úr timbri. Gistiheimili hefur verið starfrækt á efri hæðum hússins og ýmis konar verslunarstarfsemi á jarðhæð. Í dag eru efri hæðir notaðar til íbúðar og jarðhæð sem skrifstofa Sjálfstæðisflokksins.

Fundargerðarbók Byggingarnefndar Sauðárkróks 1948-1958, 12.08.1953.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Steinsteypuhús sem byggt var um miðja síðustu öld. Höfundarverk Halldórs H. Jónssonar en efsta hæðin setur sérstakan svip á húsið.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Byggt til verslunar og íbúðar.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið er mun stærra en nærliggjandi hús og hefur slæm áhrif á götummyndina. Nánasta umhverfi (Kaupvangstorg) illa hirt.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur lítið breyst eftir að efsta hæðin var byggð. Búið að mála yfir steininguna.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið þarfnast viðhalds.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið hefur ekkert sérstakt varðveislugildi.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Sauðárkrókssókn
Hönnuður: Þorsteinn Sigurðsson

Upphafleg notkun: Kirkja
Núverandi notkun: Kirkja



Yfirlitsmynd frá 1893. Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	1909 Steyptar tröppur framan við bygginguna og trétröppur fjarlægðar	
Útveggir: Timbur		Timbur	1928 Steyptur kjallari undir kirkjuna	
Þakgerð: Mænisþak á kirkjuskipi en		Mænisþak	1957 Steyptur kjallari undir forkirkju og hliðarbyggingum, turn endurbýgður,	Stefán Jónsson, Arkitekt
Þakklæðning: Pappi á öllu þaki nema			1974 Settir steindir gluggar í kór kirkjunnar.	
Undirstaða: Hlaðin úr hraungrýti/grjóti			1990 Turn endurbættur, kirkjan lengd, kór breikkaður, steyptur kjallari undir	Þorsteinn Gunnarsson, Arkitekt
Útlit: Einlyft		Einlyft		
	Ris	Portbyggt		
	Portbyggt	Turn		
	Útitröppur	Útitröppur		
	Turn	Kjallari		

Saga

Árið 1890 var formlega lagt til að Sjávarborgar- og Fagranes Kirkjur yrðu lagðar niður og kirkja reist á Sauðárkróki. Tillagan var samþykkt og um leið var samþykkt að sjóður Fagranes Kirkju og gripir gengju til væntanlegrar kirkju á Sauðárkróki. Þorsteinn Sigurðsson smiður var ráðinn til verksins og teiknaði hann og hannaði kirkjuna. Í júnímánuði 1892 var grunnur kirkjunnar fullgrágenginn og húsgrindin reist. Efni til smíðarinnar var fengið hjá Carli Knudsen kaupmanni, en hann var helsti timbursali bæjarins á þessum tíma. Ákveðið var vegna staðhátta að kirkjudyr sneru í austur en slíkt þótti óvenjulegt. Kirkjan var vígð 18. desember 1892 þrátt fyrir að vera ekki alveg fullfrágengin. Hún var fullfrágengin árið 1895, máluð að innan og kirkjuþak sementssmurt, grunnmúr sementeraður. Um leið voru teknar af dyr, sem í öndverðu voru á norðurhlið kirkjuhúss. Kirkjan var friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989. Kirkjan hefur verið mikið endurbætt í gegnum tíðina og árið 1998 var síðast farið í miklar framkvæmdir á bæði turni og kirkjuskipi og sjálf kirkjan lengd og kórinn breikkaður og undir hann steyptur kjallari fyrir tæknibúnað. Þá hafði kirkjan verið í töluverðri niðurníðslu og stóð jafnvel til að byggja nýja.

Heimild:

Kristmundur Bjarnason: Sauðárkróskirkja og formæður hennar. Sóknarnefnd Sauðárkrókssóknar, 1992, bls. 129 og 134.
Kirkjur Íslands 5. Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag, 2005, bls. 176 og 181.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	Kirkjan ber með sér nýgotneskan svip eins og margar íslenskar timburkirkjur sem byggðar voru á þessum tíma. Hún er hóflega prýdd ytra og í góðum hlutföllum.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Eitt af elstu húsum bæjarins, kirkja.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er mikilvægur hluti af Kirkjutorgi ásamt því að vera útvörður Aðalgötunnar í suðri og kallast á við Villa Nova í norðri.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur verið breytt talsvert og hafa þær breytingar fallið vel að upprunalegu útliti hússins.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu er vel við haldið.

Varðveislugildi:

Hátt Friðlýst. Hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Verndarflokkar:

Friðlýst hús - blár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Jón Jóhannesson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Litlidalur um 1980 - Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteipt		Steinsteipt		
Útveggir: Múrsléttað		Múrsléttað		
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak		
Þakklæðning: Timbur og asfaltþappi		Bárujárn		
Undirstaða: Steinsteipt		Steinsteipt		
Útlit: Einlyft		Einlyft		
	Ris	Kjallari		
	Kjallari	Útitróppur		
		Reykháfur		
		Ris		
			Gluggagerð breyst úr krosspósta í einpósta glugga.	

Saga

Jón Jóhannesson byggði húsið árið 1932 og nefndi það Litlidal. Húsið er steinsteipt og nær óbreytt frá upphaflegri gerð. Þó hefur gluggagerð verið breytt eftir 1980. Hún var krosspósta en var breytt í einpósta gluggagerð.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Gott dæmi um lítið og látlaust steinsteypuhús sem voru algeng á tímabilinu 1915 til 1930.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Gott dæmi um hús alþýðu á krepputímum.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er hluti götulínunnar upp Kirkjuklaufina.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið hefur tekið litlum breytingum.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ásigkomulagi og verið er að gera það upp (2018).

Varðveislugildi:

Verndarflokkar: Miðlungs Húsið er mikilvægur hluti sérstakrar götumyndar Kirkjuklaufar.

Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun:



Mynd: SFA - mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:				
Útveggir:		Steinsteypa og timbur		
Þakgerð:		Mænis og einhalla		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:		Einlyft		

Saga

Skúrinn við Hlíðarstíg 2 er samkvæmt fasteignaskrá byggður árið 1926. Brunavirðing fyrir skúrinn finnst ekki en líklegt þykir að hann sé byggður í nokkrum áföngum þar sem byggingin virðist samsett úr þremur ólíkum einingum. Skúr með einhalla þaki, annar með mænisþaki og síðan kamar. Í dag er húsið nýtt sem geymsluskúr en um tíma var þar starfrækt handverks-gallerí.

Varðveislumat:


Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Einföld skúrbygging.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Gott dæmi um skúrabyggingar á 3. áratugnum.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Fellur ágætlega að nærliggjandi húsum
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Erfitt að greina upprunagildi vegna skorts á heimildum en samsvarar sér vel við hús frá þessum tíma.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsin virðast í þokkalegu ástandi.

Varðveislugildi: Miðlungs Skúrbyggingar í þokkalegu ástandi sem falla vel að umhverfinu.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Sölvi Sölvason
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið um 1960 - Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Hlaðið, holsteinn	Hlaðið, holsteinn	1974 Byggður 32 fm byggskúr og geymsla vestan við húsið.	Björn Guðnason, Smiður
Útveggir:	Múrsléttað	Trapisustál		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Timbur, pappi og járn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt			
Útlit:	Einlyft Ris Kjallari Útitróppur	Einlyft Ris Útitróppur		

Saga

Sölvi Sölvason vélstjóri byggði húsið við Hlíðarstíg 4 árið 1955, en það er hlaðið úr holsteini, ein hæð með risi. Húsið hefur ekki breyst mikið frá upphaflegri gerð sinni. Klætt með trapisu bárujárn í seinni tíð og gluggagerð breytt (óvíst um ártal).

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Látlaust og hefðbundið steinhús frá miðri síðustu öld. Breytingar hafa rýrt listrænt gildi hússins.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hefur ekkert sérstakt menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti götulinu í Kirkjuklauf, húsið fellur vel að umhverfinu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Upphaflega mátti sjá áhrif norræns funksjónalisma en breytingar hafa afmáð þau einkenni (gluggagerð, klæðning). Húsið hefur annars lítið breyst að forminu til.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar: Miðlungs Húsið er í þokkalegu ástandi og hluti sérstakrar götumyndar Kirkjuklaufar.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Bílskúr
Núverandi notkun: Bílskúr



Mynd: ES - ágúst 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Flatt þak	Flatt þak		
Þakklæðning:				
Undirstaða:	Steinsteypt			
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga

Dæmigerður bílskúr úr steinsteypu byggður árið 1974 við íbúðarhúsið í Hlíðarstíg 4. Er í þokkalegu ástandi.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Dæmigerður bílskúr.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Bílskúr.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Fellur ágætlega að umhverfinu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Hefur tekið litlum breytingum.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Ágætlega viðhaldið.

Varðveislugildi: Miðlungs Bílskúr í ágætu ástandi.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Sigurður Pétursson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið um 1930 - Brot úr mynd HSK: KCM 2129



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur		
Útveggir: Timbur		Múrsléttað		
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak		
Þakklæðning: Timbur og pappi		Bárújárn		
Undirstaða:		Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		
	Ris	Útitróppur		
	Kjallari	Kjallari		
	Reykháfur	Reykháfur		
Saga	Inngönguskúr (bísлаг)			

Hyrna við Kambastíg 1 er timburhús byggt árið 1927 af Sigurði Péturssyni. Húsið hefur tekið töluverðum breytingum frá upphaflegri gerð en bæði hefur það verið lengt til norðurs og breikkað til vesturs. Þá hefur inngönguskúr á norðurgaffli verið fjarlægður, húsið verið forskalað og gluggagerð tekið breytingum og þeim fjölgað. Útidyrhurð er nú á austurhlíð hússins og steyptar tröppur og stigapallur þar framan við. Óvíst er hvenær þessar breytingar hafa átt sér stað

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Lágt Látlaust og einfalt timburhús frá 20. öld en breytingar hafa rýrt gildi þess.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Dæmi um hús alþýðufólks frá fyrri hluta 20. aldar.

Umhverfisgildi: Miðlungs Hluti sérstæðrar götumyndar í Kristjánsklauf.

Upprunalegt gildi: Lágt Húsið hefur breyst töluvert. Forskalað.

Tæknilegt ástand: Miðlungs Húsið er í þokkalegu ástandi.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið hefur varðveislugildi vegna menningarsögu og er hluti sérstakrar götumyndar Kristjánsklaugar.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Geymsluskúr
Núverandi notkun: Geymsluskúr



Mynd: ES - ágúst 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:				
Útveggir:				
Þakgerð:		Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:		Einlyft		

Saga

Skúrin við Kambastíg 1 er samkvæmt fasteignaskrá byggður árið 1930 og gegnir hlutverki geymsluskúrs. Brunavirðing fyrir skúrin finnst ekki.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Einföld skúrbygging.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Gott dæmi um skúrbyggingu á kreppuárum.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Samsvarar sér vel við svipmót Kristjánsklaufar.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Vegna skorts á heimildum er erfitt að skera úr um upprunaleika.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í ágætu ástandi.

Varðveislugildi: Miðlungs Hús í ágætu ástandi sem samsvarar sér vel við svipmót götunnar.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Lárus Blöndal
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið um 1950 - Brot úr mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteyp		Steinsteyp	1960 Viðbygging á tveimur hæðum að vestan notað til inngöngu á efri hæð	
Útveggir: Múrsléttað		Múrsléttað	Svalir á suðurhlið hússins fjarlægðar	
Þakgerð: Valmaþak		Valmaþak		
Þakklæðning: Timbur, pappi og járn		Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:	Tvílyft Ris Kjallari Reykháfur	Tvílyft Útitróppur Viðbygging Kjallari		

Saga

Húsið Pórshamar við Kambastíg 2 er steinsteyp og byggt af Lárusi Blöndal árið 1927. Húsinu hefur lítið verið breytt frá upprunalegri gerð að undanskilinni viðbyggingu að vestanverðu sem notuð er til inngöngu á efri hæð og svalir á suðurhlið fjarlægðar.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Látlaust tvílyft steinsteypuhús með fúnkis-áhrifum.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hefur ekkert sérstakt menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið er nokkuð stórt og áberandi miðað við önnur hús við Kambastíg/ Kristjánsklauf. Samsvarar sér meira með húsum neðan við.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Form hússins hefur haldið sér. Breytingar á gluggagerð á neðri hæð hafa rýrt upprunalegt gildi hússins.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:	Miðlungs	Hús í þokkalegu ástandi, samsvarar sér ágætlega við stórar byggingar neðan við það en skyggir á smærri hús ofan við það
-----------------	----------	---

Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Bjarni Magnússon
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Smiðja
Núverandi notkun: Íbúð



Smiðjan um 1940-1950. Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteipt		Steinsteipt	1981 Bygging núverandi húss, veruleg stækkun og breyting.	Guðleifur Sigurjónsson,
Útveggir:		Hraunað		
Þakgerð:	Ein halla (skúrþak)	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft Reykháfur	Einlyft Kvistir Portbyggt Ris		

Saga

Smiðjan við Kambastíg 4 er steinsteipt árið 1930 af Bjarna Magnússyni járnsmiði sem hafði þar smiðju. Ekki er að sjá að íbúar hafi verið í húsinu í manntalinu frá 1940 en árið 1950 eru þar skráðir íbúar Óskar Tryggvi Þorleifsson tré- og járnsmiður og kona hans Kristjana Júlíusdóttir húsmóðir. Árið 1981 var byggt við það, bæði stækkað og sett portbyggt ris með kvistum. Elsti hlutinn er norð-austur horn hússins. Í kringum aldamótin síðustu var húsið tekið í gegn og skipt bæði um glugga og hurðar ásamt því að glugga var bætt við á suðurstafn.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Húsið er byggt í gömlum stíl og samsvarar sér vel.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Í fyrstu smiðja en síðar íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið stendur í Kristjánsklauf og hluti götumyndar þar. Húsið fellur vel að umhverfi sínu.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsinu hefur verið gjörbreytt frá upprunalegu útliti.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið er hluti sérstakrar götumyndar Kristjánsklaufar og samsvarar sér ágætlega við nærliggjandi hús.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Þorsteinn Björnsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið um 1930-1940. Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur		
Útveggir: Timbur		Hamrað járn		
Þakgerð: Mænisþak		Ósamhverft þak	1935 Húsið lengt til norðurs og þaki breytt þannig það sé aflíðandi til vesturs.	
Þakklæðning: Timbur og pappi		Bárujárn		
Undirstaða: Steinsteypt		Steinsteypt		
Útlit: Einlyft		Einlyft		
	Ris	Kjallari		
	Kjallari	Útitróppur		
	Reykháfur	Svalir		
	Útitróppur			
Saga				

Húsið Bræðratunga við Kambastíg 6 er timburhús á steiptum grunni sem var byggt árið 1925 af bræðrunum Tómasi og Þorsteini Björnssonum. Húsið hefur tekið nokkrum breytingum í gegnum tíðina en það hefur verið stækkað og lengt til norðurs og þaki þá breytt um leið. Gluggafjöldi og gerð þeirra hefur verið breytt og steiptar hafa verið svalir á austurhlíð húss. Í dag er húsið klætt með hömruðu járn og gengið er inn í það á suðurstafti.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Lítið og einfalt járnklætt timburhús frá millistríðsárunum.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Ágætt dæmi um íbúðarhús alþýðufólks á millistríðsárunum.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið stendur í Kristjánsklauf og hluti götummyndar þar.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið hefur breyst nokkuð sem hefur rýrt gildi þess.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið þarfnast viðhalds.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:	Miðlungs	Húsið hefur varðveislugildi sem dæmi um alþýðuhús frá millistríðsárunum og er hluti sérstakrar þötumvndar Kristjánsklaufar.
		Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Sigurrós Sigurðardóttir
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Brattahlíð um 1930-1940. Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur		
Útveggir: Timbur		Hamrað járn		Framhluti hússins lengdur til norðurs og hluti af bakhlíð þess til vesturs.
Þakgerð: Mænisþak		Ósamhverft mænisþak		Húsið klætt að utan með hömruðu járn
Þakklæðning: Timbur, pappi og járn		Bárujárn		
Undirstaða: Steinsteyp		Steinsteyp	1953	Húsið stækkað að fullu til vesturs. Grípahús byggð vestan við húsið.
Útlit: Einlyft		Einlyft		
	Ris	Ris		
	Reykháfur	Reykháfur		
	Kjallari	Útitróppur		
Saga	Útitróppur	Viðbygging		

Húsið Brattahlíð er timburhús við Kambastíg 8 og er byggt árið 1925. Sigurrós Sigurðardóttir var fyrsti eigandi þess. Húsið hefur verið lengt og breikkað til norður og vesturs og þaki breytt í ósamhverft mænisþak. Í dag er húsið klætt með hömruðu járn.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Lítið og einfalt járnklætt timburhús frá millistríðsárunum.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Ágætt dæmi um íbúðarhús alþýðufólks á millistríðsárunum.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið stendur í Kristjánsklauf og hluti götumyndar þar.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur breyst nokkuð en heldur formi sínu.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið þarfnast viðhalds.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:	Miðlungs	Húsið hefur varðveislugildi sem dæmi um alþýðuhús frá millistríðsárunum og er hluti sérstakrar þötumyndar Kristjánsklaufar.
-----------------	----------	---

Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Landbúnaður



Mynd: ES - ágúst 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:				
Útveggir:		Bárujárn og timbur		
Þakgerð:		Einhalla- og mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:		Einlyft Tvílyft		

Saga

Skúrararnir tveir við Kambastíg 8 eru byggðir árið 1953 og 1959. Byggingarnar voru reistar sem peningshús og eru í dag skráð sem hesthús og hlaða. Hlaðan er stórt hús, bárujárnsklædd með einhalla þaki en hesthúsið er minna, klætt með viðarklæðningu að hluta en annars bárujárni og með mænisþaki. Húsin hafa fengið viðhald að hluta til en settir hafa verið nýjir gluggar í hesthúsið og vesturhlið þess verið klædd með timburklæðningu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Einföld útihús.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Gott dæmi um búskaparhætti í þéttbýli.
Umhverfisgildi:	Lágt	Vegna ástands hlöðunnar rýrir það svipmót byggðarinnar en hesthúsið fellur vel að byggðinni stæði það eitt og sér.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Hafa lítið breyst að forminu til.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Hesthúsið hefur fengið viðhald að hluta til en hlaðan þarfnast verulegs viðhalds.

Varðveislugildi: Miðlungs Útihús sem samsvara sér ágætlega að umhverfinu að hlöðunni undanskilinni.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Kristján Ingi Sveinsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Fagrahlíð um 1960 - Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypa og timbur	Steinsteypa og timbur		
Útveggir:	Steining, skeljasandur	Steining, skeljasandur		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	timbur og pappi	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteyp			
Útlit:	Tvílyft Ris Viðbygging Reykháfur	Tvílyft Reykháfur Ris Viðbygging		

Saga

Fagrahlíð í Brekkgötu 1 er tveggja hæða steinsteyp hús byggt árið 1935 og líklega hannað af Kristjáni Sveinssyni. Húsinu hefur lítið verið breytt frá upphaflegri gerð.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Reisulegt, tvílyft, steinsteypuhús með áberandi stigahúsi að austanverðu sem setur mikinn svip á húsið. Merkja má fúnkis-áhrif á byggingunni.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Hér bjó Eypór Stefánsson tónskáld sem hafði mikil áhrif á tónlistar- og leiklistarlíf Skagfirðinga á 20. öld.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið setur sterkan svip á bæjarmyndina þar sem það stendur ofan annarrar byggðar og ber við Nafirnar. Fellur samt sem áður ágætlega að landslaginu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur lítið verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi en þarfnast viðhalds.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Árni Rögnvaldsson og Sveinn Nikódemusarson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið um 1940-1950. Mynd úr safni HSK.



Mynd: SFA mars 2018 - Brekkugata 3 er fremra húsið

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteyp		Steinsteyp		
Útveggir: Ómúrað		Múrsléttað	Tveggja hæða viðbygging að aftan við húsið, til vesturs.	
Þakgerð: Valmaþak		Valmaþak		
Þakklæðning: Timbur og pappi		Bárujárn		
Undirstaða:		Steinsteyp		
Útlit: Tvílyft		Tvílyft		
	Reykháfur	Viðbygging Reykháfur		

Saga

Húsið Grænabrekka er tveggja hæða steinsteyp hús byggt af Árna Rögnvaldssyni og Sveini Nikódemussyni. Hefur lítið verið breytt utan við gluggagerð og viðbyggingu að vestan (aftan).

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Einfalt og láblaust steinsteypuhús. Stendur áfast við Brekkugötu 5 en þau eiga lítið sameigilegt hvað byggingarstíl varðar.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Íbúðarhús. Hefur lítið menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið stendur við Brekkugötu og mjög áberandi í landslaginu þar sem það stendur ofan annarrar byggðar og ber við Nafirnar. Samsvarar sér ágætlega við Brekkugötu 1 en illa við Brekkugötu 5.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið hefur lítið breyst.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið hefur sterk áhrif á ámynd bæjarins vegna staðsetningar sinnar.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Magnús Jónsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið um 1960. Mynd úr safni Stefáns Ped.



Mynd: SFA mars 2018 - Brekkugata 5 stendur aftan

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Hlaðið, holsteinn	Hlaðið, holsteinn		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:		Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft Ris	Tvílyft Ris		

Saga

Hús úr holsteini á tveimur hæðum, áfast húsinu Grænahlíð. Hefur líklega lítið breyst frá upprunalegri gerð. Fyrsta brunavirðing hússins finnst ekki.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Tvílyft steinsteypuhús frá seinni hluta 20. aldar. Stendur áfast við Brekkugötu 3 en þau eiga lítið sameigilegt hvað byggingarstíl varðar.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Íbúðarhús. Hefur lítið menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið stendur við Brekkugötu og mjög áberandi í landslaginu þar sem það stendur ofan annarrar byggðar og ber við Nafirnar. Samsvarar sér illa við nærliggjandi hús. Vegna staðsetningar skyggir það
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið hefur lítið breyst.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hús í þokkalegu ástandi en vegna stærðar sinnar, stíls og staðsetningar er húsið mjög áberandi í landslagi.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Hjörtur Laxdal
Hönnuður: Ingólfur Nikódemusarson

Upphafleg notkun: Íbúð / Þjónusta
Núverandi notkun: Þjónusta



Húsið úr vestri um 1950 - mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteyp	Steinsteyp	Steinsteyp	2012 Skipt um glugga og hurðar og opnanleg fög á efri hæð. Lindagata 1	Eyjólfur Þór Þórarinsson, Byggingatæknifræðingur
Útveggir: Múrsléttað	Múrsléttað	Múrsléttað	2014 Útbúin eldhúsaðstaða í kjallara. Frekari tengin við Lindargötu 3.	Eyjólfur Þór Þórarinsson, Byggingatæknifræðingur
Þakgerð: Hálf valmaþak	Hálf valmaþak	Hálf valmaþak		
Þakklæðning: Timbur, pappi og járn	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:	Tvílyft Ris Kjallari	Tvílyft Svalir Útitróppur		

Saga

Húsið Sólarborg við Lindargötu 1 er steinsteyp hús á tveimur hæðum. Fyrsta varðveitta teikningin af húsinu gerir ráð fyrir þremur hæðum. Fyrsti eigandi var Hjörtur Laxdal. Húsið hefur verið gert upp að utan og skipt um glugga og hurðir ásamt því að tengja húsið við Lindargötu 3. Það er nú notað til gistingar á vegum Hótel Tindastóls (Lindargötu 3).

Húsið er fast upp við Lindargötu 3 (Hótel Tindastóll) sem er eitt af elstu húsum bæjarins. Þegar Sólarborg var byggð var ástand Hótel Tindastóls mjög slæmt og stóð til að rífa húsið. Þetta útskýrir nálægð þessara tveggja húsa.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Tvílyft, reisulegt, steinsteypuhús frá miðri 20. öld. Húsið ber með sér einkenni funksjónalisma (valmaþak, horngluggar). Húsið stendur fast upp við Lindargötu 3 en þessi tvö hús eiga lítið
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Íbúðarhús og verslun, nú hótél. Hefur lítið menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið stendur í Kristjánsklauf og mjög áberandi í götumyndinni frá Aðalgötu séð. Húsið er eitt af stóru steinsteypuhúsum í gamla bænum sem sprengja stærðarskala og hafa neikvæð áhrif á umhverfið,
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur lítið breyst, fyrir utan gluggagerð sem var breytt árið 2012.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hús í góðu ástandi en hefur neikvæð áhrif á Hótel Tindastól, elsta hús á Sauðárkróki.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Halldór Stefánsson frá Víðimýri er fyrsti eigandi Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð / Þjónusta
Núverandi notkun: Þjónusta



Tindastóll um aldamótin 1900. Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	2008 28 fermetra viðbygging til vesturs.	Páll Björgvinsson, Arkitekt
Útveggir: Timbur		Timbur		
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak	1999 Húsið fært í upprunalega mynd. Klætt að utan, skipt um glugga og hurðar.	Páll Björgvinsson, Arkitekt
Þakklæðning: Timbur og pappi		Bárujárn	1942 Breyting á þaki, líklega hækkun.	Pétur Laxdal, Smiður
Undirstaða:		Hlaðin úr hraungrýti/grjóti		
Útlit:	Einlyft Kvistir Ris Kjallari	Einlyft Kvistir Portbyggt Ris		
Saga	Reykháfur	Útitróppur		

Húsið við Lindargötu 3 sem nefnist Tindastóll var endurreist á Sauðárkróki árið 1884 en það stóð upphaflega í Grafarósi og reis þar árið 1835. Húsið var flutt sjóveginn á flekum yfir á Sauðárkrók en það var Halldór Stefánsson sem keypti það til flutnings og Ólafur Briem reisti það. Tindastóll er eitt af elstu húsum bæjarins sem enn stendur en það hefur verið gert upp í upprunalegum stíl og gegnir nú hlutverki hótels.

Fyrir 1940 var gluggagerð breytt og húsið klætt með hömruðu járn. Endurbygging hússins hófst árið 1999. Árið 2008 var byggð viðbygging til vesturs.

Húsið er fast upp við Lindargötu 1 (Sólarborg). Þegar það hús var byggt árið 1942 var Hótel Tindastóll í slæmu ástandi og til stóð að rífa það. Þetta útskýrir nálægð þessara tveggja húsa. Í dag eru húsin samnýtt.

Heimildir:

Saga Sauðárkróks, fyrri hluti – fram til ársins 1907, bls. 182-183

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	19. aldar timburhús. Húsið er gott dæmi um dansk-íslenska húsgerð.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið hefur mikið gildi sem eitt af elstu og myndarlegustu húsum bæjarins ásamt því að tilurð þess er nokkuð óvenjuleg.
Umhverfisgildi:	Miðlung	Húsið er mikilvægur hluti elstu byggðar Lindargötu. Það stendur mun aftar í lóðinni en húsin sitthvorum megin sem fyrir vikið skyggja á það. Húsið geldur fyrir nálægð sína við Lindargötu 1.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið hefur verið endurgert í upprunalegri mynd.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er friðað vegna aldurs og hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, upprunaleika, og menningarsöðu.
Verndarflokkar:		Friðuð hús - fjöluþlár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Gunnþórunn Sveinsdóttir
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð / Þjónusta
Núverandi notkun: Íbúð



Borgarey árið 1987 - Mynd úr safni Marteins



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteipt		Steinsteipt	2009 Þakgluggar settir.	Bragi Þór Haraldsson,
Útveggir: Múrsléttað		Múrsléttað		
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak	1959 Bílskúr úr timbri byggður áfastur við norðurhlíð hússins	
Þakklæðning: Timbur, pappi og járn		Bárujárn	1992 Tvær útihurðir í stað einnar áður á suðurhlíð vesturkvists.	Mikael Jóhannesson,
Undirstaða: Steinsteipt				
Útlit:	Einlyft Ris Kjallari Reykháfur	Einlyft Kvistir Ris		
Saga	Útitróppur	Útitróppur Kjallari		


Húsið Borgarey við Lindargötu 5 er steinsteipt hús byggt árið 1930 af Gunnþórunni Sveinsdóttur en hún starfrækti verslun í kjallara hússins um árabíl. Húsinu hefur lítið verið breytt frá upphaflegu útliti nema það var lengt að aftanverðu út frá kvisti og notað sem forstofa fyrir rishæð. Gluggum var breytt frá upprunalegri gerð fyrir 1985. Lítil bílskúr úr timbri var byggður 1959 áfastur við norðurhlíð hússins og síðar settir þakgluggar á húsið.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Húsið er steinsteypuhús byggt í timburhúsastíl. Ágætur fulltrúi þess byggingarstíls.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúð og verslun Gunnþórunnar Sveinsdóttur verslunar- og listakonu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er mikilvægur hluti götumyndarinnar við Lindargötu og fellur ágætlega inn í umhverfið þótt það standi, ásamt öðrum húsum við Lindargötu, nokkuð óreglulega við götuna.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur lítið breyst fyrir utan viðbyggingu að aftan.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið hefur varðveislugildi vegna menningarsögu og umhverfis.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Margeir H. Valberg
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Iðnaður / Verslun
Núverandi notkun: Íbúð



Teikning frá uppmælingu byggingarfulltrúa 1992



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur		
Útveggir: Múrsléttað		Múrsléttað		
Þakgerð:		Flatt þak á hluta en annars		
Þakklæðning: Timbur, pappi og járn		Bárújárn		
Undirstaða:		Steinsteypt		
Útlit: Einlyft		Einlyft Inngönguskúr (bíslag) Viðbygging		

Saga

Lindargata 5b er bakhús sem stendur að hluta til aftan við Lindargötu 5. Húsið var byggt árið 1954 úr timbri sem var múrhúðað en þá var húsið notað sem verslun og reiðhjólaverkstæði. Síðar var byggt austan við húsið úr holsteini og hefur því lítið verið breytt síðan nema byggð hefur verið við það lítil forstofubygging úr timbri.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Húsið er byggt upp úr skúr sem síðar var breytt í íbúðarhús og hefur lítið varðveislugildi út frá sjónarmiði byggingarlistar.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Íbúðarhús. Hefur lítið menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið er ekki hluti götumyndar heldur stendur á bak við önnur hús og fellur illa að umhverfinu.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Byggt hefur verið við húsið til austurs en lítið er vitað um upprunalega gerð þess.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið er í þokkalegu ástandi en fellur illa að umhverfinu.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Árni Arnason
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið um 1950-1960 - Mynd úr safni KCM



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	1993 Breyting á kvisti á vesturhlið. Skorsteinn fjarlægður.	Kári Þorsteinsson, Húsasmíðameistari
Útveggir:		Timbur	1995 Húsið klætt með liggjandi timburklæðningu	
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Timbur, pappi og járn	Bárujárn		
Undirstaða:	Hlaðin úr hraungrýti/grjóti	Hlaðin úr hraungrýti/grjóti		
Útlit:	Einlyft Kvistir Ris Reykháfur	Einlyft Ris Útitróppur Kjallari		
Saga	Kjallari	Kvistir		

Timburhúsið Fyrstaból sem stendur í dag við Lindargötu 7, var byggt árið 1897 af Árna Arnasyni vert en húsið reisti Árni fyrir Theóbaldr son sinn. Á sömu lóð, en aðeins ofar, stóð fyrsta húsið á Sauðárkróki, en Árni vert byggði það hús árið 1871. Fyrstaból hefur varðveist ágætlega og er í dag uppgert með láréttri timburklæðningu þó um tíma hafi það verið forskalað. Lítil bílskúr er áfastur norðan við húsið og lítill skúr vestan megin.

Heimild:

Saga Sauðárkróks, fyrri hluti – fram til ársins 1907, bls. 174-175.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	19. aldar timburhús. Ber einkenni dansk-íslenskan byggingarstílsins.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Eitt af elstu húsum bæjarins. Árni vert, fyrsti íbúi Sauðárkróks, reisti húsið.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið hefur mikið gildi fyrir götumynd Lindargötunnar og mikilvægur þáttur elstu byggðar þéttbýlis á Sauðárkróki.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur verið endurgert. Klæðning í upprunalegum stíl en gluggar og skreytingar styrkja ekki upprunalegt gildi hússins.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ástandi.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Björn Símonarson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Goðdalir um 1900 - Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	1996 Endurbýgging: breyting á gluggagerð, klæðningu, svölum og kvistum.	Sveinn Númi Vilhjálmsson, Verkfræðingur
Útveggir: Timbur		Bárujárn		
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak		
Þakklæðning: Timbur, pappi og járn		Bárujárn		
Undirstaða: Hlaðin úr hraungrýti/grjóti		Hlaðin úr hraungrýti/grjóti		
Útlit: Einlyft		Einlyft		
	Ris	Portbyggt		
	Reykháfur	Kjallari		
	Kjallari	Kvistir		
Saga	Útitróppur	Útitróppur		

Timburhúsið við Lindargötu 9 reis árið 1891 og var upphaflega kennt við þann sem lét reisa það, Björn Símonarson gullsmið en um tíma skaut Björn skjólshúsi yfir sjúklinga á meðan ekkert sjúkrahús var í bænum. Séra Árni Björnsson keypti húsið um aldamót og fékk það þá viðurnefnið Prestshús. Húsið stendur skammt sunnan Ytri-lindar og hefur tekið nokkrum breytingum í gegnum tíðina. Á ljósmynd frá því kringum 1960 má sjá ýmsar breytingar. Húsið er með kvist með flötu þaki í þakfleti að austan, klætt með hömruðu járn, útihurð að norðan fjarlægð og settur gluggi, tröppur steinsteyptar og vísa beint að hurð, helmingur svala fjarlægðar, kjallari múrhúðaður og settur þar gluggi og hurð, lítill viðbygging að aftanverðu. Í kringum 1996 var farið að huga að endurbótum að húsinu. Samkvæmt teikningum skyldi skyldi færa húsið til upprunalegs horfs. Klæða skyldi húsið með lágréttri timburklæðningu. Gluggar skyldu vera með krosspóstum og lausum fögum. Endurbýggja skyldi svalir og samræma kvista. Í dag eru ýmsar tegundir klæðninga á húsinu, bæði gamlar og nýjar. Settir hafa verið nýjir gluggar og hurðir á framhlið. Nýtt þak hefur verið sett á og kvisturinn tekið breytingum en á honum var flatt þak en er nú mænisþak.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	19. aldar timburhús að dansk-íslenski gerð. Ósamræmi í ytri klæðningu og gluggagerð.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Eitt af elstu húsum bæjarins. Í húsinu var fyrsta eiginlega sjúkraskýlið á Sauðárkróki og leysti úr brýnni þörf. Sjúklingar lágu á lofti hússins þar sem þeir fengu umönnun og hjúkrun.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið stendur við elstu byggð bæjarins og fellur vel að þeirri ásjúnd.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur breyst nokkuð frá upprunalegri gerð, en upprunalegt form húss vel merkjanlegt..
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið þarfnast viðhalds.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er friðað vegna aldurs og hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun:



Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Torf, timbur, járn og grjót	Torf, timbur, járn og grjót		
Útveggir:		Timbur og múr		
Þakgerð:	Einhalla (skúrþak)	Einhalla (skúrþak)		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga

Skúrin við Goðdali er byggður árið 1897 og var upphaflega notaður sem hesthús og fjós en hefur vafalaust gegnt ýmsum hlutverkum í gegnum tíðina og nú síðast sem geymsluskúr. Núverandi ástand skúrsins er mjög slæmt. Upphaflegt byggingarefni var torf, timbur, járn og grjót og gera má ráð fyrir að skúrin hafi verið byggður í nokkrum áföngum þar sem byggingarefni er margskonar.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Skúrin er að hruni kominn.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Vegna aldurs og er gott dæmi um búskaparhætti í þéttbýli.
Umhverfisgildi:	Lágt	Vegna ástand skúrsins rýrir það svipmót byggðarinnar en gæti styrkt það ef skúrin væri byggður upp í upprunalegri mynd.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Byggt hefur verið við skúrin og hann endurbættur með margskonar efnisnotkun.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Er í mjög slæmu ástandi og hefur ekki verið viðhaldið.
Varðveislugildi:	Lágt	Er í mjög slæmu ástandi og að hruni komin.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Lindarbrekka 1987 - Mynd úr safni Marteins



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss: Upphafleg: Núverandi:

Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft	Einlyft
	Ris	Glerskáli/Sólstofa

Helstu breytingar:

2005 Viðbyggð 17,8 fermetra sólstofa vestan við húsið.

Hönnuðir breytinga:

Guðmundur Þór Guðmundsson, Byggingafræðingur

Saga

Húsið Lindarbrekka við Lindargötu 11 er steinsteypt og byggt árið 1936 af Bjarna Magnússyni. Ekki er vitað hver var fyrsti eigandi hússins en í fasteignamati frá árinu 1940 er Haraldur Júlíusson skráður eigandi þess. Húsið hefur tekið litlum breytingum frá upphaflegri gerð nema byggð var sólstofa áföst á vesturhlið hússins.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Látlaust og einfalt steinsteypuhús.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús. Ágætt dæmi um hús alþýðufólks á millistríðsárunum.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Áberandi hluti götumyndar við innkomu í gamla bæinn að norðan.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið hefur lítið breyst.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ástandi.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið er mikilvægur hluti götumyndar.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Hallur Ásgrímsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Erlendarhús um 1950-1960. Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur		
Útveggir: Timbur			Tveir kvistir settir upp af útvegg á norður og suðurhluta hússins.	
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak		Húsið klætt með timburplötum
Þakklæðning: Timburspónn		Bárujárn		
Undirstaða:		Hlaðin úr hraungrýti/grjóti	2007	Húsið uppgert og fært í eldra horf, klætt að utan og settir nýjir gluggar og
Útlit:	Einlyft Kvistir Ris Reykháfur	Einlyft Ris Útitróppur Kjallari		
Saga	Kjallari	Kvistir		

Erlendarhús við Lindargötu 13 reis árið 1874 og stendur við brekkuna utan Ytrilindar. Efniviður í húsið kom tilsníðinn erlendis frá. Fyrir aldamótin 1900 er búið að bæta við tveimur kvistum. Af ljósmyndum frá miðri 20. öld má sjá að húsið hafi verið klætt timburplötum um tíma. Húsið var gert upp að miklu leytið árið 2007 en þá var timburgrind hússins lagfærð og gluggar, hurðar og timburklæðning færð í upprunalegt form.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	Einstaklega góður fulltrúi húss af dansk-íslenskri timburhúsagerð. Húsið hefur sérstakt útlit vegna kvistanna.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Elsta hús á Sauðárkróki sem enn stendur. Hallur Ásgrímsson, fyrsti verslunarmaðurinn á Króknum, reisti húsið.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er mjög áberandi í götumyndinni í Lindargötu og blasir við innkomu í gamla bæinn frá norðri.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið hefur lítið breyst og nýlega gert upp í upprunalegum stíl.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ásigkomulagi.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:	Hátt	Húsið er friðað vegna aldurs og hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.
		Friðuð hús - fjóublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Kristinn Gunnlaugsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Lindargata 15 árið 1987 - Mynd úr safni Marteins



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:
Byggingarefni: Steinsteipt		Steinsteipt
Útveggir: Múrsléttað		Múrsléttað
Þakgerð: Valmaþak		Valmaþak
Þakklæðning: Timbur, pappi og járn		Bárujárn
Undirstaða:		Steinsteipt
Útlit:	Tvílyft Reykháfur Útitróppur	Tvílyft Útitróppur

Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
1989 Gluggagerð á efri hæð breytt í samræmi við glugga á neðri hæð.	

Saga

Lindargata 15 er tveggja hæða steinsteipt hús byggt árið 1947. Húsið hefur lítið breyst frá upphaflegu útliti.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Steinsteypuhús frá miðri 20. öld. Ber einkenni fúnksjonalisma (hornluggar, valmaþak).
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Íbúðarhús. Hefur lítið sérstakt menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er hluti götummyndar við Lindargötu og frekar lítið áberandi miðað við stærð.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið hefur lítið breyst.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið hefur helst varðveislugildi vegna upprunaleika og sem dæmi um steinsteipt hús frá miðri 20. öld.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Sigurður Þorkelsson
Hönnuður: Guðmundur Sigurðsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Stendur autt



Lindargata 17 árið 1987 - Mynd úr safni Marteins



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteyp		Steinsteyp		
Útveggir: Múrsléttáð		Bárujárn		
Þakgerð: Valmaþak		Valmaþak		
Þakklæðning: Bárujárn		Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:	Kjallari Útitróppur Tvílyft	Kjallari Útitróppur Tvílyft		

Saga


Lindargata 17 er steinsteyp hús byggt árið 1945. Húsið hefur lítið breyst nema það hefur verið klætt að utan með bárujárn. Varð fyrir miklum skemmdum í aurskriðu sem féll úr hlíðinni árið 2007. Húsið stendur autt.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Dæmigert steinsteypuhús frá miðri 20. öld. Staðsetning og stærð glugga rýrir ásýnd hússins.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Íbúðarhús. Hefur ekkert sérstakt menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti götummyndar við Lindargötu. Lokar götunni í norðri.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsinu hefur lítið verið breytt en hefur verið klætt með bárujárn.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið er illa farið eftir aurskriðu sem féll á húsið árið 2007.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið er illa farið og til stendur að rífa það.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Sigurður Sigfússon og Árni Jóhannsson
Hönnuður: Sigurður Sigfússon

Upphafleg notkun: Íbúð / Iðnaður
Núverandi notkun: Íbúð



Teikning Sigurðar Sigfússonar frá 1946



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteyp		Steinsteyp	Tveir gluggar á norðurhlíð teknir. Lítil mjór gluggi settur í staðin á efri hæð.	
Útveggir: Múrsléttað		Múrsléttað		
Þakgerð: Valmaþak		Valmaþak	1961 Dyr settar á norðurhlíð, líklega nýr inngangur í íbúð í húsinu.	Jóhannes Guðjónsson,
Þakklæðning: Timbur, pappi og járn		Bárujárn		
Undirstaða: Steinsteyp		Steinsteyp	1989 Nýr inngangur settur syðst á austurhlíð.	Aðalsteinn Viðar Júlíusson, Byggingatæknifræðingur
Útlit: Tvílyft Kjallari Kvistir		Tvílyft Ris Svalir Kjallari Kvistir	1961 Á teikningu frá 1961 eru komnir kvistir og litlar svalir á austurhlíð.	

Saga

Árið 1947 byggðu Sigurður Sigfússon og Árni Jóhannsson stórt tvílyft hús úr steinsteypu við Skógargötu 1. Húsið er með stórum kjallara undir öllu húsinu og var upphaflega notað sem smíðaverkstæði og íbúðarhús. Seinna hafði Frímúrarareglan á Sauðárkróki aðstöðu í húsinu. Helstu breytingar á húsinu eru breytingar á inngangi, dyrum, gluggum og bætt við svölum og kvistum á austurhlíð.

Varðveislumat:


Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Stórt steinsteypuhús sem fellur illa að ákveðnum byggingarstíl.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Íbúðarhús. Hefur lítið menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Eitt fjögurra húsa við Kristjánsklauf sem eiga það sameiginlegt að skera sig úr nærliggjandi byggingum vegna stærðar sinna og gerðar en samsvara sér ágætlega við hvert annað.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsinu hefur nokkuð verið breytt frá upprunalegri gerð en form hússins fengið að halda sér.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið þarfnast viðhalds.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:	Miðlungs	Húsið þarfnast viðhalds en samsvarar sér ágætlega við nærliggjandi byggingar.
		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi: Ýmsir - Fjölbýli og hver íbúð með sér eiganda
Hönnuður: Árni Ragnarsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Teikning hönnuðar frá 1989



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteipt		Steinsteipt		
Útveggir: Múrsléttað		Múrsléttað		
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak		
Þakklæðning: Bárújárn		Bárújárn		
Undirstaða: Steinsteipt		Steinsteipt		
Útlit: Tvílyft		Tvílyft		
	Svalir	Svalir		

Saga

Steinsteipt fjölbýlishús byggt árið 1990. Hefur haldist óbreytt til dagsins í dag.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Steinsteipt tvílyft fjölbýlishús frá lok 20. aldar.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Íbúðarhús. Hefur ekkert menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Eitt fjögurra húsa við Kristjánsklauf sem eiga það sameiginlegt að skera sig úr nærliggjandi byggingum vegna stærðar sinna og gerðar en samsvara sér ágætlega við hvert annað.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur ekki verið breytt frá upphaflegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Í góðu ástandi.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið nýlegt og samsvarar sér ágætlega við nærliggjandi byggingar.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi: Guðmann Tóbiasson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Teikning hönnuðar frá 1960



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteipt		Steinsteipt		
Útveggir:		Bárujárn	Sett bárujárnsklæðning á hús	
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteipt	Steinsteipt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		
	Kjallari	Útitróppur		
	Útitróppur	Kjallari		

Saga

Skógargata 3 er steinsteipt hús byggt árið 1963 og er áfast við hús sem áður stóð á lóðinni og hefur húsnúmerið 3b. Húsið hefur ekki tekið miklum breytingum fyrir utan að það hefur verið klætt með bárujárni.

Heimild:

Fundargerðarbók Byggingarnefndar Sauðárkróks 1960-1969, 30.03.1960.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Lítill viðbygging við gamalt timburhús og hefur ekki sérstakt listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Íbúðarhús. Hefur lítið menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti götummyndar. Fellur ágætlega að nærliggjandi húsum.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið hefur lítið breyst.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu standi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hús í þokkalegu ástandi og fellur ágætlega að nærliggjandi umhverfi.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götummynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi: Kristján Gíslason
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið á yfirlitsmynd frá 1907 - úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018 - Hábær er aftari hluti hússins

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur	Timbur	Timbur	Risi bætt ofan á austurhluta	
Útveggir: Timbur	Timbur	Bárujárn	Gluggagerð breytt frá römmum og fögum yfir í krosspósta	
Þakgerð: Mænisþak	Mænisþak	Mænisþak	1963 Húsið klætt að utan með bárujárn og byggt við það til vesturs, sá hluti fær	
Þakklæðning: Timbur og pappi	Timbur og pappi	Bárujárn	Gluggum breytt úr krosspósta í einpósta	
Undirstaða: Hlaðin úr hraungrýti/grjóti	Hlaðin úr hraungrýti/grjóti	Hlaðin úr hraungrýti/grjóti		
Útlit: Einlyft	Einlyft	Einlyft		
	Ris	Ris		
	Kjallari	Kjallari		
	Reykháfur	Útitróppur		
Saga	Útitróppur	Portbyggt		

Kristján Gíslason kaupmaður, lét byggja húsið Hábæ úr timbri árið 1907 en seldi íbúðirnar strax þegar húsið var tilbúið. Íbúðirnar í húsinu voru þrjár til að byrja með. Byggt hefur verið við húsið bæði til austurs og vesturs og rishæð verið sett ofan á austurhlutann. Húsið hefur verið klætt að utan með bárujárn og glugga/hurðagerð verið breytt.

Heimild:

Saga Sauðárkróks – Síðari hluti til ársins 1922, bls. 160.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	19. aldar timburhús. Hefur tapað töluvert af stíleinkennum vegna seinni tíma breytinga sem rýrt hefur listrænt gildi hússins.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Með eldri húsum bæjarins. Íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti götummyndar. Fellur ágætlega að nærliggjandi húsum.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur breyst töluvert og þær breytingar hafa heldur rýrt upprunaleika hússins.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:	Miðlungs	Húsið er friðað vegna aldurs og fellur ágætlega að nærliggjandi umhverfi.
-----------------	----------	---

Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götummynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi: Jakobína Ólafsdóttir
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Seyla um 1910 - Mynd úr safni HSk



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	Sólstofa, áföst, byggt við austurhlið. Endurbýggð 2010.	
Útveggir: Timbur		Múrsléttað		
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak	1920 Gluggi settur á suðurhlið og skúr á vestur hlið rifinn.	
Þakklæðning: Timbur og járn		Bárujárn		
Undirstaða: Hlaðin úr hraungrýti/grjóti		Hlaðin úr hraungrýti/grjóti	2010 Garðskáli endurbýggður austan við húsið.	Hjörtur Ingason,
Útlit: Einlyft Kjallari Inngönguskúr (bísлаг)		Einlyft Ris	Skúrbygging til norðurs rifin	
			Húsið forskalað	

Saga

Jakobína Ólafsdóttir lét reisa húsið Seylu við Skógargötu 5 árið 1898. Þetta er lítið timburhús sem var fyrst um sinn kallað Kassinn eða „Rúsínukassinn“. Húsið var forskalað einhverntíma fyrir 1960. Búið er að breyta gluggagerð.

Heimild:

Saga Sauðárkróks - fyrsti hluti, bls. 196.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	19. aldar timburhús af lágrisgerð en hefur misst töluvert karekter sinn með seinni tíma breytingum.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Með eldri húsum bæjarins.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti þyrpingu 19. aldar húsa sem eru lítil og látlaus. Þau raðast á óskipulagðan máta vestan megin götunnar. Merkar leifar 19. aldar þorpsins og eldra skipulags.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur lítið breyst að formi til en hefur tekið nokkrum útlitsbreytingum sem rýra upprunalegt gildi hússins.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsinu hefur verið haldið við.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:	Miðlungs	Húsið er friðað vegna aldurs og er mikilvægur hluti götumyndar.
-----------------	----------	---

Götumynd - rauður litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Friðuð hús - fjóluþlár litur á korti

Fyrsti eigandi: Gísli Þorsteinsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið fyrir miðju. Brot úr yfirlitsmynd frá 1898



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	1920 Byggður áfastur skúr við húsið, með gluggum.	
Útveggir: Timbur		Timbur		
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak		
Þakklæðning: Timbur, pappi og járn		Bárujárn		
Undirstaða: Hlaðin úr hraungrýti/grjóti		Hlaðin úr hraungrýti/grjóti		
Útlit: Einlyft		Einlyft		
	Inngönguskúr (bíslag)	Kjallari		
	Kjallari			
	Reykháfur			

Saga

Lítið timburhús reist árið 1898 við Skógargötu 5b af Gísli Þorsteinssyni verslunarmanni og hefur ýmist verið kallað Gísley eða Gíslahús. Húsinu hefur verið breytt töluvert frá upprunalegu útliti. Breytingarnar virðast eiga sér stað á árunum 1950-1956. Á mynd frá Teiknistofu Skipulagsins sem heitir "Skipulag Sauðárkróks - tillaga að Skógargötu" er húsið enn í upprunalegu formi en á loftmynd frá Landmælingum Íslands frá árinu 1956 hefur því verið breytt. Það hefur verið bæði breikkað og lengt, gluggum fjölgað og húsið verið klætt með timburplötum. Á yfirlitsmyndum frá 1960 má einnig greina að búið er að rífa viðbyggðan skúr.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	19. aldar timburhús af lágrisgerð en hefur misst nokkuð af karekter sínum.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús sem þó er með þeim elstu í bænum og gott dæmi um híbýli almúgamannsins.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti þyrpingu 19. aldar húsa sem eru lítil og látlaus. Þau raðast á óskipulagðan máta vestan megin götunnar. Merkar leifar 19. aldar þorpsins og eldra skipulags.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur verið stækkað og klætt með timburplötum sem rýra upprunalegt gildi hússins.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi.


Varðveislugildi:

Verndarflokkar:	Miðlungs	Húsið er friðað vegna aldurs og er gott dæmi um híbýli almúgans. Mikilvægur hluti götumyndar.
-----------------	----------	---

Friðuð hús - fjóluþlár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi: Helgi Guðmundsson og Sigurður J.
Hönnuður: Sigurður Sigfússon

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Teikning hönnuðar frá 1947



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteipt		Steinsteipt	1985 Húsið klætt að utan.	
Útveggir: Múrsléttað		Bárujárn		
Þakgerð: Valmaþak		Valmaþak		
Þakklæðning: Timbur, pappi og járn		Bárujárn		
Undirstaða: Steinsteipt		Steinsteipt		
Útlit: Tvílyft		Tvílyft		
	Útitróppur	Útitróppur		
	Kjallari	Viðbygging		

Saga

Steinsteipt hús á tveimur hæðum byggt árið 1947 af Helga Guðmundssyni og Sigurði J. Guðmundssyni. Upphaflega átti húsið að vera helmingi stærra. Húsið hefur ekki tekið miklum breytingum frá upphaflegri gerð að öðru leyti en að hafa verið klætt að utan með bárujárnslæðningu. Á upphaflegu teikningu hússins hefur verið bætt við athugasemd þess efnis að húsið hafi verið endurbætt árið 1965 en ekki er tekið fram í hverju þær breytingarnar fólust.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Stórt steinsteypuhús sem fellur illa að ákveðnum byggingarstíl. Er þó með viss einkenni fúnkis.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Íbúðarhús. Hefur lítið menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Samsvarar sér ágætlega að nærliggjandi húsum, sérstaklega norðan við húsið.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsinu hefur lítið verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið er hluti götummyndar og hefur haldið ágætlega upprunaleika.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götummynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi: Björn Björnsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Mynd frá 1987 úr safni Marteins Steinssonar



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:
Byggingarefni: Timbur		Timbur
Útveggir:		Bárujárn
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Timbur og pappi	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft	Einlyft
	Ris	Útitróppur
	Kjallari	Kjallari
	Inngönguskúr (bísлаг)	Inngönguskúr (bísлаг)

Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
2006 Klætt með bárujárn, byggður pallur og sett hurð í stað glugga út á pall.	
1963 Byggt anddyri við húsið.	

Saga

Björn Björnsson lét byggja húsið Birkihlíð árið 1942 og er það úr timbri. Húsið er ein hæð með steiptum kjallara og risi. Um tíma var húsið múrhúðað en árið 2006 var það klætt með bárujárn.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Látlaust timburhús á háum grunni.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið stendur á áberandi stað í brekkunni ofan Skógargötu.
Upprunalegt gildi:	Miðlung	Húsið hefur lítið breyst að forminu til en var forskalað og síðar klætt með bárujárn.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Nýlega uppgert.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið á broti úr yfirlitsmynd 1898 - úr safni HSk



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur og torf		Timbur og torf		
Útveggir:		Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Timbur og járn	Bárujárn		
Undirstaða:		Hlaðin úr hraungrýti/grjóti		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		
	Ris	Ris		
	Kjallari	Kjallari		
		Viðbygging		
		Reykháfur		

Saga

Bjarnabær er lítið timburhús við Skógargötu 7. Heimildir segja að húsið sé að stofninum til sjóbúð og sé því byggt fyrir árið 1874 en þá eignast Jón Bjarnasonar húsið. Á yfirlitsmynd frá 1893 sést torfbær með burst í austurátt á þeim stað sem húsið er nú og má því vera að sá bær sé grunnurinn að því húsi sem stendur nú þó stafn núverandi húss sé með stafn í norður-suður. Húsið hefur því tekið miklum breytingum frá upphaflegri gerð sinni en bærinn hefur farið úr því að vera torfbær í að vera timburhús árunum 1893-1898. Á yfirlitsmynd frá 1903 má sjá áfastan skúr með einhalla þaki sunnan við húsið en hann virðist hafa verið rifin um/eftir 1935. Byggt hefur verið við húsið til norðurs og er sú bygging með flötu þaki. Timburklæðningin hefur jafnframt verið múrhúðuð. Heimild:

Kristmundur Bjarnason, Saga Sauðárkróks. Fyrri hluti, fram til 1907, 177-178.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Húsið er nokkuð dæmigert fyrir dansk íslenska gerð timburhúsa.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Íbúðarhús, eitt af elstu húsum bæjarins og hlutar hússins er gömul verbúð.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti þyrpingu 19. aldar húsa sem eru lítil og látlaus. Þau raðast á óskipulagðan máta vestan megin götunnar. Merkar leifar 19. aldar þorpsins og eldra skipulags.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur breyst lítið að forminu til eftir að það varð timburhús um aldamótin 1900 en byggt hefur verið við það skúrbygging að norðan og húsið forskalað.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið þarfnast viðhalds.

Varðveislugildi:


Hátt Húsið er friðað vegna aldurs og hefur varðveislugildi vegna menningarsögu og umhverfis.

Verndarflokkar:

Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Sölvi Jónsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Uppmælingar byggingarfulltrúa frá 1990



Mynd: ES apríl 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteyp		Steinsteyp	1935 Áfastur bílskúr/geymsla byggð norðan við húsið.	
Útveggir: Múrsléttað		Múrsléttað		
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak		
Þakklæðning: Timbur og asfaltþappi		Bárujárn		
Undirstaða: Steinsteyp		Steinsteyp		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		
	Ris	Kvistir		
	Kvistir	Portbyggt		
	Reykháfur	Ris		
Saga	Kjallari	Reykháfur		

Húsið Brekka er byggt árið 1927 af Sólva Jónssyni en hann byggði húsið utan um Guðfinnhús sem var reist árið 1896 og hvarf því inn í Brekku. Fyrsta rafstöðin á Sauðárkróki var sett upp við hlið hússins árið 1922. Árið 1935 var byggður áfastur bílskúr við húsið. Húsinu hefur lítið verið breytt að öðru leyti frá upprunalegu útliti

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Húsið er portbyggt steinsteypuhús sem er byggt í timburhúsastil.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Fyrsta rafstöðin á Sauðárkróki var sett upp hér árið 1922.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti götummyndar.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Aðalhúsið hefur haldið sér að forminu til en byggt hefur verið við húsið og þær byggingar hafa ekki styrkt gildi þess.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið þarfnast viðhalds.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið hefur gildi vegna byggingarlistar og umhverfis.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götummynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið á yfirlitsmynd frá 1893 - Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	1920 Húsið hækkað og forstofa færð á suðurstafn, hurð sett á kjallara.	
Útveggir:		Hamrað járn nema á	1926 Viðbygging vestan við hús með tveimur gluggum í suður og vestur	
Þakgerð:	Timbur og pappi	Mænisþak	1971 Forstofa á vesturhlið byggð við.	Hallgrímur Ingólfsson, Byggingatæknifræðingur
Þakklæðning:		Bárujárn	1996 Breyting á glugga á suðurhlið.	Valur Ingólfsson, Smiður
Undirstaða:		Hlaðin úr hraungrýti/grjóti		
Útlit:	Einlyft Ris Reykháfur Kjallari	Einlyft Ris Reykháfur Kjallari Viðbygging		

Saga

Húsið er byggt árið 1880 af Carl Holm verslunarþjóni við Poppverslun. Vigfús Guðmundsson Melsteð söðlasmiður og síðar hreppstjóri eignaðist húsið og kom nafnið Melsteðshús til vegna þess. Melsteðshús er fyrsta hreppstjórasetur á Sauðárkróki og var þar einnig fyrsta póstafréiðsla bæjarins. Byggt hefur verið við húsið til vesturs og síðan kemur forstofubygging út frá þeirri viðbyggingu. Fyrri forstofubygging var flutt á suðurstafn hússins. Húsið hefur verið klætt með hömruðu járn nema forstofa á vesturhlið er klædd með liggjandi timburklæðningu. Einnig var, á einhverjum tímamarki, settur kvistur í þakflöt að austanverðu en það skortir ljósmyndir og aðrar heimildir um tímasetningu.

Heimild:

Kristmundur Bjarnason, Saga Sauðárkróks. Fyrri hluti fram til ársins 1907, 180

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	Húsið er 19. aldar timburhús af dansk-íslenskri gerð. Húsið er ágætur fulltrúi þess byggingarstíls.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Eitt af elstu húsum bæjarins. Íbúðarhús, fyrsta hreppstjórasetur á Sauðárkróki og jafnframt var fyrsta póstafréiðslan til húsa hér.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti þyrpingu 19. aldar timburhúsa sem eru lítil og látlaus. Merkar leifar 19. aldar þorpsins og eldra skipulags.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Aðalhúsið hefur haldið sér að forminu til en byggt hefur verið við það. Húsið klætt hömruðu járn.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er friðað vegna aldurs og hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.
Verndarflokkar:		Friðuð hús - fjóublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi: Sigurður Pálsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð / Þjónusta
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið stuttu eftir byggingu - Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	1985 Húsið flutt á Skógargötu. Steyptur hár grunnur undir húsið.	Bergljót S. Einarsdóttir, Arkitekt
Útveggir: Timbur		Timbur		
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak	1985 Húsið gert upp með útlit hússins árið 1925 að fyrirmynd.	Árni Friðriksson, Finnur Birgisson, Arkitekt
Þakklæðning: Bárújárn		Bárújárn		
Undirstaða: Hlaðinn úr grjóti og		Steinsteypt		
Útlit: Einlyft		Einlyft		
	Portbyggt	Portbyggt		
	Ris	Ris		
	Reykháfur	Svalir		
Saga	Útitróppur	Útitróppur		

Læknishúsið var byggt við Suðurgötu 1 árið 1901 að frumkvæði Sigurðar Pálssonar héraðslæknis en húsið var síðar flutt árið 1985 á Skógargötu 10B. Þegar Læknishúsið stóð við Suðurgötu rann Sauða austan við það og út í sjó. Sunnan við húsið var stór garður þar sem fólk kom saman á hátíðsdögum. Húsið hýsti héraðslækna og fjölskyldur þeirra til ársins 1956 ásamt því að gegna hlutverki lyfjabúðar og skrifstofu sem var í norðvesturenda hússins. Húsið hefur gengið í gegnum ýmsar breytingar frá upphafi en eftir að húsið var flutt á Skógargötu var unnið að því að færa húsið sem næst upprunalegri mynd.

Það má sjá á ljósmyndum að á tímabilinu 1920 til 1925 voru settir kvistir upp af útvegg á austur- og vesturhlíð, og svalir yfir forstofu sem sneri til suðurs. Á tímabilinu 1925 til 1957 er húsið klætt með járnklæðningu, hamrað járn á neðri hæð en bárújárn í ris og kvistum. Stór gluggi og hurð sett á vesturhlíð. Árið 1978-1979 var húsið mælt upp og teiknað eins og talið er að það hafi litið út í kringum 1925. Árni Friðriksson arkitekt og Finnur Birgisson arkitekt, Teiknistofunni Höfða, unnu það verkefni. Þessar teikningar voru hafðar að leiðarljósi þegar húsið er gert upp eftir að það er flutt á núverandi stað, Skógargötu 10B en það var gert 01.09.1985. Húsið var sett á steypant kjallara, nokkru hærri en fyrirmyndin. Tillaga að staðsetningu í Skógargötu og aðlögun með tilliti til staðsetningu var gerð af Bergljótu S. Einarsdóttur arkitekt, Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur árið 1985.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	Húsið er sveitserhús og gott dæmi um slíkan byggingarstíl.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Eitt af eldri húsum bæjarins. Húsið á sér merka sögu sem læknisbústaður.
Umhverfisgildi:	Hátt	Er ekki á upprunalegum stað en fellur vel að götumynd Skógargötu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið hefur breyst töluvert gegnum tíðina en það hefur verið fært í það horf sem það var árið 1925.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í ágætu ástandi en þarfnast viðhalds.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð / Menningarstarfsemi
Núverandi notkun: Menningarstarfsemi



Brot úr yfirlitsmynd frá 1898 - Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur og járn	Timbur og járn	1903 Viðbygging norðan við hús. Steyptur kjallari undir þessum hluta húss.	Hjálmar Gíslason,
Útveggir:	Timbur	Timbur á elsta hluta,	1922 Viðbygging úr steinsteypu norðan við hús, hýsti sýningabúnað.	
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak	1915 Salarhluti hússins klæddur, nýjir gluggar, skúr á suðaustur horni rifinn	
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn	1990 Nýjir gluggar settir á kjallara	
Undirstaða:	Hlaðin úr hraungrýti/grjóti	Hlaðin úr hraungrýti/grjóti		
Útlit:	Einlyft Ris Reykháfur Kjallari	Einlyft Útitróppur Viðbygging Kjallari		

Saga

Húsið Gúttó er timburhús byggt árið 1898. Byggingin hófst 1897 en lauk ekki fyrr en eftir áramót. Það var Góðtemplarastúkan Gleym mér ei sem stóð fyrir smíði hússins en Steindór Jónsson var yfirmiður þess. Húsið reis á lóð Vigfúsar Melsteð söðlasmiðs. Húsið var stækkað með viðbótarbyggingu um áramótin 1903-1904 sem gegndi hlutverki senu í leik- og kvikmyndasýningum. Viðbyggingin gjörbreytti notkunarmöguleikum hússins og varð það miðstöð leiklistar í héraðinu uns Félagsheimilið Bifröst reis áratugum síðar. Á ljósmyndum frá 1950-1960 má sjá að lítil viðbygging hafi verið byggð á suðausturhorni hússins. Viðbygging þessi mun hafa verið notuð sem geymsla. Á þessum myndum má einnig sjá að búið var að klæða húsið með bárujárn og breyta gluggagerð. Árið 2015 var salarhluti hússins gerður upp, hann klæddur með timburklæðningu og settir gluggar og hurðir í upprunalegri mynd. Skátahreyfingin Eilífsbúar höfðu húsið til umráða um langt skeið en nú síðast hefur húsið verið miðstöð áhugamanna um listmálun.

Heimildir:

Gúttó á Sauðárkróki. Stutt greinargerð um húsið. Teiknistofan Skólavörðustíg 28sf. 1992. Skjal varðveitt rafrænt hjá embætti Byggingafulltrúa Skagafjarðar.

HSk. E-4 A/1 Gjörðabók Gleym mér ei.

HSk. O-17 AL/1 Gjörðabók Byggingarnefndar Sauðárkróks 1918-1947.

Kristmundur Bjarnason: Saga Sauðárkróks síðari hluti II, 1922-1948. Sauðárkróksskaupstaður, 1973, bls. 113.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	19. aldar timburhús af lágrisgerð (tilbrigði við norsk-íslenska gerð).
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Eitt af elstu húsum bæjarins. Húsið hefur gegnt mikilvægu hlutverki frá upphafi og hýst ýmsa félags- og menningarstarfsemi.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti 19. aldar húsa timburhúsa sem eru lítil og látlaus. Merkar leifar 19. aldar þorsins og eldra skipulags. Húsið er hluti götummyndar Skógargötu og stendur á horni hennar og Bjarkarstígs og blasir við
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur breyst nokkuð frá upphafi en aðalhúsið stendur óbreytt að formi til.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi, aðalhúsið er nýlega uppgert.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er friðað vegna aldurs og hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis
Verndarflokkar:		Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götummynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið fremst á broti úr mynd frá 1903. Úr safni



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	1922 Húsið hækkað og sett lágrest ris ofan á húsið.	
Útveggir:		Timbur	1990 Klætt með skarsúð og stigi að endurbyggður, kjallari múrsléttaður.	
Þakgerð:		Mænisþak	2004 Skúrþak sem var yfir andyri og norðurhluta breytt í mænisþak.	Birgir Ágústsson, Verkfræðingur
Þakklæðning:	Timbur og pappi	Bárujárn		
Undirstaða:	Hlaðin úr hraungrýti/grjóti	Hlaðin úr hraungrýti/grjóti		
Útlit:	Einlyft Reykháfur Kjallari	Einlyft Kjallari Útitróppur		

Saga

Halldórshús er skúrbyggt timburhús undir brekkunni byggt árið 1896 af Halldóri Þorleifssyni járnsmiði. Árið 1930 byggði Þorvaldur Þorvaldsson við húsið annað hús til suður, sambyggt, úr timbri. Þorvaldur kallaði þann hluta Hvamm (Skógargata 14). Halldórshús virðist hafa tekið nokkrum breytingum frá upphaflegri gerð sinni en erfitt er að dæma um það þegar ekki er vitað fyrir víst hvernig það leit út í upphafi. Helst ber þó að nefna að það hefur verið klætt að utan með skarsúð og skúrþak sem var yfir anddyri breytt í mænisþak. Líklega hefur gluggagerð breyst. Af ljósmyndum má sjá að um miðja 20. öld var húsið klætt járnplötum.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Skúrbyggt lítið timburhús sem fellur illa að ákveðnum byggingarstíl.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús sem hefur varðveislugildi vegna aldurs síns og ágætt dæmi um híbýli almúgans.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti götummyndar. Hið áfasta hús (Skógargata 14) hefur nokkuð ólíka ásýnd og draga þau því hvort annað niður.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Erfitt að dæma um breytingarsögu þegar lítið er vitað um upprunalegt útlit en líkur á að húsinu hafi verið breytt nokkuð.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið er friðað vegna aldurs og hefur auk þess varðveislugildi sem hluti götummyndar.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götummynd - rauður litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti

Fyrsti eigandi: Jónas Sveinsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Sólvangur árið 1910-1912. Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	1926 Hæð byggð ofaná húsið. Hurð á vesturhlið. Líklega bárujárnsklætt þá	
Útveggir: Timbur		Timbur	1993 Sett timburklæðning, gluggum breytt og tröppur færðar í fyrra útlit.	Teiknistofan Skólavörustíg 28 sf,
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak		
Þakklæðning: Timbur, pappi og járn		Bárujárn		
Undirstaða: Steinsteypt		Steinsteypt		
Útlit: Einlyft		Tvílyft		
	Ris	Inngönguskúr (bíslag)		
	Inngönguskúr (bíslag)	Kjallari		
	Kjallari	Útitröppur		
Saga	Reykháfur	Svalir		

Húsið Sólvangur er timburhús, byggt árið 1904 af Jónasi Sveinssyni oddvita á Sauðárkróki. Húsið er byggt sem lágrisgerð á einni hæð. Jónas flutti úr bænum 1911 og seldi þá Jóni Þ. Björnssyni skólástjóra húsið. Jón fékk leyfi til að hækka húsið um eina hæð árið 1926 og er sú hæð komin á ljósmynd frá 1930. Á þeirri sömu ljósmynd virðist húsið vera komið með bárujárnsklæðningu, alla vegana á suðurhlið. Á ljósmynd frá 1987 er húsið greinilega enn klætt með bárujárni en á austurhlið er hömruð járnklæðning, og gluggum lítillega breytt. Á þeirri mynd má sjá að búíð er að bæta við svölum og svaladyrum á austurhlið. Á annari ljósmynd frá svipuðum tíma má sjá að tröppur hafa verið um tíma steypar og þær yfirbyggðar. Í upphafi tíunda áratugar 20. aldar er farið að vinna að því að gera húsið upp. Í dag hafa gluggað verið færðir til fyrra útlits, húsið er komið með timburklæðningu og útitröppur eru úr tré.

Heimild:

Bæjar- og húsakönnun 2001, bls. 65.

Saga Sauðárkróks I, bls. 202.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	Ágætt dæmi um tvílyft timburhús frá fyrri hluta 20. aldar.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlung	Húsið er skemmtilegt dæmi um hvernig timburhús getur þróast með stækkunum.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er hluti götumyndar Skógargötu og stendur á horni hennar og Bjarkarstígs.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Við breytingar 1926 missti húsið einkenni lágris timburhúsa. Þrátt fyrir það var í breytingum og nýlegri endurgerð borin virðing fyrir stíl og ásýnd timburhúsa frá fyrri hluta 20. aldar.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ástandi.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi: Jón Þ. Björnsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Landbúnaður
Núverandi notkun: Geymsluskúr



Mynd: ES ágúst 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur		
Útveggir: Timbur		Timbur		
Þakgerð: Einhalla (skúrþak)		Einhalla (skúrþak)		
Þakklæðning: Járn		Bárujárn		
Undirstaða: Steinsteyp		Steinsteyp		
Útlit: Einlyft		Einlyft		

Saga

Skúrin við Skógargötu 13 er fyrst virtur í brunavirðingum árið 1933 og má gera ráð fyrir að þá hafi skúrin verið nýrisinn enda sést hann fyrst á yfirlitsmyndum um það leyti. Jón Þ. Björnsson, skólastjóri, lét reisa skúrin sem heygeymslu og var hann áfastur öðrum skúr sem tilheyrði gamla sjúkrahúsinu, sá skúr er nú horfinn. Líklega hefur skúrin ekki tekið miklum breytingum að forminu til en klæðningin hefur þó tekið einhverjum breytingum í gegnum tíðina. Skúrin er ekki skráður í fasteignaskrá og því ekki með fastanúmer né staðfest byggingarár.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Einföld skúrabygging.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Gott dæmi um búskaparhætti í þéttbýli á kreppuárum.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti götumyndar við Bjarkarstíg.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Hefur tekið óverulegum breytingum frá upphaflegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Skúrin er í ágætu ástandi.

Varðveislugildi: Miðlungs Látlaus timburskúr í ágætu ástandi.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Þorvaldur Þorvaldsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hvammur um 1960 - Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	2006 Steyptar tröppur fjarlægðar, timburtröppur settar í staðinn.	ARGOS ehf, Arkitekt
Útveggir:		Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Timbur og pappi	Bárujárn		
Undirstaða:		Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft Kjallari Reykháfur Útitröppur	Einlyft Útitröppur Kjallari		

Saga

Þorvaldur Þorvaldsson byggði lítið timburhús áfast við Halldórshús (Skógargötu 12) og kallaði Hvamm. Húsið hefur litlum breytingum tekið frá upphaflegri gerð, nema það hefur verið forskalað (ártal óvíst) og steyptar tröppur fjarlægðar og aðrar úr timbri settar í staðinn.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Húsið er lítið, látlaust, múrhúðað timburhús frá fyrri hluta 20. aldar.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Dæmi um lítið og látlaust hús alþýðu á krepputímum. Íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti götummyndar en hið áfasta hús (Skógargata 12) hefur nokkuð ólíka ásynd og draga þau því hvort annað niður.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsinu hefur lítið breyst að forminu til en hefur verið forskalað.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið hefur fyrst og fremst varðveislugildi sem hluti götummyndar en einnig fyrir sitt menningarsögulegt gildi.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götummynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi: Steindór Jóhannesson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið á broti úr yfirlitsmynd frá 1910-1912. Mynd



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	1934 Byggð hæð ofan á húsið með háu porti, hærra risi og kvist á austurhlið.	
Útveggir: Timbur		Timbur	1994 Viðbygging á vesturhlið á einni hæð. Kvistur settur á vesturhlið, gluggagerð	Guðmundur Þór Guðmundsson, Byggingafræðingur
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak		
Þakklæðning: Timbur, pappi og járn		Bárujárn		
Undirstaða: Steinsteypt		Steinsteypt		
Útlit: Einlyft		Einlyft		
	Ris	Portbyggt		
	Reykháfur	Ris		
	Kjallari	Útitröppur		
Saga	Inngönguskúr (bíslag)	Kjallari		

Húsið Kirkjuhvoll er timburhús byggt árið 1906 af Steindóri Jóhannessyni verslunarmanni. Síðar eignaðist Friðrik Hansen kennari það. Húsinu hefur verið mikið breytt. Hæð með háu porti og risi bætt ofan á það ásamt kvistum og viðbyggingu til vesturs. Gluggagerð hefur breyst í gegnum tíðina, um tíma voru rammar og fög en síðar krosspóstar og enn síðar ósamhverf skipan með einpósta gluggum. Á tímabili var húsið klætt með hömruðu járn eins og sjá má á ljósmynd frá 1942. Á tíunda áratug 20. aldar var húsið klætt með liggjandi borðaklæðningu og settir krosspósta gluggar og hurða og gluggafaldar. Fært í gamla stílinn.

Heimildir:

Saga Sauðárkróks I, bls. 202.

Bæjar- og húsakönnun 2001, bls. 64.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Erfitt er að flokka húsið í einhvern byggingarstíl eftir nýjustu breytingar. Hefur að miklu leyti haldið ásýnd eldra húss þó viðbyggingin dragi nokkuð úr þeirri upplifun.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið hefur lítið menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti götumyndar við Skógargötu og stendur sem mikilvægur bakgrunnur fyrir kirkjuna.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsinu hefur verið mikið breytt. Byggt ofan á það porthæð, bætt við kvisti og viðbygging til vesturs. Þó hefur verið reynt að sumu leyti að setja húsið í fyrra horf með vali á klæðningu og gluggagerð.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ástandi.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er friðað vegna aldurs. Hefur fyrst og fremst varðveislugildi vegna aldurs og umhverfis.
Verndarflokkar:		Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi: Eyjólfur Ísaksson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hóll eftir að byggt var utan um gamla húsið -



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur og steinn		Timbur og steinn	1958 Hús úr steinsteypu byggt utan um gamla skúrbyggða húsið	Jón H. Friðriksson,
Útveggir: Timbur og steinn		Múrsléttað að hluta en	1986 Byggt var ofan á húsið hæð með háu risi og kvistum í þakfleti í norður og	Árni Ragnarsson,
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak		
Þakklæðning: Pappi		Bárujárn		
Undirstaða:		Steinsteyp		
Útlit:	Einlyft	Tvílyft		
	Ris	Ris		
	Viðbygging	Kvistir		

Saga

Hús hlaðið úr vikursteini og múrhúðað, kjallari undir suðurhlíð, byggt á árabílinu 1956-1966 og nefnist Hóll. Áður stóð á sama stað lítið timburhús sem byggt var utan um og var stundum kallað Eyjólfshús eftir eiganda þess en það var byggt árið 1910. Erfitt er að sjá hvar elsti hlutinn, eða hvort eitthvað sé eftir af elsta hlutanum, en mögulega er það nyrsti hluti hússins. Á árunum 1987-1999 var byggð rishæð með kvistum ofan á húsið.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Nýjustu breytingar á húsinu færa húsið til fortíðar með að setja rishæðina ofan á húsið en um leið gefur arkitektinn húsinu svip nútíma-arkitekturs.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús. Nýjustu breytingar á húsinu höfundaverk Árna Ragnarssonar arkitekts.
Umhverfisgildi:	Lágt	Þetta hús, ásamt Skógargötu 18, sker sig nokkuð úr í götumyndinni bæði hvað varðar stærð og stíl.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið hefur gjörbreytst. Lítil hluti hússins er upprunalegur.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ástandi.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:	Götumynd - rauður litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti
-----------------	---

Fyrsti eigandi: Þorsteinn Erlendsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Hlíð um 1960 - Mynd úr safni HSK



Mynd: ES apríl 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteyp		Steinsteyp	1969 Hús lengt til vesturs og þakgerð breytt í einhalla þak.	Ísak Árnason, Húsasmiðameistari
Útveggir: Múrsléttað		Múrsléttað en norðurhlíð		
Þakgerð: Mænisþak		Einhalla (skúrþak)		
Þakklæðning: Timbur og pappi		Bárujárn		
Undirstaða: Steinsteyp		Steinsteyp		
Útlit: Einlyft		Einlyft		
	Kjallari	Kjallari		
	Reykháfur	Útitróppur		

Saga

Þorsteinn Erlendsson byggði þetta steinsteypuhús árið 1916. Húsið var ein hæð með lágu risi og kjallari undir öllu húsinu. Árið 1969 var húsið lengt til vesturs og þakgerð þess breytt í einhalla þak. Árið 1969 virðist vera búið að breyta gluggagerð.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Lítið og látlaust steinsteypuhús frá fyrri hluta 20. aldar. Vegna breytinga minnir stíll þess þó fremur á seinni hluta 20. aldar.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús. Dæmi um hús alþjóðfólks á 20. öld. Eitt af elstu steinsteypu húsum á Sauðárkróki.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti götummyndar. Stendur á horni Skógargötu og Hlíðarstígs. Er í ágætu samræmi við húsin við Hlíðarstíginn.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsinu hefur verið breytt töluvert frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í ágætu ástandi.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið er friðað vegna aldurs og hefur varðveislugildi vegna menningarsögulegs gildis og umhverfis.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götummynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi: Guðmundur Jónsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Brimgarður um 1910 - Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	Klætt með hömruðu járn	
Útveggir: Timbur		Timbur		
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak	2010 Viðbygging til vesturs og kjallari undir húsinu hækkaður um 35 cm og	Pétur Örn Björnsson, Arkitekt
Þakklæðning:		Bárujárn	2010 Húsið klætt að utan með liggjandi timburklæðningu og nýjir gluggar	
Undirstaða: Hlaðin úr hraungrýti/grjóti		Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		
	Kjallari	Ris		
	Reykháfur	Útitróppur		
		Viðbygging		
		Kjallari		

Saga

Húsið, sem upphaflega bar heitið Brimgarður, var lítið timburhús sem stóð fyrir neðan Bræðrabúð við Aðalgötu 22 b. Það var reist af Guðmundi Jónssyni frá Miklagarði árið 1901. Húsið var flutt af Kristjáni Hansen frá Sauðá árið 1915 og kallaðist húsið upp frá því Sauðá. Þar stendur húsið enn við Skógargötu 17 b. Undanfarin ár hefur verið unnið að því að gera húsið upp í upprunalegri mynd.

Heimild:

Saga Sauðárkróks I, bls. 201.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	Húsið hefur áður verið flokkað sem dansk-íslenskt timburhús en hefur nokkuð lægra ris en venja er með slík hús. Sérstætt.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlung	Eitt af eldri húsum bæjarins. Húsið er eitt af þeim gömlu húsum á Sauðárkróki sem hefur verið flutt af grunni sínum og fenginn nýr staður.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er mikilvægur hluti rýmismyndunar við kirkju og Hlíðarstíg.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið hefur verið gert upp í upprunalegri mynd á vel heppnaðan máta.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er nýlega uppgert.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi: Guðvarður Sigurðsson
 Hönnuður: Sigurður Sigfússon

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Mynd frá 1987 úr safni Marteins Steinssonar



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteipt		Steinsteipt		
Útveggir: Múrsléttað		Múrsléttað		
Þakgerð: Valmaþak		Valmaþak		
Þakklæðning: Timbur, pappi og járn		Bárujárn		
Undirstaða: Steinsteipt		Steinsteipt		
Útlit: Tvílyft		Tvílyft		
	Ris	Kvistir		
	Kvistir	Svalir		

Saga

Skógargata 18 er steinsteipt hús á tveimur hæðum og er byggt árið 1954 af Guðvarði Sigurðssyni. Húsið hefur tekið litlum breytingum frá upphaflegri gerð, helsta er að gluggagerð hefur breyst eftir 1987 og reykháfur fjarlægður.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Reisulegt en dæmigert steinsteypuhús frá miðri 20. öld. Húsið er undir vissum funkisstílláhrifum.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Íbúðarhús. Hefur lítið menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Þetta hús, ásamt Skógargötu 16, sker sig nokkuð úr í götummyndinni bæði hvað varðar stærð og stíl.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsinu hefur verið lítið breytt frá upphaflegri gerð en búið að breyta gluggagerð.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið sker sig nokkuð úr hvað götummynd varðar en hefur helst gildi vegna uppruna og byggingarlistar.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götummynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Steindór Jónsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Reykir um 1960 - Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Timbur, pappi og járn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt			
Útlit:	Einlyft Reykháfur Kjallari Útitróppur	Einlyft Útitróppur Kjallari		

Saga

Skógargata 20 er steinsteypt hús, byggt árið 1924 og er kallað Reykir. Húsið er ein hæð með lágu risi og kjallara undir öllu húsinu. Húsið hefur tekið litlum sem engum breytingum frá upprunalegri gerð sinni. Gluggum hefur verið breytt úr krosspósta í einpósta og strompur fjarlægður. Timburhandrið sett á tröppur í stað járnhandriðs.

Á millistríðsárunum hefur verið byggt nokkuð að litlum, látlausum húsum á Sauðárkróki, ýmist úr timbri eða steinsteypu. Þessi hús eru áberandi við Kambastíg en einnig við syðri hluta Skógargötu. Merkar leifar tíðaranda millistríðsáranna. Reykir er ágætt dæmi um þessa tegund húsa.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Lítið og látlaust steinsteypuhús. Gott dæmi um smáhús millistríðsáranna á Sauðárkróki.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús. Höfundarverk Steindórs Jónssonar.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti götummyndar við Hlíðarstíg þó húsið tilheyrir Skógargötu að nafninu til. Samsvarar sér vel við nærliggjandi hús.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur lítið verið breytt frá upphaflegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:	Miðlungs	Húsið er hluti sérstakrar götummyndar í Kirkjuklauf og hefur varðveislugildi vegna uppruna og umhverfis.
		Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götummynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi: Jón Oddsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Mynd Stefán Pedersen, árið 1968.



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteipt		Steinsteipt		
Útveggir: Múrsléttað		Steniklæðning	Klætt með steniklæðningu, gluggagerð breytt og reykháfur fjarlægður	
Þakgerð: Flatt þak með		Valmaþak		Valmaþak sett í stað flats þaks með tenntum þakbrúnum.
Þakklæðning: Timbur, asfaltþappi og járn		Bárujárn		
Undirstaða: Steinsteipt		Steinsteipt	1985	Reykháfur fjarlægður og þakskegg lagað.
Útlit: Tvílyft		Tvílyft		
	Reykháfur	Útitróppur		
	Útitróppur			

Saga

Húsið Berg er tveggja hæða steinsteipt hús í kastalastíl byggt af Jóni Oddssyni árið 1931. Húsið hefur tekið nokkrum breytingum frá upphaflegri gerð sinni. Nú er komið valmaþak í stað tennta þakbrúna, gluggagerð breytt og húsið verið klætt með steniklæðningu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Var upphaflega í kastalastíl en hefur nú tekið á sig einkenni yngri byggingarstíls.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Íbúðarhús. Hefur ekkert sérstakt menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Stendur bakatil frá Aðalgötu séð og er lítið áberandi í götumyndinni.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Þakgerð, gluggagerð og klæðningu hefur verið breytt sem hefur afgerandi áhrif á ásýnd hússins.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hús í þokkalegu ástandi.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Sigurður B. Magnússon
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Áður en gamli hlutinn brennur - Mynd: Marteinn



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss: Upphafleg: Núverandi:

Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Tvílyft	Tvílyft

Helstu breytingar:

1975 Nýbygging við húsnæði það sem fyrir stóð að Sævarstíg 6.

Hönnuðir breytinga:

Húsnæðisteiknistofan,

Saga

Skorrastaður er steinsteypt hús á tveimur hæðum byggt árið 1976. Áfast við þetta hús stóð eldri bygging sem var byggð árið 1925 en sú bygging brann árið 2004. Sú bygging sem eftir stendur hefur lítið sem ekkert breyst frá upphaflegri gerð sinni.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Tvílyft steinsteypuhús frá seinni hluta 20. aldar.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Íbúðarhús. Hefur ekkert sérstakt menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið stendur stakt á götuhorni, á gatnamótum Freyjugötu og Sævarstígs og vegna slæms ástands hefur það ekki jákvæð áhrif á umhverfið.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er nánast óbreytt.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið er í slæmu ástandi.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið hefur ekki sérstakt varðveislugildi og rýrir ásýnd umhverfis.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Stefán Jóhannesson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið um 1960-70 - Mynd Stefán Pedersen



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	Stigi fjarlægður og gluggi settur í stað hurðar. Skorsteinn fjarlægður.	
Útveggir: Timbur		Steniklæðning	1930 Áfastur geymsluskúr byggður við húsið	
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak		
Þakklæðning: Timbur og asfalt pappi		Bárujárn		
Undirstaða: Steinsteyp		Steinsteyp		
Útlit: Kjallari		Kjallari		
	Reykháfur	Einlyft	Húsið klætt með steniklæðningu og bílskúrshurð sett á skúrinn.	
	Einlyft			

Saga

Stefán Jóhannesson skósmiður reisti þetta timburhús árið 1926 og fékk það nafnið Sælundur. Áfastur bílskúr hefur verið byggður norðan við húsið og húsið sjálft verið klætt með steniklæðningu. Tröppur sem lágu upp á aðalhæð hússins hafa jafnframt verið fjarlægðar og settur þar gluggi í stað hurðar.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Ágætt dæmi um einfalt tvílyft steinsteypuhús frá fyrri hluta 20.aldar.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Íbúðarhús. Hefur ekki sérstakt menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er mikilvægur hluti götummyndar sem er þó ekki heilstæð.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Form hússins og útlit hefur haldið sér og í meginatriðum. Búið er að fjarlægja dyr og tröppur og klæða húsið með steniklæðningu.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í ágætu ástandi.

Varðveislugildi:

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar og umhverfis.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Ingólfur Nikódemusarson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Iðnaður
Núverandi notkun: Íbúð



Björk upp úr 1941. Úr safni Kristjáns C.



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur		
Útveggir:		Timbur		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Rennisúð	Húsið klætt með bárujárni og gluggagerð breytt.	
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft Portbyggt Ris	Einlyft Kvistir Portbyggt Ris		

Saga

Húsið Björk er byggt úr timbri árið 1941 og var upphaflega notað sem trésmíðaverkstæði og hét þá Trésmíðjan Björk. Í dag er húsið notað til íbúðar og hefur tekið þó nokkrum breytingum. Kvistir hafa verið settir í þakflöt og húsið verið klætt, fyrst var það forskalað en síðar klætt með bárujárni. Gluggagerð og -skipan hefur tekið breytingum.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Einfalt portbyggt timburhús. Í upphafi byggt sem iðnaðarhús. Hefur ekki varðveislugildi út frá sjónarmiði byggingarlistar.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Reist sem trésmíðaverkstæði en lengst af verið nýtt sem íbúðarhúsnæði.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti götumyndar sem er þó ekki heilstæð.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur haldið formi sínu en breytingar á gluggagerð- og skipan, klæðning og kvistir hafa breytt útliti þess töluvert.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hús í þokkalegu ástandi og hluti götumyndar.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Ingólfur Nikódemusson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Arnarhvoll um 1980 - Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur	1995 Byggður bílskúr úr steinsteypu og útidyrarhurð sett á austurvegg.	Guðmundur Þór Guðmundsson, Byggingatæknifræðingur
Útveggir:		Múrsléttað	Settar svalir á norðvesturhorn hússins	
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteyp	Steinsteyp	1998 Gluggagerð breytt.	Guðmundur Þór Guðmundsson, Byggingatæknifræðingur
Útlit:	Einlyft Portbyggt Ris Hornsneitt	Einlyft Portbyggt Ris Reykháfur		
Saga	Reykháfur	Svalir		

Húsið Arnarhvoll við Freyjugötu 3 var byggt af Ingólfi Nikódemusarsyni árið 1943. Húsið er portbyggt úr timbri sem var síðan múrhúðað, tveir kvistir vísa í vestur og einn í austur og turnbygging er utan á norðurhlið hússins. Síðar var byggður bílskúr norðan við húsið.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Form hússins er nokkuð sérstakt með sína kvisti, turnbyggingu og útskoti.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Íbúðarhús. Ekkert sérstakt menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti götummyndar sem er þó ekki heilstæð.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Form hússins er nánast óbreytt en það er upprunalega timburhús sem síðar var forskalað. Gluggagerð hefur breyst og bætt við svölum.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í ágætu ástandi.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið hefur varðveislugildi vegna byggingarlistar og umhverfis.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Jón Þorgrímsson og Guðrún frá Lundi
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Teikning Ísaks Árnasonar frá 1958



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur og asbest		Timbur og asbest	2007 Bílskúr sambyggður húsi og byggt ofan á hann ris með kvisti.	Bragi Þór Haraldsson, Byggingatæknifræðingur
Útveggir: Timbur		Timbur	2007 Húsið áður klætt með bárujárni en nú með timburklæðningu.	
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak	1984 Byggð rishæð ofan á íbúðarhús. Kvistur í austur og vestur.	
Þakklæðning: Bárujárn		Mótaðar málmplötur	1958 Húsið stækkað til austurs um 3.2 m og til norðurs um 2m.	Ísak Árnason,
Undirstaða: Steinsteyp		Steinsteyp	1981 Steyptur bílskúr.	Bragi Þór Haraldsson, Byggingatæknifræðingur
Útlit: Einlyft		Einlyft Ris Kvistir Svalir		

Saga

Húsið Malland er byggt árið 1945 af Jóni Þorgrímssyni smiði og konu hans Guðrúnu frá Lundi. Húsinu hefur verið mikið breytt en upphaflega var það lítið timburhús með lágu risi. Það hefur verið bæði lengt og breikkað og bílskúr byggður við hlið þess. Síðar kom viðbygging sem tengdi saman bílskúr og íbúðarhús. Einnig var rishæð með kvistum sett ofan á bæði skúrinn og íbúðarhúsið.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Húsið hefur ekki varðveislugildi út frá sjónarmiði byggingarlistar.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Hér bjó skáldkonan Guðrún frá Lundi.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti götummyndar sem þó er ekki heilstæð.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsinu hefur verið breytt mikið.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hús í þokkalegu ástandi og hluti götummyndar.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Páll Jónsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Mynd frá 1987 úr safni Marteins Steinssonar



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur		
Útveggir:		Bárujárn	Byggður inngönguskúr við austurhlið hússins	
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak en einhalla á	Reykháfur fjarlægður.	
Þakklæðning:	Timbur og pappi	Bárujárn		
Undirstaða:	Hlaðinn og steinlímdur	Hlaðinn og steinlímdur	Klætt með bárujárn.	
Útlit:	Einlyft Kjallari Inngönguskúr (bíslag) Reykháfur	Einlyft Inngönguskúr (bíslag) Kjallari		

Saga

Lítið timburhús við Freyjugötu byggt árið 1922 af Páli Jónssyni og kallast Sólheimar. Húsið hefur tekið litlum breytingum frá upphaflegri gerð nema byggður var lítill inngönguskúr á austurhlið þess og húsið klætt með járnklæðningu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Húsið hefur ekki varðveislugildi út frá sjónarmiði byggingarlistar.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Íbúðarhús. Hefur lítið menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er hluti af óskipulagðri þyrpingu húsa milli Aðalgötu og Strandvegar.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur verið klætt með bárujárn og byggður við það inngönguskúr.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í ágætu ástandi en þarfnast viðhalds.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hús í þökkalegu ástandi.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Ágúst Hreggviðsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Sæland um 1945 - Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypa og timbur	Steinsteypa og timbur	1998 Húsið klætt með steniklæðningu og settur stigi og pallur á vesturhlið.	Guðmundur Þór Guðmundsson, Byggingatæknifræðingur
Útveggir:		Steniklæðning		
Þakgerð:		Valmaþak	1951 Húsið stækkað og byggt ofan á það hæð með lágu risi.	
Þakklæðning:	Timbur, pappi og járn	Bárujárn	1977 Byggð forstofa við húsið austan við.	
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft Ris Reykháfur	Tvílyft Inngönguskúr (bíslag) Útitróppur		

Saga

Húsið Sæland við Freyjugötu 10b var byggt af Ágústi Hreggviðssyni árið 1943. Húsið var til að byrja með ein hæð með hallandi þaki. Á tímabilinu 1943 til 1948 er byggt vestan við húsið, einnig með hallandi þaki, nokkurs konar spegilmynd byggingarinnar sem fyrir var. Húsið var þá orðið ein hæð með lágu risi og var austur helmingur þess úr steinsteypu en vestari mögulega úr timbri og járn. Um miðja síðustu öld var húsið stækkað og byggt ofan á það hæð með lágu risi. Húsið hefur því tekið miklum breytingum frá upphaflegu útliti sínu. Er í dag steniklætt nema inngönguskúr að austan er með timburklæðningu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Húsið hefur ekki varðveislugildi vegna byggingarlistar.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Íbúðarhús. Hefur lítið menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er hluti af óskipulagðri þyrpingu húsa milli Aðalgötu og Strandvegar.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið hefur gjörbreyst.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í ágætu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hús í ágætu ástandi.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Gripahús
Núverandi notkun: Geymsluskúr



Brot úr yfirlitsmynd frá 1928 - Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA - mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteyp		Steinsteyp		
Útveggir:		Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Járn	Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga

Skúrinn við Freyjugötu 10b tilheyrði áður Deild – Aðalgötu 10. Skúrinn var byggður árið 1913 og gegndi þá hlutverki peningshús. Í virðingu frá 1916 er húsið sagt vera í sömu hlutföllum og það er í dag, byggt úr steinsteyp og þakið úr torfi og járn á timbri á árefti. Skúrinn hefur lítið breyst að forminu til þó afstaða hurða og glugga hafi breyst og þakið ekki lengur einangrað með torfi heldur er á því nýlegt bárujárn. Í dag er húsið notað sem geymsla og hefur fengið þokkalegt viðhald á síðustu árum.

Varðveislumat:


Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Skúrinn er á meðal elstu steinsteypu húsum bæjarins.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Vegna aldurs og er gott dæmi um búskaparhætti í þéttbýli.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Rýrir ekki svipmót byggðarinnar en er hluti af illa skipulagðri húsabyrpingu við Aðalgötu / Freyjugötu. (Sjá umfjöllun um Deild).
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Hefur lítið breyst að forminu til en bæði glugga og hurðaskipan er breytt.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsinu hefur verið ágætlega viðhaldið.

Varðveislugildi: Miðlungs Hefur gildi vegna menningarsögu þess.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun:



Teikning hönnuðar frá 1998



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss: **Upphafleg:** **Núverandi:** **Helstu breytingar:** **Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni:
Útveggir:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Undirstaða:
Útlit:

Saga

Steinsteypt hús á tveimur hæðum. Hefur ekki verið breytt frá byggingu. Gegnir hlutverki þjónustuíbúða.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Lítið og stílhreint fjölbýlishús, byggt með notagildi að leiðarljósi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Íbúðarhús. Hefur ekkert sérstakt menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti götummyndar sem þó er ekki heilstæð.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið hefur ekki breyst.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ástandi.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið nýlegt og fellur ágætlega að götummyndinni.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Götummynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi: Guðmundur Guðmundsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Reykjarhóll um 1970-80 - Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteipt		Steinsteipt	1983 Brunastigi á vesturhlið, svalir og dyr á austurhlið. Húsinu breytt í heimavist.	Árni Ragnarsson, Arkitekt
Útveggir: Múrsléttað		Múrsléttað		
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak		
Þakklæðning: Bárújárn		Bárújárn		
Undirstaða: Steinsteipt		Steinsteipt		
Útlit:	Tvílyft	Tvílyft		
	Ris	Ris		
	Svalir	Kvistir		
	Kvistir	Svalir		
Saga	Reykháfur	Reykháfur		

Reykjarhóll (Þýskaland) er steinsteipt hús byggt árið 1936 af Guðmundi Guðmundssyni frá Reykjarhóli í Seyluhreppi. Prestbústaður var á efri hæð hússins um árabíl. Húsið er tvær hæðir með rishæð og þremur kvistum í suður og þremur í norður. Húsið hefur staðið nær óbreytt frá upphafi.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Einfalt steinsteipt hús með einkennum steinsteypuklassík. Sérstæðar skreytingar á húsgöflum sem minna um margt á "Siglfirsku húsgaflanna".
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Íbúðarhús. Prestbústaður. Hefur lítið menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er mikilvægur hluti rýmismyndunar við Kirkjutorg. Samsvarar sér ágætlega við önnur hús við Kirkjutorg.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er nánast óbreytt.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í ágætu ástandi en þarfnast viðhalds.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið hefur varðveislugildi fyrir byggingarstíl og umhverfi.
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Sigurgeir Daníelsson
Hönnuður: Steindór Jónsson

Upphafleg notkun: Íbúð / Verslun
Núverandi notkun: Þjónusta



Húsið um 1935 - Mynd úr safni HSK



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt	1996 Ný þakklæðning og nýir gluggar og hurðir.	Guðmundur Þór Guðmundsson, Byggingafræðingur
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft Ris Reykháfur Svalir	Tvílyft Ris Svalir Kvistir		

Saga

Mikligarður (Rússland) stendur við Kirkjutorg og er steinsteypt hús byggt af Sigurgeiri Daníelssyni árið 1931 sem rak sölubúð á neðri hæð hússins um árabíl. Það var Steindór Jónsson smiður sem teiknaði húsið en Kristján Sigtryggsson og Jósep Stefánsson voru smiðir þess. Húsið er tvær hæðir og port með kvistum upp af útvegg til vesturs og austurs. Húsinu hefur ekki mikið verið breytt frá upprunalegu útliti, nema útihurðum á vesturvegg verið fækkað um eina en þess í stað sett hurð á suðurstaftn (óvíst með ártal). Húsið var í mikilli niðurníðslu um tíma en nú hefur verið skipt um þakjárn og settir nýir gluggar og hurðir. Fyrst var húsinu breytt í gístaðstöðu á jarðhæð árið 1996 en næstu tveimur hæðum var breytt árin 2003 til 2010. Húsið er nú notað sem gistiheimili.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Reisulegt og áberandi steinsteypuhús. Hefðbundinn byggingarstíll síns tíma.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið á sér stað í verslunarsögu bæjarins.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fellur vel að götumynd og umhverfi Kirkjutorgs.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið hefur lítið breyst frá upphafi.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ástandi.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið hefur varðveislugildi fyrir byggingarstíl og umhverfi.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Fyrsti eigandi: Póst og símamálastjórnin
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð / Þjónusta
Núverandi notkun: Íbúð / Þjónusta



Húsið um 1955-1960. Mynd úr safni KCM



Mynd: SFA mars 2018

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteyp	Steinsteyp	Steinsteyp	1968 Einnar hæðar viðbygging með kjallara til suðurs.	Teiknistofan S.F. Ármúla 6, Arkitekt
Útveggir: Múrsléttað	Múrsléttað	Múrsléttað	1989 Rampur og handrið við ramp sett við aðalinngang á vesturhlið.	Jósep Reynis, Arkitekt
Þakgerð: Valmaþak	Valmaþak	Valmaþak	2012 Húsinu breytt í gistirými að hluta til.	Atli Gunnar Arnórsson, Byggingarverkfræðingur
Þakklæðning: Bárújárn	Bárújárn	Bárújárn	1969 Gluggum breytt	L. Gíslason,
Undirstaða: Steinsteyp	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útlit: Tvílyft	Tvílyft	Tvílyft		
	Kjallari	Viðbygging		
	Úttröppur	Kjallari		
	Reykháfur	Úttröppur		
		Svalir		

Saga

Gamla pósthúsið við Kirkjutorg er steinsteyp tveggja hæða hús byggt árið 1952. Að öllum líkindum hannaði húsasmíðameistari ríkisins húsið. Póstur og sími hafði starfsstöð sína í húsinu til fjölda ára og var á því tímabili byggð einnar hæðar viðbygging til suðurs. Húsið hefur ekki tekið miklum breytingum að öðru leiti.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Stórt og reisulegt steinsteypuhús í anda síns tíma.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið var reist sem pósthús og þjónaði þeim tilgangi til fjölda ára en á efri hæð þess var íbúð.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fellur vel að götmynd og umhverfi Kirkjutorgs.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur lítillaga verið breytt en haldið formi sínu. Gluggagerð breytt að hluta og viðbygging í suður.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ástandi.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:	Miðlungs	Húsið er mikilvægur hluti rýmismyndunar við Kirkjutorg.
		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti



HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA

2018